RAÚL SÁENZ

*Mamma innblásturinn að samlokunni góðu*

matur tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



SINDRI MÁR SIGFÚSSON

*Góðir dómar vestanhafs*

Fyrsta plata Sin Fang Bous vekur athygli

FÓLK 28




KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

Meðferð fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum

**Taktu ábyrgð – hringdu strax!**

555 3020

Fyllsta trúnaðar er gætt



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. mars 2009 — 57. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


**FÖSTUDAGUR**



**Starfa þar sem neyðin er mest**

Samband íslenskra kristniboðsfélaga er áttatíu ára.

TÍMAMÓT 20

**Pólitískur og ólöglegur**

„Stjórnarskrárákvæðið um, að embættismenn skuli vera íslenskir ríkisborgarar, var til að tryggja, að þeir gættu íslenskra hagsmuna,“ skrifar Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

Í DAG 18

**Mikil ásókn**

Fimm hundruð manns hafa skráð sig í áheyrnarprufur hjá Selmu Björns í söngleiknum Grease.

FÓLK 34





**Haukar unnu slagsmálin**

Haukar eru áfram með þriggja stiga forskot á toppi N1 deildar karla eftir sigur á Fram.

ÍÞRÓTTIR 30

**VEÐRIÐ Í DAG**




**ÉL NYRÐRA** Í dag verða norðaustan 8-13 m/s norðvestan og vestan til annars hæg breytileg átt. Él norðan til og á Vestfjörðum annars þurrt og skýjað með köflum. Frost víðast 0-8 stig mildast syðst.

VEÐUR 4

# Vill ekki héraðssaksóknara

**Ríkissaksóknari leggst gegn stofnun nýs embættis héraðssaksóknara og segist geta sinnt verkefnum embættisins með minni kostnaði. Nú getur hann ekki starfað eftir lögum og reglum sökum fjárskorts og manneklu.**

**STJÓRNSÝSLA** Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari leggst gegn stofnun nýs embættis héraðssaksóknara, og hefur tjáð dómsmálaráðherra þá skoðun sína bréflega. Hann segir jafnframt að embætti ríkissaksóknara geti ekki framfylgt þeim lögum og reglum sem embættinu er gert að starfa eftir; starfsmönnum hafi ekkert fjölgað í áratug og fjárframlög séu óbreytt þrátt fyrir gríðarlega fjölgun mála.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í bréfi Valtýs til Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra, dagsettu 10. febrúar. Þar kemur fram ósk um að hætt verði við stofnun nýs embættis héraðssaksóknara, en gildistöku laga um það hafði áður verið frestað til næstu áramóta. Ríkissaksóknari bendir á að kostnaður við nýja embættið sé talsverður, minnst 72 milljónir á ári. Sjálfur geti hann mætt markmiðum laganna með mun lægri upphæð; 25 til 30 milljónum króna.



VALTÝR SIGURÐSSON

Valtýr segist glíma við gríðarlega fjölgun mála en að fjárframlög til embættisins séu óbreytt. Því gæti ósamræmis hjá ákærendum milli einstakra umdæma og reglur um málshraða séu brotnar. Bendir hann einnig á að tala starfsmanna sé nánast óbreytt sé litið tíu ár aftur í tímann, og því hafi embætti hans ekki haft tök á að fylgja eftir þeim kröfum sem til embættisins eru gerðar.

Valtýr reifar röksemdarfærslu um stofnun embættis héraðssaksóknara í bréfinu. Eins og staðan er núna geta ríkissaksóknari og lögreglustjórar ákært, og reyndar sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins einnig. Þegar ríkissaksóknari ákveður að ákæra ekki í máli, er ekki hægt að kæra þá ákvörðun. Með nýjum lögum mun héraðssaksóknari taka þessa ákvörðun, en hana má síðan kæra til ríkissaksóknara. Þetta mun gert að danskri og norskri fyrirmynd, en megintilgangur laganna er að tryggja öryggi borgaranna og sporna gegn glæpum.

Undir þetta markmið tekur ríkissaksóknari en reifar að hjá hinum Norðurlandaþjóðunum hafi markvisst verið unnið að uppbyggingu lögreglu og ákæruvalds. Í Noregi haldi ríkissaksóknari utan um stærstu málin og kæruleið vegna ákvarðana hans sé takmörkuð. Því sé spurning hvort réttlætanlegt sé að þrískipta ákæruvaldinu með tilheyrandi kostnaði „til þess eins að búa til kæruleið“, eins og Valtýr kemst að orði.

Ekki náðist í Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra í gær.

- kóþ



**SAMFÉLAGSVERÐLAUN** Sigurjón Ægir Sigurðsson starfsmaður Ásgarðs og Heimir Þór Tryggvason forstöðumaður tóku við Samfélagsverðlaunum Fréttablaðsins úr hendi forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins voru veitt í fjórða sinn í gær:

# Ásgarður hlaut Samfélagsverðlaun

**FJÖLMIÐLAR** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti í gær Ásgarði handverkstæði Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Verðlaunaféð nemur einni milljón króna.

Verðlaunin voru veitt við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Þau eru sem fyrr veitt í fjórum flokkum auk heiðursverðlauna sem að þessu sinni féllu í skaut Jóhönnu Kristjónsdóttur blaðamanns og rithöfundar.

Bergdís Jónsdóttir snyrtifræðingur er Hvunndagshetja ársins 2009 en hún mætir einn dag í viku í Dagsetur Hjálpræðishersins til að þvo og snyrta fætur gesta þar.

Vinningshafi í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar er Norðlingaskóli en þar hefur verið bryddað upp á marvíslegum nýjungum í skólastarfi.

Rauði krossinn á Akranesi hlaut verðlaun í flokknum Til atlögu gegn fordómum fyrir þátt sinn í góðri aðlögun palestínskra flóttakvenna sem komu á Akranes í september síðastliðnum.

- st / sjá síðu 6

Mary krónprinsessa Dana:

## Í íslenskum fötum í skíðaferð

**FÓLK** „Það er alls ekki leiðinlegt að fá að klæða prinsessu,“ segir Elva Rósa Skúladóttir, yfirhönnuður hjá Cintamani-fatamerkinu. Danska krónprinsessan Mary Donaldson klæddist útivistarfatnaði frá fyrirtækinu í skíðaferð fjölskyldunnar í svissnesku Ölpunum á dögunum. Dönsku blöðin Se & Hør og Billed Bladet birta myndir úr ferðalaginu í nýjustu tölublöðum sínum.



ELVA RÓSA SKÚLADÓTTIR

Elva Rósa telur að þetta gæti vakið athygli á fatnaði Cintamani því Mary sé bæði afar vinsæl og mikið sé fylgst með því hverju hún klæðist.

- hdm / sjá síðu 34


Tæki færi í mars

Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000

www.sminor.is








Súrmjólk á tilboði!

Ávaxta- og karamellu-súrmjólk á tilboði í mars.



## SPURNING DAGSINS



*Sindri, áttu von á fullu húsi á næsta mót?*

„Það verður að minnsta kosti röð.“

Sindri Lúðvíksson stóð fyrir pókermóti árið 2007 sem lögreglan stöðvaði. Nú hefur verið ákveðið að hann skuli ekki ákærður.

Mikið lið lögreglu í Hlíðum:

## Hníf beitt í hópslagsmálum

**LÖGREGLUMÁL** Hníf var kastað í átt að manni í átökum sem brutust út á milli tveggja hópa ungmenna í Lönguhlíð á ellefta tímanum í gærkvöldi. Sá sem kastað var að fékk hnífinn í bakið en meiddist ekki. Sjónarvottar sögðu að barefli hefði einnig sést á lofti.

Mikið lið lögreglu kom á vettvang og mátti telja minnst fimm lögreglubíla og einn sjúkrabíl á staðnum. Talið er að á þriðja tug ungmenna hafi verið saman komin við verslun Bónusvídeós þegar tveimur hópum ungmenna laust illa saman. Enginn slasaðist og enginn hafði verið handtekinn þegar Fréttablaðið fór í prentun. - sh



**Á VETTVANGI** Lögregla fann í gærkvöldi hnífinn sem beitt var í átökunum, en hann var með löngu blaði og hefði getað valdið miklum skaða. Tveimur hópum ungmenna laust saman á svipuðum stað fyrir skemmstu. Annar hópanna var aftur að verki í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Leit að seðlabankastjórum:

## Störf bankastjóra auglýst

**STJÓRNSÝSLA Forsætisráðuneytið hefur auglýst störf bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Seðlabanka Íslands laus til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 31. mars og gert er ráð fyrir að ráðið verði í starfið í maí næstkomandi. Umsóknum skal skila í forsætisráðuneytið.**

**Fram kemur í tilkynningu frá ráðuneytinu að nefnd verði skipuð í samræmi við ný lög um Seðlabankann til að meta hæfni umsækjenda um stöðurnar.**

**Svein Harald Øygard var skipaður seðlabankastjóri tímabundið í síðustu viku og Arnór Sighvatsson aðstoðarbankastjóri.** - sh

Samið um Glitni í Lúxemborg:

## Fá dótturfélagið í sínar hendur

**VIÐSKIPTI Samkomulag er svo gott sem í höfn á milli skilanefndar gamla Glitnis og seðlabanka Lúxemborgar um málefni dótturfélags Glitnis þar í landi. Samkvæmt Erlu S. Árnadóttur í skilanefndinni felur samkomulagið í sér að skilanefndin fái fulla heimild til að fara með eignir dótturfélagsins.**

**Glitnir í Lúxemborg fór í greiðslustöðvun í október og hefur síðan lotið stjórn nefndar sem fjármálaeftirlitið ytra skipaði. Skilanefnd gamla Glitnis hefur hvorki haft aðgang að eignum né gögnum frá félaginu.**

**„Þetta er mjög góð niðurstaða fyrir alla sem eiga hlut að máli,“ segir Heimir Haraldsson í skilanefnd gamla Glitnis. Tilkynningar er að vænta um málið í dag.** - sh

Mikill fjöldi leitaði Aldísar:

## Leitin engan árangur borið

**LÖGREGLUMÁL** Um hundrað manna lið lögreglu og björgunarsveitarmanna leitaði Aldísar Westergren í nágrenni Reynisvatns í gær. Leitin bar engan árangur, að sögn varðstjóra lögreglu. Engin ummerki fundust.



ALDÍS WESTERGREN

Aldís hvarf sporlaust af heimili sínu á þriðjudaginn í síðustu viku. Talið er að síðast hafi sést til hennar í Grafarholti á þriðjudaginn. Lögregla stendur ráðþrota frammi fyrir hvarfinu. Engar haldbærar vísbendingar hafa borist og umfangsmikil leit engu skilað.

Leitinni verður líkast til haldið áfram á næstu dögum. - sh

# Framleiðsla á áli dregst enn saman

**Heimsframleiðsla á áli hefur enn dregist saman og því er spáð að ál muni eiga erfitt uppdráttar. Kínversk stjórnvöld hyggja á stuðning við þarlenda álframleiðendur. Century Aluminium dró enn frekar úr framleiðslu í vikunni.**

**STÓRIÐJA** Álverð lækkaði um 13 prósent frá áramótum og fram til síðustu mánaðamóta, en hefur hækkað lítillega síðan. Ál er sú hrávara sem mest hefur lækkað á þessu ári og einnig á því síðasta. Birgðir hafa hrúgast upp og hafa fyrirtæki dregið úr framleiðslu.

Kínversk stjórnvöld hafa hamstrað ál, en Kína er stærsti álframleiðandi í heimi, með um 34 prósent af heimsframleiðslu. Þar í landi íhuga menn að setja 5 prósent innflutningstolla á ál með það fyrir augum að hvetja kínversk fyrirtæki til að nota innlenda framleiðslu. Óttast er að það dragi enn frekar úr eftirspurn eftir áli á heimsmarkaði.

Álverð fór niður undir 1.200 dollara á tonnið í febrúar, en hefur hækkað upp undir 1.300 dollara í mars. Um mitt ár 2008 fór álverð í tæplega 3.400 dollara á tonnið. Kínversk stjórnvöld borga yfirverð fyrir innlent ál og hafa verið að greiða um 1.800 dollara á tonnið fyrir innlenda framleiðslu. Þannig niðurgreiðir stærsti álframleiðandi heims í raun framleiðslu sína. Fyrirtækið IFS ráðgjöf spáir því að ál muni eiga mjög erfitt uppdráttar á næstunni.

Álrisinn Century Aluminium tilkynnti á þriðjudag að dregið yrði úr framleiðslu álvers í Kentucky, vegna slæms ástands á heimsmörkuðum. Álverið þar framleiðir 250 þúsund tonn árlega í fimm kerskálum og verður einum þeirra lokað og framleiðsla dregin saman um fimmtung. Segja þarf upp 120 manns vegna lokunarinnar.



**ÁLVER** Heimsframleiðsla á áli hefur dregist mikið saman undanfarið enda er álverð í lægstu lægðum og hefur lækkað um 13 prósent frá áramótum. Myndin er úr álverinu í Straumsvík. MYND/EIRÍKUR KRISTÓFERSSON

Century Aluminium er eigandi álvers Norðuráls við Grundartanga og hyggur á byggingu álvers í Helguvík, en gert er ráð fyrir að það verði 250 þúsund tonn einnig. Nokkur titringur hefur verið innan ríkisstjórnarinnar vegna þeirrar framkvæmdar, Samfylkingin hefur verið fylgjandi henni, en hinn stjórnarflokkurinn, Vinstri græn, á móti.

Fyrirtækið tilkynnti nýverið um slæma afkomu á fjórða ársfjórðungi ársins 2008. Tap fyrirtækisins nam 700,2 milljónum dollara, tæpum 80 milljörðum íslenskra króna. Logan W. Kruger, forstjóri félagsins, segir þó að ekki sé fallið frá áformum í Helguvík og litið sé á það sem góðan fjárfestingarkost. „Við erum að endurskoða verkefnið frá grunni og kanna fjáröflunarkosti.“

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu greindi Alcoa, sem er með álver á Reyðarfirði, frá því í lok síðasta árs að dregið yrði úr framleiðslu fyrirtækisins um 350 þúsund tonn. Ónýtt framleiðslugeta er um ein milljón tonn eftir samdráttinn. kolbeinn@frettabladid.is



**MÓTMÆLI Í KARACHI** Pakistanar mótmæla árás á íþróttalið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogi stjórnarandstöðu:

## Segir öryggiskerfið hrunið

**PAKISTAN, AP** Mushahid Hussain, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Pakistan, segir árásina á krikketlandslið frá Sri Lanka í vikunni sýna að öryggiskerfi landsins sé hrunið.

Stjórnin sé of upptekin við að halda völdum til þess að geta sinnt öryggismálum. Chris Broad, sem var í hópi íþróttamanna, segir lögregluna ekki hafa verið til taks þegar ráðist var á hópinn. Lögreglan í Pakistan vísar þessum fullyrðingum á bug. - gb

Ríkisskattstjóri um skuldir:

## Niðurfelling skattskyld

**SKATTAMÁL Í áliti sem Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri sendir frá sér eftir helgi er skorið úr um að eftirgjöf skulda þeirra sem stunda atvinnurekstur beri ætíð að telja til tekna í rekstrinum. Síðustu daga hefur nokkuð verið fjallað um niðurfellingu skulda fyrirtækja, sem sett eru í svokallað söluferli hjá ríkisbönkunum.**

**Skattasérfræðingur sagði í blaðinu í gær að af slíkri niðurfellingu þyrfti að gjalda fimmtán prósent til skattsins. Þetta staðfestir ríkisskattstjóri með álitinu. Hins vegar ber að hafa í huga að fyrirtækin geta yfirleitt fært mikið tap á móti, tekjunum til frádráttar.** - kóþ




Fá bætur frá ríkinu fyrir ólögmæta handtöku og niðurlægjandi líkamsleit:

## Lögregla braut gegn þremur piltum

**DÓMSMÁL** Lögreglumenn brutu lög þegar þrír saklausir nítján ára piltar voru handteknir á harkalegan hátt af vopnaðri sérsveit í júlí árið 2007, færðir á lögreglustöð og berstrípaðir. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi íslenska ríkið í gær til að greiða piltunum 200 þúsund krónur hverjum í bætur.

Umrætt júlíkvöld hafði lögreglu borist tilkynning um hvell sem hljómaði eins og skothvellur úr haglabyssu. Í kjölfarið stöðvuðu vopnaðir lögreglumenn bíl í nágrenninu sem í voru piltarnir þrír. Lögregla miðaði skammbyssum á drengina, lét þá leggjast flata og illa klædda í blautan vegkant og handjárnaði þá fyrir aftan bak. Þeir voru síðan fluttir á lögreglustöð þar sem tveir þeirra voru berháttaðir og líkamsleit gerð. Öðrum þeirra var sérstaklega gert að beygja sig fram á meðan.

### ÁSTÆÐA HANDTÖKUNNAR



Lögregla var á leið á vettvang þegar hún fékk tilkynningu um að þrír menn hefðu sest upp í bíl sem væri á leið á móti þeim og að einn þeirra kynni að vera viðriðinn málið. Á þeim grundvelli var ákveðið að handtaka piltana með vopnavaldi. Hins vegar kemur fram í dómi að grunur hafi leikið á að um heimilisofbeldismál væri að ræða og þykir lögmanni piltanna undarlegt í því ljósi að grunur lögreglu hafi beinst að þremur piltum um tvítugt.

Lögregla bar að aðgerðin hefði verið eðlileg í ljósi grunsemda um refsiverða háttsemi. Á það fellst héraðsdómur ekki, heldur segir ekki hafa verið tilefni til að beita piltana slíku harðræði og meðalhófs hafi ekki verið gætt. Þá segir að líkamsleitin hafi verið óþörf með öllu, hvað þá að berhátta þá, sem hafi verið „óþarflega særandi“ og „niðurlægjandi“ að mati dómsins.

Kristín Edwald, lögmaður piltanna, er ánægð með niðurstöðuna. „Þessi dómur hlýtur að kalla á að lögregla endurskoði verklagið hjá sér,“ segir hún enn fremur. - sh


N1
Sparaðu
meira í
leiðinni
Aðeins
4 DAGAR
til stefnu
tilboðinu lýkur
8. mars
Þú sparar bæði meira og víðar með N1
Þú færð betri kjör út mars 2010
-5 kr. af eldsneyti
-15% af viðgerðum, smur- og hjólbarðaþjónustu
-15% af vörum, m.a. af stærsta varahlutalager landsins
Betri kjör á meira en 100 stöðum á landinu
Safnkortspunktar jafngilda krónum hjá N1
Sæktu um núna á n1.is
Viðskiptakort
N1
1 punktur = 1 króna
Safnkortspunktar eru jafngildur gjaldmiðill og krónur, í öllum viðskiptum hjá N1. Með tímabundnum tilboðum á þjónustustöðvum er hægt að margfalda gildi punktanna.
SÍMI 440 1000
WWW.N1.IS
Meiri sparnaður í leiðinni

## GENGIÐ 05.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,64 | 113,18 |
| Sterlingspund | 159,26 | 160,04 |
| Evra | 141,54 | 142,34 |
| Dönsk króna | 18,995 | 19,107 |
| Norsk króna | 15,878 | 15,972 |
| Sænsk króna | 12,37 | 12,442 |
| Japanskt jen | 1,1323 | 1,1389 |
| SDR | 164,38 | 165,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

174,8641

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Gripið til hertra öryggisráðstafana vegna fyrirhugaðrar komu Vítisengla til Íslands:

# Fáfnisteiti ógnar þjóðaröryggi

**LÖGREGLUMÁL** Dómsmálaráðherra hefur ákveðið að taka upp tímabundið landamæraeftirlit í Leifsstöð um helgina í tilefni af fyrirhugaðri komu hóps Vítisengla til Íslands. Englarnir hyggjast sækja opnun nýs klúbbhúss vélhjólaklúbbsins Fáfnis í Hafnarfirði.

Í tilkynningu ráðherra segir að eftirlitið muni „sérstaklega koma í veg fyrir væntanlega komu ákveðins hættulegs hóps“, sem þó er hvergi nefndur í tilkynningu ráðherra. Til aðgerðanna sé gripið „í tilefni sérstakrar ógnunar gegn allsherjarreglu og þjóðaröryggi“.

Tveimur Vítisenglum var vísað til síns heima við komuna til Íslands þegar á miðvikudag. Fáfnir er opinber áhangendaklúbbur Vítisengla, sem eru skilgreindir sem alþjóðleg glæpasamtök. Þeir hafa stefnt að því leynt og ljóst undanfarin ár að verða fullgildir meðlimir Vítisengla.

Hafnarfjarðarbær sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kemur að hvorki bæjaryfirvöld né lögregla hafi veitt leyfi fyrir starfsemi Fáfnis í hinu nýja klúbbhúsi, ólíkt því sem talsmaður Fáfnis hélt fram í fréttum Stöðvar 2 í fyrrakvöld.

Húsið sé iðnaðarhúsnæði og ekki verði veitt leyfi fyrir annars konar starfsemi þar. **- sh**



**GAMLA KLÚBBHÚSIÐ** Fáfnisliðar héldu áður til í þessum húsum við Frakkastíg en hafa nú flutt sig í Hafnarfjörðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Rannsóknarnefnd Alþingis:

# Vill lista yfir starfsfólk 365

**FJÖLMIÐLAR** Rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið hefur óskað eftir að fá lista yfir þá sem hafa starfað sem stjórnarmenn í 365 frá 2004 til 2008. Einnig yfir forstjóra félagsins og yfirmenn, ritstjóra og fréttastjóra Stöðvar 2, Bylgjunnar, Fréttablaðsins, Vísis og Markaðarins.

Þá vill nefndin fá nöfn starfsmanna sem hafa haft dagskrárgerð eða fréttaskrif á sinni könnu um efnahagsmál, viðskiptalífið, fjármál og starfsemi banka og bankastofnana. Þetta er gert til að sjá hvort hagsmunatengsl hafi hugsanlega haft áhrif á umfjöllun fjölmiðlanna. **- kóþ**

# Ákvæði um þjóðaratkvæði í stjórnarskrá

**Fimmtán prósent kjósenda geta krafist þess að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu, samkvæmt frumvarpi um breytingar á stjórnarskránni. Í því er einnig kveðið á um að náttúruauðlindir verði þjóðareign. 41 á að sitja stjórnlagaþing.**

**ALÞINGI** Fjórar greinar eru í nýju frumvarpi forystumanna fjögurra stjórnmálaflokka um breytingar á stjórnarskrá lýðveldisins.

Í þeirri fyrstu er kveðið á um að náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti séu þjóðareign. Í annarri greininni er fjallað um hvernig breyta má stjórnarskránni í framtíðinni. Í þeirri þriðju er kveðið á um þjóðaratkvæðagreiðslur og fjórða greinin tekur til stjórnlagaþings sem koma skal saman eigi síðar en 1. desember á þessu ári.

Flutningsmenn eru forystumenn allra flokka sem sæti eiga á Alþingi utan Sjálfstæðisflokks.

Í greinargerð segir að ekki hafi orðið af heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar um langt skeið þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir en ákveðnum hlutum hennar hafi verið breytt í veigamiklum atriðum. Í kjölfar bankahrunsins hafi verið kallað eftir endurskoðun ýmissa grundvallarreglna íslenska stjórnskipulagsins og við því sé brugðist með því að stofna til sérstaks stjórnlagaþings með þjóðkjörnum fulltrúum.

Í greinargerðinni segir jafnframt að frumvarpið sé í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og VG og að ráðgjafarhópur undir forystu Bjargar Thorarensen lagaprófessors hafi unnið tillögur um breytingar á stjórnarskránni og verkefni stjórnlagaþings.

Frá lýðveldisstofnun hefur stjórnarskránni verið breytt sex sinnum. **bjorn@frettabladid.is**



**FYRSTA STJÓRNARSKRÁIN** Íslendingar fengu stjórnarskrá frá Kristjáni konungi IX 1874. Sumt stendur enn lítið breytt í stjórnarskránni, sérstaklega ákvæði í öðrum kafla hennar sem fjallar um framkvæmdavaldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FJÓRÞÆTT BREYTING Á STJÓRNARSKRÁNNI

Náttúruauðlindir sem ekki eru háðar einkaeignarrétti eru þjóðareign, samkvæmt frumvarpinu. Í því segir að allar náttúruauðlindir beri að nýta á sem hagkvæmastan hátt á grundvelli sjálfbærrar þróunar til hagsældar fyrir þjóðina og komandi kynslóðir. Náttúruauðlindir í þjóðareign megi ekki selja eða láta varanlega af hendi.

Breyta má stjórnarskránni með þjóðaratkvæðagreiðslu. Skal hún fara fram eftir að Alþingi hefur samþykkt frumvarp um breytinguna.

Ef fimmtán prósent kjósenda krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekin lög eða málefni sem varða almannahag skal Alþingi efna til slíkrar atkvæðagreiðslu. Á hún að fara fram innan þriggja mánaða frá því að staðfest krafa þar um liggur fyrir. Niðurstaðan er bindandi. Ekki verður hægt að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu um fjárlög, fjáraukalög, lög um skattamálefni og lög sem sett eru til að framfylgja þjóðréttarskuldbindingum. Nánari reglur um málsmeðferð verða bundnar í sérstökum lögum.

Stjórnlagaþing, sem endurskoða á stjórnarskrána, á að koma saman eigi síðar en 1. desember og ljúka störfum eigi síðar en 17. júní 2011. Það skal skipað 41 þjóðkjörnum fulltrúa en mæla á fyrir um kjörgengi og kosningu í sérstökum lögum. Alþingi á að fjalla um og síðar samþykkja frumvarp stjórnlagaþings um nýja stjórnarskrá. Á endanum verður það sent þjóðinni til samþykktar eða synjunar.



**TRÚÐALÆTI** Að sögn formanns samtaka sirkuseigenda í Bretlandi er fátt um atvinnulausa trúða. NORDICPHOTOS/AFP

Breskir sirkuseigendur:

# Skortur á trúðum í Bretlandi

**BRETLAND** Alvarlegur skortur á innfæddum trúðum og loftfimleikafólki ríkir í Bretlandi, ef marka má orð Malcolms Clay, formanns samtaka sirkuseigenda í þar í landi. Clay hefur sent skýrslu þess efnis til innanríkismálanefndar breska þingsins.

Í skýrslunni kemur fram að vegna skortsins neyðist sirkuseigendur til að ráða fólk frá Kína og Austur-Evrópu til starfa. Nýtt kerfi varðandi vinnuleyfi í Bretlandi, sem tekið verður í notkun í næsta mánuði, gæti hamlað því að fólk frá þessum löndum fengist í störfin. „Breskir sirkusstarfsmenn arfleiða ekki lengur yngri kynslóðir að hæfileikum sínum, heldur taka þá með sér í gröfina,“ segir Clay. **- kg**

## LEIÐRÉTTING

Gísli Marteinn Baldursson er í fríi frá störfum sem borgarfulltrúi í Reykjavík á meðan hann stundar nám í Edinborg en ekki í námi með starfi eins og ranglega var haldið fram í Fréttablaðinu 26. febrúar.

Ákært fyrir þrjár árásir:

# Beðinn um að missa minnið

**DÓMSMÁL Aðalmeðferð fór fram í gær í máli gegn Benjamín Þór Þorgrímssyni, sem ákærður er fyrir þrjár líkamsárásir. Ein árásin, á athafnamanninn Ragnar Magnússon, vakti töluverða athygli, en hún átti sér stað undir eftirliti myndavéla sjónvarpsþáttarins Kompáss. Ragnar sagðist fyrir dómi hafa verið beðinn um að bera við minnisleysi í réttarsal ella hljóta verra af.**

**Benjamín er einnig ákærður fyrir árás á viðskiptafélaga sinn á Hótel Nordica, og árás á ógæfumann. Sá var nýkominn úr misheppnaðri ránstilraun á snyrtistofu þegar Benjamín réðst á hann. Benjamín neitar öllu.** **- sh**

Dómur í deilum frjálslyndra:

# Margrét fái ein mánaðarlaun

**DÓMSMÁL** Frjálsyndi flokkurinn var í gær í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmdur til að borga Margréti Sverrisdóttur 614 þúsund krónur. Margrét var framkvæmdastjóri flokksins þegar Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, sagði henni upp í lok nóvember 2006 því Margrét vildi leiða framboðslista á vegum flokksins í Alþingiskosningum vorið 2007. Margrét taldi sig eiga rétt á launum í uppsagnarfresti sem næði til febrúar, mars og apríl 2007 og vildi fá rúmar 1,8 milljónir króna. Héraðsdómur taldi hana hins vegar aðeins eiga inni laun fyrir febrúar. Þá var Frjálslyndi flokkurinn dæmdur til að greiða Margréti 600 þúsund krónur í málskostnað. **- gar**



**MARGRÉT SVERRISDÓTTIR**






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGARHORFUR**

Á morgun verður stíf norðaustan átt á landinu norðvestan- og vestanverðu annars yfirleitt hæg breytileg átt. Snjókoma verður á Vestfjörðum annars él á víð og dreif um landið og fremur skýjað. Á sunnudag verður ákveðin norðanátt um allt land, sýnu hvössust norðvestan og vestan til. Úrkomulítið austan og suðaustan til annars él.



**Á MORGUN**
10-15 m/s norðvestan til annars hæg breytileg átt

**SUNNUDAGUR**
10-18 m/s hvassast norðvestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Amsterdam | 8° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 5° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 5° |
| Kaupmannahöfn | 5° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 9° |
| New York | 11° |
| Orlando | 24° |
| Osló | 2° |
| París | 8° |
| Róm | 14° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



# Danskir dagar



ÞREFÖLD ENDURGREIÐSLA!
e KORTIN
ekortin.is

SVÍNASÍÐA RIBBENSTEG
699 kr/kg.
Verð áður 998.-



40% afsláttur við kassa
1.379 kr/kg
Merkt verð 2.298.-

**Reyktar svínakótilettur**
með beini



899 kr/kg
Verð áður 1.898.-

**Hamborgarhryggur**
með beini



20% afsláttur við kassa
1.599 kr/kg
Merkt verð 1.998.-

**Fyllt svínalund**
með dönskum gráðosti



40% afsláttur við kassa
599 kr/kg
Merkt verð 998.-

**Danskur sveitakjúklingur**




Direkte fra Danmark
449 kr/pk.
GOTT VERÐ

**3 stjerne spægipylsa**
þessi eina sanna




Nyheder på danske dage

**Dan Cake gulrótarkaka og súkkulaðikaka**




ÓDÝRT Í HAGKAUP

**Merrild kaffi**



20% afsláttur við kassa

**Vínarbrauð og eplakaka**




Direkte fra Danmark

**Saltum appelsín og Jolly cola**




Direkte fra Danmark

**Samba súkkulaðibollur**
2 tegundir

24 Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**KJÖRKASSINN**



*Vilt þú vinstri stjórn eftir kosningar?*

| | |
|---|---|
| Já | 41% |
| Nei | 59% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú misst vinnu eða starfshlutfall þitt verið skert nýlega?*

Segðu skoðun þína á visir.is.

vísir

Fyrrverandi borgarstjóri spyr um hagsmuni framsóknarmanna á Höfðatorgi:

# Ítök Óskars og Björns Inga verði ljós

**BORGARSTJÓRN** „Hver var aðkoma þáverandi borgarfulltrúa og varaborgarfulltrúa Framsóknarflokksins, þeirra Björns Inga Hrafnssonar og Óskars Bergssonar, að þessum málum?“ segir í fyrirspurn Ólafs F. Magnússonar í borgarstjórn um gerð leigusamninga og ákvarðana um byggingarmagn á Höfðatorgsreit.

Ólafur kveðst fyrst hafa lagt fram fyrirspurn um Höfðatorgsmálið á borgarráðsfundi á fimmtudaginn í síðustu viku en að Óskar Bergsson, formaður borgarráðs, hafi neitað að færa fyrirspurnina til bókar. Fyrirspurnin varði ákvarðanir um aukið byggingarmagn og skuldbindandi leigusamning borgarinnar á Höfðatorgsreit.



**ÓLAFUR F. OG BJÖRN INGI** Ólafur F. Magnússon vill nú vita um áhrif Björns Inga Hrafnssonar á Höfðatorgi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Hvenær var tekin ákvörðun um skuldbindandi leigusamning fyrir milljarða króna og aukið byggingarmagn á Höfðatorgsreit?“ spyr Ólafur sem vill upplýsingar um aðkomu Björns Inga og Óskars að málinu. „Í hvaða ráðum og nefndum borgarinnar sátu þessir sömu kjörnu fulltrúar Framsóknarflokks á fyrra valdatímabili Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks í borginni og hvaða stöðu sköpuðu þessar nefndasetur fyrir fulltrúa Framsóknarflokksins til að hafa áhrif á framgang þessa dýra leigusamnings, sem og að hafa áhrif á aukið byggingarmagn á Höfðatorgi?“ segir í fyrirspurn borgarfulltrúa F-listans. **- gar**

Sjálfstæðisflokkurinn stærstur:

# 41 prósent ungs fólks styður VG

**KÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn mælist með mest fylgi allra flokka, 29 prósent, í nýrri könnun Capacent Gallup. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gær. Flokkurinn bætir við sig þremur prósentustigum frá síðustu könnun. Samfylkingin tapar hins vegar þremur og hálfu prósentustigi og mælist með 27,5 prósent.**

**Vinstri græn eru með um 26 prósent, en eru langvinsælasti flokkurinn meðal kjósenda undir þrítugu með 41 prósents fylgi.**

**Framsóknarflokkurinn fær 12,6 prósenta stuðning. Aðrir flokkar fengju ekki þingmann samkvæmt könnuninni. - sh**


# 20% MEIRA MAGN





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

ostur.is

NÝJAR OG HANDHÆGARI UMBÚÐIR




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**ÚTNEFND** 25 einstaklingar og samtök voru heiðruð á Samfélagsverðlaunahátíð Fréttablaðsins í gær.

# Ásgarður hlaut Samfélagsverðlaun

**Tuttugu og fimm einstaklingar og samtök voru heiðruð á Samfélagsverðlaunahátíð Fréttablaðsins í gær. Fimm hlutu verðlaun og forseti Íslands afhenti fulltrúum Ásgarðs handverkstæðis Samfélagsverðlaunin, eina milljón króna.**

**FJÖLMIÐLAR** Gleði ríkti í Þjóðmenningarhúsinu síðdegis í gær á Samfélagsverðlaunahátíð Fréttablaðsins. Á annað hundrað manns voru þar samankomin til að gleðjast með þeim 25 einstaklingum og samtökum sem útnefnd voru í fjórum flokkum Samfélagsverðlaunanna.

Fimm voru verðlaunaðir, einn í hverjum flokki, auk heiðursverðlaunahafans Jóhönnu Kristjónsdóttur sem heiðruð var fyrir hjálparstarf sitt í Jemen og kynningu á menningu Mið-Austurlanda hér heima.

Ásgarður – handverkstæði hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins. Fulltrúar Ásgarðs tóku við verðlaununum úr hendi forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar. Samfélagsverðlaunin nema einni milljón króna. Ásgarður er verndaður vinnustaður fyrir fólk með þroskahömlun.

Hvunndagshetja ársins er Bergdís Jónsdóttir sem hálfan dag í viku lokar snyrtistofu sinni og þvær og snyrtir fætur fastagesta Hjálpræðishersins. Verðlaun í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar hlaut Norðlingaskóli fyrir nýbreytni í skólastarfi. Rauði krossinn á Akranesi hlaut verðlaun í flokknum Til atlögu gegn fordómum.

Markmið Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins er að vekja athygli á broti af því kærleiksríka starfi sem unnið er víðs vegar í íslensku samfélagi. **steinunn@frettabladid.is**

## ÚTNEFNDIR TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA

**HVUNNDAGSHETJAN**
*Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.*

**Anna Marta Ásgeirsdóttir og Ingólfur Örn Guðmundsson**
*frumkvöðlar ísbjarnarins Hrings*

**Bergdís Jónsdóttir**
*hirðir um fætur heimilislausra*

**Guðrún Arndís Tryggvadóttir**
*heldur úti umhverfisvefnum natturan.is*

**Gunnar og Kristján Jónssynir**
*kaupmenn af gamla skólanum*

**Sigríður Valdís Bergvinsdóttir**
*hóf íslensku kartöfluna til vegs og virðingar*

**FRÁ KYNSLÓÐ TIL KYNSLÓÐAR**
*Eftirtektarvert starf í þágu menntunar, uppfræðslu eða umönnunar þeirrar kynslóðar sem er að vaxa úr grasi, jafnt einstaklingar sem samtök eða stofnanir.*

**Gylfi Jón Gylfason**
*vel heppnuð uppeldisnámskeið í Reykjanesbæ*

**KFUM og KFUK**
*110 ára starf með börnum og unglingum*

**Norðlingaskóli**
*margháttuð nýbreytni í skólastarfi*

**Ólafur Beinteinn Ólafsson**
*viðamikið nýsköpunarstarf í tónlistarkennslu*

**Svanhildur Sif Haraldsdóttir**
*metnaðarfullt sumarbúðastarf í Ævintýralandi*

**TIL ATLÖGU GEGN FORDÓMUM**
*Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu*

**Alþjóðahús í Breiðholti**
*fjölmenningarstarf sem byggist á hverfistengdum verkefnum*

**Dagur Steinn Elfu Ómarsson, Elvar Sveinn Jóhannsson, Gunnar Darri Kjærnested, Jóhann Haukur Arnarson, Jón Gylfi Sigfússon**
*einlæg vinátta fimm drengja*

**Rauði krossinn á Akranesi**
*aðlögun palestínskra flóttakvenna*

**Sigrún Daníelsdóttir**
*heilsa óháð holdafari*

**Styrmir Barkarson**
*fræðslustarf gegn fordómum*

**SAMFÉLAGSVERÐLAUN**
*Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.*

**Ásgarður handverkstæði**
*uppbyggilegt starf með fólki með þroskahömlun*

**Ekron**
*uppbygging og þjálfun einstaklinga eftir áfengis- og vímuefnameðferð*

**Höndin**
*liðsinni við fólk sem orðið hefur fyrir áföllum*

**Ljósið**
*nærandi endurhæfing fyrir krabbameinssjúklinga*

**Vinir Indlands**
*hjálparstarf á Indlandi*

**HEIÐURSVERÐLAUN**
*Veitt fyrir ævistarf, einstaklingi sem hefur helgað líf sitt því verkefni að bæta samfélagið.*

**Jóhanna Kristjónsdóttir**
*kynning á menningu Mið-Austurlanda ásamt hjálparstarfi í Jemen*




# Sigríður Arnardóttir

**5.-6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík**

Verið velkomin á borgarafund með nýjum frambjóðendum sem haldinn verður í hádeginu, föstudaginn 6. mars kl. 12:00 á Skólabrú við Dómkirkjuna.

Kosningagleði Sirrýjar stendur síðan frá kl. 20–22 á Skólabrú.

Sigríður er félags- og fjölmiðlafræðingur með góð tengsl við fólkið í landinu. Sirrý stendur vörð um velferðina.

sigridurarnardottir.is

Samfylkingin

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki




X-tra ódýrt
MARÍUKEX 600g
199 kr/pk.
HUNANG 450g
359 kr/ds.
FERSKJUR 820g
159 kr/ds.
PASTASÓSA M/BASIL 690g
233 kr/ds.
TÓMATSÓSA 1kg
159 kr/fl.
PASTASKRÚFUR 500g
129 kr/pk.
TÓMATAR Í DÓS 400g
59 kr/ds.
HLAUP 500g
199 kr/pk.
HAFRAKEX 400g
129 kr/pk.
REYKT EÐA SALTAÐ FOLALDAKJÖT
492 kr/kg
768 kr/kg
GOÐI
36% afsláttur
BLANDAÐ HAKK
GOÐI
499 kr/kg
748 kr/kg
33% afsláttur
Ný verslun í Hverafold
FERSKUR KJÚKLINGUR 1/1
525 kr/kg
875 kr/kg
40% afsláttur
TOPPUR M/SÍTRÓNU 2l
95 kr/stk.
TILBOÐIN GILDA 5. - 8. MARS
www.netto.is
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík
netto
- ódýrt fyrir heimilið
www.markhonnun.is
Birt með fyrirvara um prentvillur.

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hver gaf nýlega út hljómplötuna For the rest of my childhood?*
2. *Hvað heitir forstjóri Landhelgisgæslunnar?*
3. *Hver skoraði mark Newcastle í deildarleik gegn Manchester United á miðvikudag?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Rannsóknir Hafrannsóknastofnunar á fæðuvenjum hrefnu á Íslandsmiðum:

# Étur meira en flotinn veiðir

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Hrefna étur árlega allt að 300.000 tonn af þorski og ýsu sem er fimmfalt meira magn en eldri rannsóknir hafa sýnt. Þetta sýna niðurstöður rannsókna Hafrannsóknastofnunar á árunum 2003-2007. Til samanburðar er heildaraflamark þorsks og ýsu á yfirstandandi fiskveiðiári um 250.000 tonn. Áætlað er að hrefnan við landið éti árlega um tvær milljónir tonna af fiski. Þessar niðurstöður voru kynntar í erindi þeirra Gísla A. Víkingssonar, hvalasérfræðings Hafrannsóknastofnunar, og samstarfsmanna hans á Hafráðstefnu stofnunarinnar fyrir skömmu.

Bolfiskur var fjórðungur innihalds hrefnumaga í umræddum rannsóknum og þar af ýsa um 7 prósent magainnihaldsins, þorskur 8 prósent og annar bolfiskur 11 prósent.

Athygli vekur að loðna reyndist aðeins um 8 prósent af fæðu hrefnunnar og síld 14 prósent. Rannsóknirnar sýna miklar breytingar í fæðusamsetningu hrefnu á árabilinu 1985-1995 annars vegar og svo 2003-2007 hins vegar. Það er talið benda til þess að hrefnan lagi sig að fæðuframboðinu í hafinu og éti í raun það sem hún kemst í hverju sinni. **- shá**



**HREFNA** Ein helstu rökin fyrir veiðum á hrefnu er át hennar á bolfiski. Niðurstöður benda til að hún taki meira til sín en talið var.

Sérréttindi afnumin:

# Eftirlaunalög úr gildi á kjördag

**ALÞINGI Alþingismenn, ráðherrar, hæstaréttardómarar og forseti Íslands munu, frá 25. apríl, njóta sömu lífeyrisréttinda og opinberir starfsmenn.**

**Alþingi samþykkti í gær afnám eftirlaunalaganna sem deilt hefur verið um frá samþykkt 2003.**

**Upphaflega var ráðgert að láta nýju lögin taka gildi 1. apríl en hyggilegra þótti að seinka gildistökunni til kjördags svo ekki yrði skörun á milli lífeyriskerfa hjá fólki sem hverfur af þingi við kosningarnar. 34 þingmenn úr öllum flokkum greiddu atkvæði með frumvarpinu. 29 þingmenn voru fjarstaddir. - bþs**




Álverið í Straumsvík:

# Skiptu við 800 aðila árið 2008

**STÓRIÐJA** Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi, gagnrýndi á Iðnþingi í gær fullyrðingar, þeirra á meðal frá Indriða H. Þorlákssyni, ráðuneytisstjóra, um að ávinningur fyrir efnahagslíf þjóðarinnar af álverum sé lítill.



**RANNVEIG RIST**

Rannveig sagði að árið 2007 hafi álverið greitt 1,4 milljarða króna í tekjuskatt. Eins hafi álverið keypt vörur og þjónustu af rúmlega 800 íslenskum aðilum fyrir 5,4 milljarða króna árið 2008, fyrir utan orkukaup. „Þegar allt er talið – orkukaup, laun starfsmanna, opinber gjöld og vörur og þjónusta sem keypt er af innlendum aðilum – er um 40 prósent af veltu álversins í Straumsvík kostnaður sem fellur til á Íslandi. Í fyrra voru það tæplega 19 milljarðar króna, eða að jafnaði einn og hálfur milljarður á mánuði“, sagði Rannveig í erindi sínu. **- shá**

## MENNINGARMÁL

### Baráttudagur kvenna

Í tilefni af Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti sunnudaginn 8. mars verður haldinn opinn fundur í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur . Fundurinn hefst klukkan 14.



**Á IÐNÞINGI 2009** Helgi Magnússon var endurkjörinn forseti Samtaka iðnaðarins í fyrri hluta dagskrár Iðnþings fyrir hádegi í gær. Eftir hádegið var blásið til ráðstefnu samtakanna á Grand Hótel Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kalla á evru og umsókn að ESB

**Samtök iðnaðarins segja hér fullreynt með eigin mynt og peningastjórnun. Vextir verði að lækka.**

**ATVINNULÍF** Hér þarf að lækka vexti, endurreisa bankakerfið, afnema gjaldeyrishöft, semja við erlenda kröfuhafa, auka útflutningstekjur, blása lífi í fasteignamarkaðinn og sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru. Þetta eru forgangsmálin sem tínd eru til í ályktun Iðnþings 2009 sem fram fór í gær.

„Sundurlyndi og stefnuleysi stjórnmálamanna og stjórnvalda sem bera ábyrgð á verkstjórn og úrlausn ýmissa lykilþátta sem greiða verður úr er grafalvarlegt,“ segir í ályktuninni og minnt á að atvinnulíf hér sé að sligast undan ofurvöxtum, verðbólgu, gengisbreytingum, gjaldeyrishöftum og höktandi bankakerfi. „Sama gildir um fjölmörg heimili og atvinnuleysi hefur ekki verið meira um langt árabil.“

Helgi Magnússon, sem í gær var endurkjörinn formaður Samtaka iðnaðarins, sagði mikilvægt að vinna úr þeirri stöðu sem hér væri upp komin og láta af neikvæðni og sökudólgaleit sem litlu skilaði. „Á næstu mánuðum og misserum munum við ekki komast hjá því að finna gjaldmiðlamálum Íslendinga nothæfan farveg. Tilraunin um íslensku krónuna er fullreynd. Hún mistókst. ... Við verðum að greiða úr gjaldmiðlavanda þjóðarinnar af fullri ábyrgð. Það gerum við best með upptöku evru eftir inngöngu í Evrópusambandið,“ segir hann.

Evrópumálin voru frummælendum á Iðnþinginu sumum hverjum hugleikin. Þannig kvaðst Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra vera einn elsti Evrópusinninn á þingi og ekki vafi í hans huga um að hefja ætti sem fyrst umsóknarferli í Evrópusambandið. Þá sagði Þórður Magnússon, stjórnarformaður Eyris Invest, að aðild væri „ekki valkostur heldur nauðsyn“. Án aðildar myndu fyrirtæki hér ekki geta vaxið nema flytja höfuðstöðvar til útlanda.



**GRANNT FYLGST MEÐ** Svein Harald Øygard seðlabankastjóri var meðal erlendra gesta á Iðnþingi 2009 í gær. Ræður og dagskrá voru þýddar jafnóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þórður lagði jafnframt áherslu á að bætt lífskjör hér héldust í hendur við árangur í alþjóðavæðingu og frekari útflutning. Hann sagði einnig mikilvægt að styðja við frumkvöðlastarf, en benti um leið á að þar væri verið að sá til lengri tíma og óvíst um uppskeru. Á langri leið gæti margt farið aflaga. „Hér þarf að bæta skattalega hvata til fjárfesta og hægt að auka skattalega hvata til rannsókna og þróunar, sem ég tel að séu hagkvæmustu störf sem hægt sé að stunda í íslenskum iðnaði í dag,“ sagði Þórður. **olikr@frettabladid.is**

## LEIÐIN ÚR HRUNI TIL HAGSÆLDAR

„Í þeirri efnahagsáætlun sem nú er fylgt í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn sýnist veikasti hlutinn vera stefnan í gjaldeyris- og peningamálum sem er eins og hver annar Akkilesarhæll. Engin atvinnustarfsemi getur keppt við atvinnulíf neins staðar í heiminum á lánakjörum sem fylgja hinum ofurháu stýrivöxtum,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Hann flutti erindi á Iðnþingi í gær undir yfirskriftinni „Úr hruni til hagsældar“. Einna brýnast segir hann að marka framtíðarstefnu í gjaldeyris- og peningamálum og kallar eftir svörum frá stjórnmálaöflunum. Þá segir hann stjórnvöld verða að gera gangskör í að ljúka uppgjöri nýju bankanna.








Fjölbreyttustu
sturtulausnir
á Íslandi
til afgreiðslu af lager
Eitt hagstæðasta verð
á markaðnum
Verð frá kr. 68.900,- stgr.
HERT ÖRYGGISGLER
E000479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi
STURTUHORN
80x80 og 90x90 sm hægt að leggja upp að vegg (á lömum)
Verð kr. 46.900,- stgr.
HERT ÖRYGGISGLER
STURTUSKJÓL
90x185 sm hægt að leggja upp að vegg (á lömum)
heilir STURTUKLEFAR
KANTAÐUR: 70x70, 75x75, 80x80, 90x90 sm
RÚNAÐUR: 80x80, 90x90 sm
Sturtustangasett með 15cm sturtuhaus sem hefur 5 mismunadi stillingar, sturtubotn m/ botnstk, vatnslás og barka til að tengja.
70x70 sm Verð kr. 104.900,- stgr.
75x75 sm Verð kr. 108.900,- stgr.
til afgreiðslu af lager
Hert öryggisgler allan hringinn
80x80 sm Verð kr. 112.900,- stgr.
90x90 sm Verð kr. 118.900,- stgr.
80x80 sm Verð kr. 118.900,- stgr.
90x90 sm Verð kr. 122.900,- stgr.
HERT ÖRYGGISGLER
kynntu þér úrvalið á
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**MÁLSTAÐUR HNETUNNAR** Með háan hnetuhatt á höfði deildi hún út hnetum til vegfarenda í New York í gær til að sannfæra fólk um ágæti framleiðslu hnetubænda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Niðurskurður ríkisútgjalda:

## Má ekki skerða öryggi á sjó

**ÖRYGGISMÁL** Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, lýsir áhyggjum sínum yfir þeim áhrifum sem niðurskurður ríkisútgjalda hefur á starfsemi Landhelgisgæslunnar. Hann segir að ekki megi undir neinum kringumstæðum draga úr því öryggi sem þyrlurnar veita.

Friðrik dregur ekki dul á að nauðsynlegt sé að draga úr ríkisútgjöldum við núverandi aðstæður en segir að ekki megi vega að ákveðnum grunnþáttum á borð við þyrluþjónustu LHG. Henni sé ætlað að sinna mjög víðfeðmu hafsvæði og öryggishlutverk hennar fyrir íslenska sjómenn sé afar mikilvægt. Hann minnir á að þyrlurnar séu eina tækið sem sjómenn geta treyst á í neyð og það verði að skera niður á öðrum sviðum í ríkisrekstri. Hann segir að LÍÚ sé tilbúið að koma með tillögur í þá veru sé þess óskað. - shá



**ÞINGSALURINN** Alþingi er nokkuð eftirsóttur vinnustaður. Þar losna 63 stólar 25. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Nokkrar leiðir farnar en prófkjör algengust

**Mikil vinna fer nú fram um allt land við val á frambjóðendum fyrir kosningarnar í apríl. Viðhafðar eru ýmsar aðferðir. 320 gefa kost á sér í prófkjörum.**

**STJÓRNMÁL** Stjórnmálahreyfingarnar sem hyggjast bjóða fram til Alþingis í kosningunum í apríllok beita margvíslegum aðferðum við að velja fólk á lista. Algengast er að efnt sé til prófkjara sem þó eru útfærð á mismunandi veg. Í flestum er kosið á kjörstað, í öðrum er viðhöfð póstkosning og í enn öðrum er kosið á netinu.

Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hafa skýrar línur í þessum efnum; báðir flokkar efna til prófkjöra í öllum kjördæmum. VG fer sömu leið en þar á bæ er aðferðin nefnd forval.

Framsóknarflokkurinn heldur prófkjör í fjórum kjördæmum – og kallar þau ýmist prófkjör, kjör eða póstkosningu – en stillt verður upp á lista í Reykjavíkurkjördæmunum.

Frjálslyndi flokkurinn viðhefur póstkosningu í Norðvesturkjördæmi en í öðrum kjördæmum er það í höndum stjórna kjördæmisfélaga að stilla upp listum. Tillögurnar verða bornar undir fundi kjördæmafélaganna og þaðan sendar miðstjórn flokksins til blessunar.

Hjá L-listanum, sem Bjarni Harðarson og Þórhallur Heimisson eru í forsvari fyrir, verða oddvitar lista hvers kjördæmis valdir og það fært í þeirra hendur að velja sér meðframbjóðendur. Ekki hefur komið fram hvernig oddvitarnir verða valdir.

Borgarahreyfingin, sem tilkynnti um framboð í öllum kjördæmum í gær, hvetur áhugasama til að hafa samband og gefa kost á sér til setu á lista. Ekki liggur fyrir hvernig vali frambjóðenda verður háttað.

Örfáum prófkjörum er lokið en fimm fara fram um næstu helgi og sjö um aðra helgi.

Alls sóttust 320 eftir sæti á lista í prófkjörum. 103 fyrir VG, 85 fyrir Sjálfstæðisflokkinn, 77 fyrir Samfylkinguna og 49 fyrir Framsóknarflokkinn.

Sex voru í framboði í póstkosningu Frjálslynda flokksins í Norðvesturkjördæmi. Af þessum 320 er 51 þingmaður sem óskar endurnýjaðs umboðs.

bjorn@frettabladid.is

### VINSTRI - GRÆNT

| Kjördæmi | Hvenær? | Fjöldi |
|---|---|---|
| Reykjavík | 7. mars | 32 |
| Suðvestur | 14. mars | 15 |
| Suður | Liðið | 13 |
| Norðaustur | Liðið | 21 |
| Norðvestur | Póstkosning | 22 |

### SAMFYLKINGIN

| Kjördæmi | Hvenær? | Fjöldi |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9.-14. mars | 20 |
| Suðvestur | 12.-14. mars | 15 |
| Suður | 5.-7. mars | 13 |
| Norðaustur | 7. mars | 18 |
| Norðvestur | 6.-8. mars | 11 |

### BORGARAHREYFINGIN

Óráðið er hvernig staðið verður að skipan á lista.

### L-LISTINN

Oddvitar hvers kjördæmis verða handvaldir og þeir velja sér meðframbjóðendur.

### FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN

Stjórnir kjördæmafélaga stilla upp listum í öðrum kjördæmum en Norðvesturkjördæmi þar sem póstkosning er viðhöfð með sex þátttakendum.

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

| Kjördæmi | Hvenær? | Fjöldi |
|---|---|---|
| Reykjavík | 13.-14. mars | 29 |
| Suðvestur | 14. mars | 12 |
| Suður | 14. mars | 17 |
| Norðaustur | 14. mars | 10 |
| Norðvestur | 21. mars | 17 |

### FRAMSÓKNARFLOKKURINN

| Kjördæmi | Hvenær? | Fjöldi |
|---|---|---|
| Reykjavík | Uppstilling | |
| Suðvestur | 7. mars | 11 |
| Suður | Liðið | 13 |
| Norðaustur | 15. mars | 16 |
| Norðvestur | Póstkosning | 9 |




ENNEMM / SÍA / NM36599

# Faglærðir fá tímabundin atvinnuleyfi

**Samkomulag undirritað um tímabundna atvinnumöguleika fyrir Íslendinga í Manitoba. Félagsmálaráðherra segir skyldu sína að greiða fyrir slíkri tilhögun. Atvinnumálaráðherra Manitoba býst ekki við gagnrýni frá löndum sínum.**

**ATVINNUMÁL** „Margir hafa velt því fyrir sér hvort með þessu sé verið að hvetja fólk til að flytja úr landi. Ég verð að viðurkenna að þetta kom upp í hugann á mér, en eftir að hafa farið yfir stöðuna og lagt mat á atvinnuleysi og -horfur hér á landi tel ég það skyldu mína að greiða fyrir þessu samkomulagi," sagði Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, við undirritun samkomulags um tímabundna atvinnumöguleika fyrir Íslendinga í Manitoba-fylki í Kandada í gær.

Samkomulagið felst meðal annars í því að stjórnvöld í Manitoba munu gefa út tímabundin atvinnuleyfi fyrir faglærða Íslendinga og mun útgáfa leyfanna ráðast af þörf atvinnulífsins í Manitoba. Einnig munu íslensk stjórnvöld hafa milligöngu um samskipti milli kanadískra atvinnurekenda og atvinnuleitenda hérlendis.

Samkvæmt samkomulaginu eru Íslendingar, sem fá tímabundið atvinnuleyfi af þessu tagi, sjúkratryggðir frá fyrsta degi. Börnum þeirra stendur til boða að sækja skóla og mökum þeirra verður tryggt atvinnuleyfi. Ásta Ragnheiður segist vonast til að Íslendingar sem nýta sér þetta tækifæri snúi aftur heim, þar sem reynsla þeirra muni nýtast íslensku samfélagi.

Nancy Allan, ráðherra atvinnu- og innflytjendamála í Manitoba, segir sambærilega samvinnu við önnur ríki, meðal annars Þýskaland, hafa gefist afar vel og auðgað mannlífið í Manitoba. Spurð um nýlega gagnrýni frá heimamönnum í fylkinu, sem sumir telja að heldur ætti að setja atvinnusköpun fyrir Kanadamenn í forgang en að bjóða útlendingum vinnu, segist Allan ekki búast við að sú gagnrýni verði langlíf. „Við höfum orðið vör við örlitla gagnrýni frá einum minnihlutahópi, en ég er þess fullviss að þegar fólk gerir sér grein fyrir þessum einstæðu menningarlegu tengslum sem ríkja milli Íslands og Manitoba muni það sætta sig við þessa tilhögun. Það eru mörg störf í boði fyrir faglærða í Manitoba og ég held að þessi samvinna verði í þágu allra sem taka þátt í henni," segir Nancy Allan.

Nánari útlistun á samkomulaginu verður gerð á fundi í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands, hinn 13. mars næstkomandi.

kjartan@frettabladid.is



**VINATENGSL** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir félagsmálaráðherra og Nancy Allan, atvinnumálaráðherra Manitoba, undirrituðu samkomulagið í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



Íslensk framleiðsla

EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS AF ÍSLENSKUM SÓFUM
Þú kemur með málin, velur þér gerð og áklæði og við smíðum þinn óskasófa á nokkrum dögum.

Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Framboð í trúnaðarstöður
FRV

Samkvæmt 34. gr. laga Félags Rafeindavirkja skal fara fram kosning til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Framboðsfrestur skal vera minnst 14 sólarhringar og skal tillögum skilað til kjörstjórnar innan þess tíma.

Með hliðsjón af framansögðu hefur framboðsfrestur verið ákveðinn til kl. 12 á hádegi 12.03.2009

Reykjavík 13. febrúar 2009
Stjórn Félags rafeindavirkja

Veldu þína leið og byrjaðu að spara!

Lægsta mínútuverðið 11,90 kr.
• Lægsta mínútuverð í GSM á Íslandi, 11,90 kr. óháð kerfi.
• Einn GSM vinur innan kerfis.
• Hentar þeim sem tala jafnan lengi í hverju símtali.
• Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

Sex vinir óháð kerfi
• Veldu þér sex GSM vini í hvaða kerfi sem er.
• Þetta er leiðin fyrir þá sem hringja mest í sama fólkið aftur og aftur.
• Nánari upplýsingar á siminn.is.

eða

Núll í alla heimasíma
• Ekkert mínútugjald úr GSM í alla heimasíma á Íslandi.
• Þrír GSM vinir innan kerfis.
• Nánari upplýsingar á siminn.is.

Hringdu núna í síma 800 7000 og veldu þína leið!

Þitt val • Það er Síminn

## KAUPTHING FUND

Société d'Investissement à Capital Variable
14, boulevard Royal - L-2449 LUXEMBOURG
R.C.S. Luxembourg B 96.002

### NOTICE TO THE SHAREHOLDERS

The Board of Directors convenes the Shareholders of KAUPTHING FUND, Sicav to attend the Annual General Meeting to be held at the registered office of the company on

**16 April 2009 at 10.00 a.m.**

with the following agenda :

1. Report of the Board of Directors and of the Auditor
2. Approval of the financial statements as at 31 December 2008
3. Allocation of results
4. Discharge to the Directors
5. Renewal of the mandate of the Auditor
6. Statutory elections.

The Shareholders are advised that no quorum for the statutory general meeting is required and that decisions will be taken by a simple majority of the votes cast. Proxies are available at the registered office of the Sicav.

For the Board of Directors








Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


## FRÉTTAVIÐTAL: Sigurður Örn Ágústsson sjálfstæðismaður



**SIGURÐUR ÖRN ÁGÚSTSSON** Þjóðin vill stjórnmálamenn sem tala hreint út, segir Sigurður Örn. Svo verður það að koma í ljós í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi hvort flokkurinn vilji slíka menn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Gagnrýnir flokkinn af ást

**„Vinur er sá er til vamms segir," ítrekar Sigurður Örn Ágústsson sem gagnrýnt hefur forystu Sjálfstæðisflokksins harðlega skömmu fyrir sitt fyrsta prófkjör. Hann er beinskeyttur en spurningin er hvernig vinargreiðinn leggist í sjálfstæðismenn. Sigurður er harðorður og fipast ekki flugið þegar hann er spurður um gæsluvarðhaldið sem hann mátti þola, þá grunaður um aðild að fíkniefnamáli.**

Hvað verður um beinskeytta og berorða stjórnmálamenn sem vilja nýtt Ísland en segja gömlu pólitíkinni, með sínum klisjum og klíkum, stríð á hendur? Verður þeim bolað frá, samsamast þeir þeim sem þeir gagnrýna eða verða þeir brautryðjendur breyttra tíma? Tilraun Sigurðar Arnar Ágústssonar gæti fært okkur svarið en hann vill boða ný vinnubrögð í stjórnmálum og óskar eftir öðru til fjórða sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi. Hann stýrir starfshópi um uppgjör og lærdóma vegna bankahrunsins á vegum endurreisnarnefndar flokksins. Af fyrstu drögum þeirrar skýrslu má sjá að forysta flokksins er ekki tekin neinum silkihönskum í þessu uppgjöri. Rétt eins og Sigurður Örn vildi hafa það. Geir H. Haarde gagnrýndi aftur á móti að það væri þröngur hópur sem unnið hefði að skýrslunni svo þar væri kannski ekki að heyra rödd flokksins.

**Blátt áfram**

„Ég vil þá segja það að þeir sem að skýrslunni unnu, en það var um 12 til 15 manna hópur sem kom að þessu, eru allt grjótharðir sjálfstæðismenn," segir Sigurður Örn um gagnrýni formannsins. „Og til að byrja með voru þeir ekki sammála mér í þeirri nálgun að við ættum að vera mjög sjálfsgagnrýnin og þeir vildu milda framsetninguna og setja þetta í einhvern búning og hugsa um að gefa ekki pólitískum andstæðingum höggstað á sér. Þetta var rætt fram og til baka á mörgum fundum. En ég lít svo á að rétt sé rétt. Eða eins og eitt af slagorðum Sjálfstæðisflokksins segir að „gjöra rétt, þola ei órétt". Og ég held að þeir sem hafa lagt nafnið sitt við þessa skýrslu geti verið mjög sáttir við það. Hún er svo sem ekki neinn algildur sannleikur en hún er samt tilraun til þess að komast að því hvaða mistök við höfum gert og gera þá fortíð upp með jákvæðum hætti. Það er líka hægt að gagnrýna af ást. Ég hef ást á Sjálfstæðisflokknum og vinur er sá er til vamms segir."

**Vill flokkurinn fersku vindana?**

Sigurður Örn segir að þjóðin vilji stjórnmálamenn sem tali beint út og segi sannleikann. „Þjóðin er alveg tilbúin að takast á við sannleikann," segir hann. En hefur stjórnmálamaður sem fer fram af slíku hispursleysi von til þess að komast áfram í sínum flokki? „Sjálfsagt má segja það að svona framganga geti komið manni í einhvern bobba en ég lít hins vegar þannig á að sú pólitík sem viðgengist hefur hér á landi undanfarin ár hafi einfaldlega verið kveðin í kútinn með þessu ástandi sem nú er upp komið. Og ég er að segja að við sjálfstæðismenn eigum að líta inn á við; gagnrýna þar sem þarf, laga og endurbæta en halda svo áfram. En ég vil líka segja það að ég get ekki séð með nokkru lifandi móti að aðrir flokkar séu að reyna á nokkurn hátt að gangast við því að þeir hafi verið sofandi, sýnt andvaraleysi og svo fram eftir götunum."

Hverja telur hann þá möguleika sína á því að komast á þing? „Ef kjósendur Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi vilja fá mann sem hefur góða menntun, reynslu af atvinnulífinu, hefur náð árangri hvar sem hann hefur komið og vill nú breytingar þar sem hann er ekki ánægður með hvernig staðið hefur verið að hlutunum, þá á ég mikla möguleika. En ef menn ætla að fara í einhverjar klíkur til að koma að einhverjum aðilum frá einhverju sérstöku svæði til að tryggja hagsmuni þess, þá mun ég ekki hljóta mikinn hljómgrunn." En hvernig metur hann stöðu sína? „Ég ber ekki svo mikið skynbragð á það en get þó sagt að þeir fjölmörgu sem ég hef talað við hafa verið ánægðir með þá fersku vinda sem blása með mér og mínum svarbræðrum."

**Með fingraför á sálinni**

Rétt eins og flokkurinn hefur Sigurður Örn þurft að gera uppgjör við sína fortíð. Í bloggheimum var honum nýlega núið því um nasir að hafa setið í gæsluvarðhaldi grunaður um aðild að fíkniefnamáli. „Það er ósköp lítið um þetta mál að segja annað en það að fyrir ellefu árum lá ég undir grun um aðild að þessu fíkniefnamáli sem ég átti enga aðild að. Ég var tekinn í gæsluvarðhald og sat saklaus í einangrun í 51 dag. Auðvitað hefur það varanleg áhrif á mann að vera beittur slíkum rangindum. Staðreyndir málsins eru hins vegar þessar: Málið var dómtekið og ég fundinn sýkn saka, ég stefndi síðan ríkinu fyrir þetta ranglæti gagnvart mér og ég vann það mál."

Við svo kveðið er Sigurður Örn farinn akandi af stað vestur á firði til að setja niður fræ í pólitíska landslaginu í Norðvesturkjördæmi. Hann bendir þeim sem vilja kynna sér málflutning hans á vefsíðu sína sigurdurorn.is.



FRÉTTAVIÐTAL
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

## Omar al-Bashir ætlar ekki að taka minnsta mark á handtökuskipun:

# Segist fórnarlamb samsæris

**SÚDAN, AP** Omar al-Bashir, forseti Súdans, segir handtökuskipan Alþjóðlega sakadómstólsins í Haag ekkert annað en samsæri „nýlendustefnunnar" um að kollvarpa stöðugleika landsins.

Saksóknari dómstólsins segir al-Bashir bera ábyrgð á stríðsglæpum og glæpum gegn mannkyni í Darfúr-héraði, þar sem ógnarherferð á hendur íbúum hefur kostað 300 þúsund mannslíf og hrakið milljónir manna á flótta undanfarin sex ár.

Sjálfur dansaði forsetinn og veifaði staf sínum innan um þúsundir manna í höfuðborginni Kartúm. Mannfjöldinn lýsti yfir stuðningi við forseta sinn, sem ætlar ekki að taka minnsta mark á handtökuskipuninni.

Afríkubandalagið kallaði saman neyðarfund vegna málsins í gær og hvatti dómstólinn til þess að fresta því að leggja fram ákærur á hendur al-Bashir um eitt ár, til þess að setja ekki í uppnám friðarviðræður um Darfúr-hérað.

Ákvörðun dómstólsins veldur því að fleiri leiðtogar Afríkuríkja óttast um stöðu sína. Hugsanlegt er talið að dómstóllinn beini síðar meir athygli sinni að leiðtogum Simbabve, Keníu, Úganda, Eþíópíu, Erítreu, Tsjad, Fílabeinsstrandarinnar, Rúanda og Mið-Afríkulýðveldisins. - gb



**Í HÓPI STUÐNINGSMANNA** Íbúar höfuðborgarinnar lýstu stuðningi við Omar al-Bashir forseta, sem þarna veifar staf sínum úr bifreið sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Landsins stærsta
Skósprengja
er í fullum gangi alla helgina
SKECHERS
LLOYD
RBK
ara
PUMA
ecco
PETER KAISER
adidas
FULLT
AF NÝJUM
VÖRUM
Allt að
90%
afsláttur
Opnunartímar
Mán - fös 11-18
lau 11-16
sun 12-16
Útsöluvörur frá
STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND
ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind
Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind
skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND
Toppskórinn
Outlet
VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
198
BÓNUS KLEINUHRINGIR
KARAMELLU / SÚKKULAÐI
2 STK 198 kr.
50%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR ÚRBEINAÐAR GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
MERKT VERÐ 1798 KR./KG. 898 kr./kg.
498
BÓNUS ÍSPINNAR 24 STK 498 kr.
159
BÓNUS FROSPINNAR 15 STK 159 kr.
NÝ BAKAÐ
50%
AFSLÁTTUR
ALI FERSKAR GRÍSAKÓDILETTUR
MERKT VERÐ 1783 KR./KG. 892 kr./kg.
198
BÓNUS ÍS 2 LTR. 198 kr.
198
BÓNUS KORNKUBBAR 4 STK 198 kr.
399
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR 399 kr./kg.
98
KARTÖFLUR Í LAUSU
HVÍTAR OG RAUÐAR
98 kr./kg.
198
BÓNUS MJÚKAR KRINGLUR 4 STK
198 kr.
598
K.B BLANDAÐ HAKK NAUT/SVÍN 598 kr./kg.
69
BÓNUS FLATKÖKUR 5 stk 69 kr.
198
BÓNUS MUFFINS
MEÐ BLÁBERJAFYLLINGU
198 kr. stk.
50%
AFSLÁTTUR
898
N.V FERSKT NAUTAHAKK 898 kr./kg.
HÁLFUR L
FREYJU SÆLGÆTISBARINN
50% afsláttur alla dag
75 kr.pr 100g.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Ferskur Holtakjúklingur
BITAR
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR BLANDAÐIR KJÚLINGABITAR
MERKT VERÐ 698 KR./KG. 419 kr./kg.
Ferskur Holtakjúklingur
LEGGIR
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKIR KJÚKLINGALEGGIR
MERKT VERÐ 898 KR./KG. 539 kr./kg.
Ferskur Holtakjúklingur
SKINNLAUSAR BRINGUR
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 2798 KR./KG. 1679 kr./kg.
BÓNUS Kjúklingur
Bringur
1398
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR 1398 kr./kg.
Holta-kjúklingur
40% AFSLÁTTUR
HOLTA FERSKUR HEILL KJÚKILNGUR
MERKT VERÐ 872 KR./KG. 523 kr./kg.
959
K.S FROSIN LAMBALÆRI
959 kr./kg.
BÓNUS
HANGIÁLEGG
1998
BÓNUS HANGIÁLEGG
MERKT VERÐ 2498 KR./KG.
20% AFSLÁTTUR 1998 kr./kg.
LÍTRI Í DÓS
Egils APPELSÍN
Bónus
398
BÓNUS FERSKAR PIZZUR
Margarita 400g Pepperoni 420g
398 kr.
BÚHNYKKUR
Ýsubitar
698
BÚHNYKKUR ÝSUBITAR
ROÐ OG BEINLAUSIR 698 kr./kg.
TILBOÐ KJARNAFÆÐI
KJÖTFARS
399
K.F NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.
98
HEIMILISBRAUÐ 375 gr 98 kr.
RJÓMI
20% AFSLÁTTUR
MJÓLKU RJÓMI 240 ml og 400 ml
20% afsláttur
VISA
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**Fjöldi viðskipta:** 124 **Velta:** 364 milljónir

**OMX ÍSLAND 15** 265 **-2,24%**

**OMX ÍSLAND 6** 814 **-4,08%**

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| CENTURY ALUM. | +3,91% | STRAUMUR | -7,14% |
| FØROYA BANKI | +1,01% | EIMSKIP | -6,25% |
| | | ICELANDAIR | -3,28% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,70 +0,00% ... Atlantic Airways 171,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 235,00 +0,00% ... Bakkavör 1,85 -1,60% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 0,75 -6,25% ... Føroya Banki 100,00 +1,01% ... Icelandair Group 11,80 -3,28% ... Marel Food Systems 53,10 -1,12% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,69 -7,14% ... Össur 84,80 -2,53%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Norrænn núningur

Kalt stríð virðist í uppsiglingu á milli norsku kauphallarinnar í Ósló og Nasdaq OMX-kauphallarsamstæðunnar ef marka má erlenda fjölmiðla. Nasdaq OMX rekur risahlutabréfamarkað hér, í New York í Bandaríkjunum, í Eystrasaltsríkjunum og á Norðurlöndunum öllum – að Noregi undanskildu. Markaðurinn hefur þó teygt anga sína inn í Noreg en síðar í mánuðinum mun samstæðan bjóða viðskiptavinum sínum upp á að fjárfesta í 25 umsvifamestu félögunum sem skráð eru í Noregi. Vonast er til að fleiri bætist í hópinn þegar á líður. Bandaríska dagblaðið Wall Street Journal segir þetta ráðabrugg fara illa í þá norsku, sem hafi gripið til sinna ráða til að verjast utanaðkomandi ógn.



### Stirt milli Skandinava

Blaðið segir deilurnar hafa byrjað fyrir þremur árum þegar Nasdaq keypti tíu prósenta hlut í norska markaðnum. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar. Nasdaq, sem þá var bandarískur hlutabréfamarkaður, rann saman við norrænu kauphallarsamstæðuna auk þess sem sú norska tók upp samstarf við bresku kauphöllina. Fjarlægðin á milli norrænu frændanna hefur aukist síðan þá og endurspeglast það í deilunni nú. Til að bæta gráu ofan á svart hefur Nasdaq OMX fært niður virði eignarhluta sinna í norska markaðnum en haft var eftir Hans-Ole Jochumsen, forstjóra Nasdaq OMX á Norðurlöndunum, í Wall Street Journal í vikunni að hluturinn sé falur fyrir rétt verð. Þótt hann skipti um hendur muni ráðagerðum um norska landnámið þó ekki verða ýtt út af borðinu.

## Candover afskrifar þriðjung

Breska fjárfestingafélagið Candover hefur fært niður verðmæti eigna sinna um helming og afskrifað þriðjung eignasafnsins í samræmi við breskar reglur. Þá þykir líklegt að starfsemin verði endurskipulögð og starfsfólki sagt upp.

Candover lauk í fyrra við kaup á hollenska iðnsamsteypunni Stork í félagi við Eyri Invest, Marel Food Systems og Landsbankann. Virði hlutarins í Stork hefur sömuleiðis verið færður niður.

Breska dagblaðið Financial Times hefur eftir Gerry Grimstone, stjórnarformanni Candover, að aðstæður séu slíkar að staða flestra fjárfestingafélaga hafi breyst síðastliðna sex mánuði. **jab**

## MINNI BJÓRTEKJUR

Drykkjarvörurisinn Anheuser-Bush Inbev hagnaðist um 62 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði sjö milljarða króna, á síðasta ársfjórðungi í fyrra. Þetta er 95 prósenta samdráttur á milli ára.

Stjórnendur fyrirtækisins segja kostnað vegna yfirtöku Inbev á Anheuser-Busch, sem lauk í nóvember í fyrra, skýra samdráttinn að nær öllu leyti.

Viðamikil hagræðing og uppstokkun í starfsmannahaldi auk sölu eigna er í spilunum en stefnt er að því að spara hálfan milljarð dala með aðgerðunum, að sögn breska ríkisútvarpsins, BBC.

Anheuser-Bush keypti fyrir um tveimur árum fimmtungshlut í átöppunarfyrirtækinu Icelandic Water Holdings, sem framleiðir vatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial. **- jab**



**BUDWEISER Í MASSAVÍS** Á meðal þekktustu bjórtegunda drykkjarvörurisans Anheuser-Bush Inbev eru Budweiser og Stella Artois. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


# Taktu þátt í að móta framtíðina

## Opnir vinnufundir Endurreisnarnefndar

Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins hefur það verkefni að móta tillögur og hugmyndir um uppbyggingu íslensks efnahagslífs næstu misserin. Á næstu vikum verða fjölmargir fundir þar sem leitað verður eftir skoðunum og áliti flokksmanna. Ný heimasíða hefur verið opnuð á www.endurreisn.is þar sem allir eru hvattir til þess að kynna sér málin og segja sína skoðun.

Nefndin mun standa fyrir opnum vinnufundi í Valhöll föstudaginn 6. mars kl. 17.00 og laugardaginn 7. mars kl. 10.30. Unnið verður í fjórum hópum: Uppgjör og lærdómur, Hagvöxtur framtíðarinnar, Atvinnulíf og fjölskyldur og Samkeppnishæfni.

Endurreisnarnefnd Sjálfstæðisflokksins

Nánari upplýsingar um fundina og félagsstarf Sjálfstæðisflokksins má finna á heimasíðu flokksins, www.xd.is, eða í síma 515 1700.


# Fiskútflytjendur ekki lögbrjótar

**Sjávarútvegsfyrirtæki brjóta ekki gjaldeyrislög, segir hagfræðingur LÍÚ. Útflutningsfyrirtæki nýta erlend dótturfélög til kaupa á ódýrum krónum og skila hagnaðinum heim.**

„Enginn alvöru útflytjandi gerir svona langað, enginn,“ fullyrðir Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Hann segir af og frá að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki semji við erlenda kaupendur um sölu í íslenskum krónum í stað erlends gjaldeyris og fari á svig við gjaldeyrishöftin.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að í einhverjum tilvikum hafi erlendir kaupendur íslenskra útflutningsvara samið við eigendur íslenskra krónu- og innstæðubréfa um eignaskipti og greitt fyrir vörur í krónum.

Þeir einu sem hagnist á viðskiptunum séu fjárfestarnir, sem kunni ýmis ráð, á sama tíma og útflutningsfyrirtæki verða af gengishagnaði. Þeir sem Fréttablaðið ræddi við vildu ekki gangast við slíkum viðskiptum.

Gjaldeyrishöftin og skilaskyldan hafa sætt harðri gagnrýni á sama tíma og útflutningsfyrirtækin misstu gjaldeyrisvarnir sínar með falli bankanna. Þau hafa því þurft að grípa til annarra ráða, svo sem með kaupum á krónum á erlendum mörkuðum í gegnum dótturfélög erlendis. Söluandvirði og gengishagnaði skila þau svo heim með reglulegum hætti líkt og lög um gjaldeyrisviðskipti kveða á um.

**jonab@markadurinn.is**

### DÆMI UM SAMNINGA

Íslenskur fjárfestir eða fjárfestingafélag á jafnvirði fimm milljarða króna í erlendum hlutabréfum en hefur hug á að selja eignina. Á móti er erlendur fjárfestir sem á jafn háa upphæð í íslenskum krónu- og innistæðubréfum Seðlabankans en getur ekki flutt fjármuni sína úr landi vegna gjaldeyrishafta sem samþykkt voru á Alþingi í lok nóvember. Fjárfestarnir semja sín á milli um verðmæti eignanna og um skiptigengi. Þegar samningar nást skiptast þeir á eignum. Erlendi fjárfestirinn eignast þá hlutabréfin úti en íslenski fjárfestirinn krónu- og innistæðubréfin. Viðskiptin eru á gráu svæði og illgreinanleg í fyrstu í bókum Seðlabankans.

# Prentvélarnar ræstar

Bæði Englandsbanki og Evrópski seðlabankinn færðu stýrivexti sína niður í lægsta gildi sem sögur fara af í gær.

Stýrivextir í Bretlandi eru nú hálft prósent en 1,5 prósent á evrusvæðinu. Bloomberg-fréttaveitan segir Englandsbanka nú þröngar skorður settar þar sem helsta stjórntæki hans sé næsta óvirkt. Muni hann grípa til óhefðbundinna aðgerða í kjölfarið gegn kreppunni, svo sem með umfangsmikilli prentun peninga og kaupa á ríkisskulda- og fyrirtækjabréfum.

Staðan er litlu betri á meginlandi Evrópu en Bloomberg segir Evrópska seðlabankann hafa brugðist seint við aðsteðjandi efnahagsvanda á evrusvæðinu. Það muni því taka síðar við sér en í Bandaríkjunum. **- jab**


# Listmunauppboð í Galleríi Fold

fer fram mánudaginn 9. mars, kl. 18.15 í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu er úrval góðra verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna

Verkin verða sýnd:
föstudag kl. 10–18, laugardag kl. 11–17
sunnudag kl.12–17, mánudag kl. 10–17

Einnig er hægt að skoða uppboðsskrána á www.myndlist.is



Sæmundur Valdemarsson



Bilson



Karólína Lárusdóttir



Lísbet Sveinsdóttir

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

# Fjarðarkaup

*alltaf fersk*



**Gul melóna**
178,kr./kg.

**Ananas**
198,kr./kg.

**Jóna gold epli**
148,kr./kg.

**Gala epli**
198,kr./kg.

**Kiwi**
198,kr./kg.

**Perur**
278,kr./kg.

*þegar mikið stendur til*

**Tilboð gilda til laugardagsins 7. mars**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30, föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudaga

FK FJARÐARKAUP

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins veitt í gær:

## Góðverkin tala

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins vöktu strax athygli þegar þau voru veitt í fyrsta sinn árið 2006. Með árunum hafa þau náð að festa sig æ betur í sessi.

Þegar Samfélagsverðlaunin voru veitt fyrst voru uppgangstímar á Íslandi. Raunar stóð það tímabil sem kallað hefur verið góðærið fram um síðustu Samfélagsverðlaunahátíð í fyrra.

Samfélagsverðlaunin eru því að þessu sinni veitt í fyrsta sinn í gerbreyttu samfélagi. Innsendar tilnefningar lesenda og val dómnefndar mótaðist að einhverju leyti af þessu. Þó er það þannig að á öllum tímum eru unnin kærleiksverk í hljóði og það var einnig gert meðan samfélagið var, að því er virtist, afar upptekið af veraldlegum gæðum.

Aldrei er þörfin fyrir náungakærleik og framlag til samhjálpar þó meiri en þegar harðnar á dalnum og svo virðist sem margir svari því kalli, enda er það svo að þótt flestir hafi nú minni fjárráð en áður þá hafa margir meiri tíma aflögu sem nýst getur samborgurum til hagsbóta.

Markmiðið með veitingu Samfélagsverðlaunanna er að beina sjónum að þeim fjöldamörgu góðu verkum sem svo víða eru unnin og öllu því merka fólki sem þau vinna. Auðvitað næst ekki að fanga nema brot eða sýnishorn af þessum verkum en þau eiga það sameiginlegt að vera öðrum hvatning og til eftirbreytni.

Lesendur Fréttablaðsins eiga svo sannarlega sinn skerf í Samfélagsverðlaununum. Þeir voru í ár sem fyrr ötulir við að senda inn tilnefningar. Lesendum er hér með þakkað þeirra góða framlag.

Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fjórum flokkum. Fimm samtök og einstaklingar voru útnefnd af dómnefnd í hverjum þessara fjögurra flokka. Auk þess voru veitt ein heiðursverðlaun. Dómnefnd skilaði þannig 21 tilnefningu og voru tilnefndir einstaklingar, samtök og stofnanir. Allir hefðu verið vel að verðlaunum komnir og margir fleiri einnig en verkefni dómnefndar var sú ánægjulega þraut að velja.

Sjálf Samfélagsverðlaunin sem nema einni milljón króna féllu í skaut Ásgarðs handverkstæðis í Mosfellsbæ. Í Ásgarði vinnur fólk með þroskaskerðingu. Lagt er upp úr að hæfileikar hvers og eins njóti sín sem best og að byggja upp góðan anda á glaðværum vinnustað.

Hvunndagshetjan í ár er Bergdís Jónsdóttir sem kemur vikulega í Dagsetur Hjálpræðishersins og hirðir um fætur gesta þar. Verðlaun í flokknum Frá kynslóð til kynslóðar komu í hlut Norðlingaskóla, eins af yngstu skólum borgarinnar, sem þegar hefur getið sér gott orð fyrir margvíslegt frumkvöðlastarf. Í flokknum Til atlögu gegn fordómum hlaut Rauði krossinn á Akranesi viðurkenningu fyrir þátt sinn í góðri aðlögun hóps palestínskra flóttamanna sem fluttust á Akranes í haust sem leið. Heiðursverðlaunin komu í ár í hlut Jóhönnu Kristjónsdóttur rithöfundar fyrir hjálparstarf í Jemen og kynningu á menningu Mið-Austurlanda á Íslandi.

Mikilvægt er að halda því til haga sem vel er gert í þjóðfélaginu. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru viðleitni til þess.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Fréttatilkynning**
**frá Jóni Baldvini.**

Jón Baldvin boðar til borgarafundar í Norræna húsinu, laugardaginn, 7. mars, kl. 14:00
**Umræðuefni:**

**HVAÐ ER TIL RÁÐA EFTIR HRUN?**

Að Framsögu lokinni svarar Jón Baldvin spurningum úr sal.

**Stuðningsmenn.**

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Seint koma sumir…

Alþingi Íslendinga samþykkti í gær að frá og með kjördegi yrðu eftirlaunalögin alræmdu felld úr gildi. Þetta þykir nokkur árangur, ekki eru nema rúm fimm ár frá því lögin voru samþykkt.

Síðan þá hafa þingmenn býsnast yfir lögunum, kvartað, kveinað, fundið þeim allt til foráttu, svarið þess dýran eið að breyta þeim, sagt þau ólög; allt eftir að þjóðin hóf að mótmæla lögunum. Og seint koma sumir en koma þó. Rúmlega fimm ár tók að færa þingmenn og ráðherra af stalli sínum og niður til okkar hinna. Til hamingju!



### Nokkur boð

Reiknimeisturum telst til að þegar lögin verða numin úr gildi hafi þau gilt í 1.943 daga. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu borgarstjórnar, sem teknar voru saman eftir framsóknarboð Óskars Bergssonar, hafa undanfarin ár verið haldin boð á vegum borgarstjórnar fjórða hvern dag. Það segir okkur að á meðan eftirlaunalögin verða í gildi verða haldnar um 486 móttökur í borgarstjórn.

### Málvitundin

Það er alþekkt hér á landi að leitað sé í engilsaxneskuna eftir íslenskum heitum á hina ýmsu hluti. Oftar en ekki virðast þeir sem svo gera telja að með því séu þeir meira hipp og kúl, svo höggvið sé í þann knérunn.



Svo virðast aðstandendur nýrrar íslenskrar síðu í það minnsta hugsa www.kúpon.is. Síðan er sniðug; þar getur fólk fengið afslátt af hinu og þessu og ekki veitir af í dag. Nafnið virðist vísa í coupon, sem er afsláttarmiði.

Hefði ekki verið nær að hafa þjóðlegan titil á síðunni sem, í ljósi efnahagsástandsins, hefði getað verið www.kúpan.is? Erum við hvort eð er ekki öll á kúpunni?

**kolbeinn@frettabladid.is**

## SPOTTIÐ



# Pólitískur og ólöglegur



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Nýr seðlabankastjóri

Fyrir skömmu var Jóhanna Sigurðardóttir dæmd fyrir valdníðslu í félagsmálaráðherratíð sinni. Hún hafði rekið mann ólöglega úr trúnaðarstöðu vegna stjórnmálaskoðana hans. Þessi frétt vakti furðulitla athygli í fjölmiðlum, sem höfðu þó jafnan sýnt gagnrýni á aðra ráðherra áhuga. Jóhanna notaði síðan fyrstu dagana í minnihlutastjórn, sem var mynduð í því skyni einu að sjá um kosningar, til að reka Davíð Oddsson seðlabankastjóra. Með því braut hún þá reglu, sem hún hafði sjálf mælt með áður, að Seðlabankinn skyldi vera sjálfstæður. Flausturslegt og vanhugsað seðlabankafrumvarp var keyrt í gegnum þingið.

Norski stjórnmálamaðurinn, sem Jóhanna setti í stöðu seðlabankastjóra, byrjar ekki vel. Hann segist ekki muna, hvenær hann var beðinn að taka starfið að sér! Annaðhvort er hann þá óhæfur sökum greindarskorts eða fer með ósannindi. Þessi maður hefur meðal annars gegnt stöðu aðstoðarfjármálaráðherra fyrir norska Verkamannaflokkinn, systurflokk Samfylkingarinnar. Með setningu hans gleypti Jóhanna ofan í sig öll fyrri orð um „ópólitískan fagmann“ í bankann. Maðurinn er rammpólitískur, þótt hann hafi háskólapróf í hagfræði. Flokksbróðir þeirra Jóhönnu, Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, óskaði Íslendingum til hamingju með „rauðu stjórnina“.

Eins og Sigurður Líndal lagaprófessor bendir á, hefur Jóhanna sennilega brotið stjórnarskrána. Í 20. grein segir þar svart á hvítu: „Engan má skipa embættismann, nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt.“ Jóhanna svarar því til ásamt launuðum ráðgjöfum sínum, að munur sé á að setja mann og skipa. En sá munur er ekki á hæfisskilyrðum, nema sérstaklega standi á, heldur liggur hann í því, að minni kröfur eru gerðar til rökstuðnings ráðherra við setningu, þar eð hún er aðeins til bráðabirgða. Raunar dró mjög úr muninum á setningu og skipun, þegar hætt var að æviráða embættismenn.

Í Stjórnskipun Íslands segir Ólafur Jóhannesson, að hugsanlega megi þrátt fyrir stjórnarskrárákvæðið setja erlendan ríkisborgara tímabundið í embætti, „þegar þörf er sérkunnáttu“. Dæmi um þetta gæti verið, þegar yfirdýralæknir forfallast skyndilega, brýn þörf er á manni með sérkunnáttu hans í stöðuna og ekki völ í bili á Íslendingum. En fjöldi íslenskra ríkisborgara hefur menntun og reynslu á við hinn nýsetta Norðmann. Alþingi féll einmitt frá að binda það skilyrði í lög, að seðlabankabankastjóri skyldi vera með háskólapróf í hagfræði. Þess vegna á ekki við, að hér hafi verið „þörf á sérkunnáttu“.

Margar athafnir seðlabankastjóra varða mikilvæga hagsmuni jafnt einstaklinga og fyrirtækja, til dæmis ákvarðanir dráttarvaxta og uppsagnir starfsmanna. Ef hann er settur ólöglega, þá kunna dómstólar að ógilda slíkar embættisathafnir hans. Úr þessu atriði verður ekki skorið með álitsgerðum, heldur aðeins með dómi. Stjórnarskrárákvæðið um, að embættismenn skuli vera íslenskir ríkisborgarar, var til að tryggja, að þeir gættu íslenskra hagsmuna. Fyrsti gestur hins nýja seðlabankastjóra var landi hans, Stoltenberg, og sátu þeir tveir einir fund í Seðlabankanum. Var þar lagt á ráðin um, hvernig best yrði gætt íslenskra hagsmuna?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**MATREIÐSLUNÁMSKEIÐ** verður haldið í Heilsuhúsinu 18. mars með Auði Ingibjörgu Konráðsdóttur heilsukokki. Á námskeiðinu mun Auður sýna fram á hversu einfalt, ódýrt og fljótlegt það er að matreiða góðan mat úr heilsusamlegu hráefni.




**Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447






Allt í steik

framlengt til 29. mars

Hinn árvissi 4ra rétta „Allt í steik" seðill gleður bragðlaukana. Skyldumæting fyrir alla sem unna góðum mat á góðu verði.

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO" með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

3 MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI með ristuðu grænmeti, kartöflumauki og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

ÖND með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE með súkkulaði ís

Nýr A la Carte hefst 30. mars!

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is




Raúl Sáenz, matgæðingur frá Mexíkó, bjó til ljúffenga salsa-samloku eitt sinn þegar hann var mjög svangur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# La Bonchi eftir mömmu

**Raúl Sáenz gefur lesendum uppskrift að ljúffengri mexíkóskri samloku sem hann bjó til eitt sinn þegar hann var verulega svangur. Matreiðsla móður hans var innblásturinn að samlokunni.**

Raúl Sáenz matgæðingur starfar sem túlkur og þýðandi í Alþjóðahúsinu. Raúl kemur frá Mexíkó en hefur ferðast víða og smakkað alls konar mat.

„Áður en ég kom til Íslands hafði ég búið eitt ár í Taílandi. Ég var líka mánuð í Kína og hef ferðast til Japan og Kambódíu. Mér finnst mjög gaman að smakka matinn í öllum löndum sem ég heimsæki og safna hugmyndum."

Raúl segir mexíkóskan mat þann besta í heimi. Hann gefur lesendum uppskrift að ljúffengri salsa-samloku. „Mamma mín er kölluð La Bonchi en ég fékk innblásturinn að samlokunni frá henni. Ég var staddur á ströndinni í Mexíkó og vantaði skyndibita því að ég var svangur. Þá bjó ég til þessa samloku og hún var æðisleg. Bæði íslenskum og útlenskum vinum mínum finnst hún góð." *heida@frettabladid.is*

## LA BONCHI

mexíkóskar strandlokur **FYRIR 4**

**Salsasósa:**
½ mangó skorið niður í litla bita
2 msk. smátt skorinn laukur
¼ paprika skorin niður (má skipta út fyrir chilli pipar)
1 msk. lime-safi
Smávegis salt, sykur og svartur pipar

*Blandið öllum hráefnunum í salsasósuna saman í skál.*

**4 samlokur:**
8 brauðsneiðar
8 sneiðar af búraosti (eða brauðosti)
¼ bolli hunangssinnep (eða BBQ sósa)
3 msk. lint smjör
1 msk. karrí

*Blandið karríinu við smjörið. Smyrjið karrísmjöri á aðra brauðsneiðina og smyrjið hina með sinnepi. Setjið tvær skeiðar af salsa, eina sneið af osti og lokið samlokunni.*

*Afgangurinn af karrísmjörinu er settur á góða pönnu sem brennur ekki við. Hitið pönnuna í tvær mínútur og steikið samlokurnar að utan á pönnunni þar til þær eru vel brúnar og osturinn bráðinn.*

*Þrýstið samlokunum saman með spaða á pönnunni svo þær verði þéttar og góðar og setjið lok á pönnuna svo osturinn bráðni.*

*Skerið í þríhyrninga og berið fram með afganginum af salsanu.*





Fermingartilboð Nings

Sparaðu vinnu og fyrirhöfn

Hafðu samband og við veitum ráðgjöf þér að kostnaðarlausu.

Veisluþjónusta NINGS

Síminn er 588 0999 og 822 8833

- Marineraðar kjúklingabringur á spjóti Teriyaki
- Svínakjöt á spjóti með Satay sósu
- Kókoshjúpaðar risarækjur með hvítlaukssósu
- Blandaðar Sushi rúllur með soya og engifer
- Te reyktur lax með engifer, coriander og kaldri lime jógúrtsósu
- Kalkúnalæri og grænmeti í Malasíu karrý og kókósmjólk
- Shar shui svínasteik með hoi sin og plómusósu
- Steikt hrísgrjón með eggjum og grænmeti
- Ferskt salat, fullt af góðgæti

Verð aðeins 2490 kr. á mann (miðað við 50 gesti eða fleiri).

Öllum fermingarveislum Nings fylgir vegleg gjöf til fermingarbarnsins.

Gos frá Ölgerðinni fylgir fermingarveislum Nings.

**FERMINGARSÝNING** verður haldin á Hótel Ísafirði á morgun frá klukkan 14 til 16. Fjöldi fyrirtækja kynnir vörur sínar og hægt er að spá í fötin, greiðsluna, skartið og skreytingarnar auk þess sem það verður kaffihlaðborð.


BIRKENSTOCK

Arisona inniskór
Stærðir: 36 - 48 litur: svart
Verð: 10.350.-

Profi-Birki vinnuskór
Vatnsheldir klossar úr Alpro-foam með lausu fótlaga innleggi. Henta vel í eldhús, matvælaiðnað, þrif og margt fleira. Stærðir: 39 - 47 litir: svart og hvítt
Verð: 10.790.-

BIRKENSTOCK
Misty skór
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



teg 11001 - mjög fínt snið og vinsælt í CDEF skálum á kr. 3.850,- og buxur í stíl kr. 1.950,-

Misty
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178 • Sími: 551 3366
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is



Gefðu dýrmætasta efni í heimi

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Íslensk tíska á Akureyri

**Fjórir reykvískir fatahönnuðir verða með markað á Akureyri í dag og á morgun. Þar geta Akureyringar og nærsveitarmenn mátað og skoðað föt frá merkjunum E-label, Nakta apanum, Munda og Birnu.**

„Við höfum fengið talsvert af pöntunum utan af landi á vefsíðunni okkar og greinilegt að áhuginn er til staðar,“ segir Ásta Kristjánsdóttir eigandi E-label, en föt frá henni ásamt fötum nokkurra annarra íslenskra fatahönnuða verða seld á markaði á Akureyri í dag og á morgun.

Þeir fatahönnuðir sem halda norður ásamt E-label eru Mundi og Birna ásamt Söru Maríu Júlíusdóttur hjá Nakta apanum. Ætla þau að aka tveimur flutningabílum norður á Akureyri fullum af fötum, slám og hljómflutningstækjum.

Fatamarkaðurinn verður í Brekkugötu 3 og er opinn í dag og á morgun frá 10 til 20. Á laugardeginum verður boðið upp á léttar veitingar auk þess sem fatahönnuðurinn Ási, eða Ásgrímur Már Friðriksson, verður plötusnúður bæði yfir daginn og um kvöldið á Kaffi Amor í miðbæ Akureyrar þar sem gleðin heldur áfram.

Ásta segir fataúrvalið verða mjög blandað, á markaðnum megi bæði finna fín föt og hvunndags. „Fólk er virkilega að kaupa íslenskt þessa dagana enda er íslensk hönnun orðin mjög flott og jafnast alveg á við topphönnun í útlöndum,“ segir Ásta en föt frá E-label verða brátt til sölu í London. „Svo hefur Mundi verið að sýna á tískuviku í París, Birna er að selja í Danmörku og Nakti apinn er að selja mjög stórum aðilum,“ útskýrir Ásta og bætir við að einnig hafi verið nokkuð um að selt sé til útlanda í gegnum vefsíður tískumerkjanna.

Ásta vonast til að aðsóknin verði góð á Akureyri um helgina enda segist hún gera ráð fyrir að hægt verði að endurtaka leikinn seinna. „Þá getum við kannski dregið með okkur fleiri hönnuði og gert þetta oftar,“ segir hún og tekur ekki fyrir að reynt verði að fara víðar en á Akureyri.

Þeir sem vilja kynna sér nánar fötin sem verða til sölu á markaðnum geta farið á eftirtaldar vefsíður: www.e-label.is, www.dontbenaked.com, www.mundivondi.net, www.birna.net.

*solveig@frettabladid.is*



Tískuhönnuðirnir Birna, Sara María og Ási ásamt Ástu sem er eigandi E-label. Á myndina vantar Munda sem einnig heldur til Akureyrar um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


ALLRA SÍÐASTA ÚTSÖLUHELGI
ALLT Á AÐ SELJAST

Fermingarfötin eru komin frá 19.900

Nýjustu sólgleraugun frá París á aðeins 99 krónur - aðeins ein gleraugu á mann.

Gallabuxur frá 3.900 kr.
Allar úlpur á 4.900 kr.
Stakir jakkar á 3.900 kr.
Allar skyrtur með 60% afslætti
Íþróttapeysur á aðeins 1.000 kr.

Allt að 60% afsláttur af jakkafötum
AÐEINS TVENN JAKKAFÖT Á MANN

Herra hafnarfjörður
Firði, Hafnarfirði Sími 565 0073 Opið til kl. 18.00 laugardag

föstudagur
FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 6. mars 2009



# BÓNORÐ ÚTI Í MÓA

**Katrínu Rut Bessadóttur leist ekkert á Helga Seljan við fyrstu sýn.**

## ALGJÖR ABBA DROTTNING

**Þórunn Erna Clausen syngur Abba lög og leikstýrir Mamma Mia söngleik.**

## FRELSIÐ Í FYRIRRÚMI

**Sóley Ástudóttir segir frá því nýjast í förðun, vor- og sumartískunni.**

## KÆRASTINN MJÖG STOLTUR

**Magdalena Dubik nýkjörin Ungfrú Reykjavík hefur verið á föstu í tvö ár.**

# núna

fylgist vel með

## ANDREA RÓBERTSDÓTTIR FJÖLMIÐLAKONA

„Ég er að safna mér saman eftir flensu en ætli ég kíki ekki á Torgið þar sem ég er að fá aðstöðu hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands til að vinna og þróa Jórunnarhjörtun mín. Á morgun er síðan bland í poka. Alþjóðlegur baráttudagur kvenna er á sunnudaginn og kvöldinu varið með yndislegum konum."




### Vilja U2 til Íslands

Þeir sem óska þess heitt og innilega að einn daginn muni hljómsveitin U2 troða upp á Íslandi geta sýnt viljann í verki með því að mæta á tónleika á Nasa annað kvöld. Tónleikarnir standa yfir milli 21 og 23, á undan dansleik Sálarinnar, og rennur hluti miðaverðsins til félagsins U2 til Íslands sem berst fyrir því að fá goðin til að halda tónleika hér á landi. Hljómsveitina skipa Birgir Nielsen og Gunnar Þór Eggertsson úr Landi og sonum, Friðrik Sturluson úr Sálinni og Rúnar Örn Friðriksson úr Sixties. Ekkert verður til sparað á tónleikunum þar sem þekktustu lög U2 munu hljóma og nýjustu breiðskífu sveitarinnar verður fagnað.



### Dalton með djarfa dansara

„Þetta er burlesque-danshópur sem dansar og syngur með okkur nokkur lög," segir Böðvar Reynisson, betur þekktur sem Böddi í Dalton, um liðsaukann sem strákarnir í hljómsveitinni hafa fengið. „Þær eru tvær til fjórar alla jafna, klæða sig erótískt upp og dansa með okkur allt giggið. Eðli málsins samkvæmt eru strákar mjög kátir með þetta," bætir hann við, en hljómsveitin og danshópurinn troða upp á Dillon Sportbar í Hafnarfirði í kvöld.



**Þórunn Erna Clausen syngur, leikur og leikstýrir:**

# SYNGUR ABBA OG LEIKSTÝRIR MAMMA MIA

Ég hoppa bara milli æfinga í Borgarleikhúsinu og Garðabæ og syng svo á Broadway um helgar," segir Þórunn Erna Clausen leikkona sem hefur í mörgu að snúast þessa dagana. Hún leikstýrir Mamma Mia í eigin þýðingu í Garðaskóla, Garðabæ, syngur í Le Sing sem er nú á sínu sjöunda leikári, og hóf nýverið æfingar á Söngvaseið í Borgarleikhúsinu þar sem hún leikur eina af nunnunum.

þetta HELST

„Þetta er í sjötta sinn sem ég leikstýri í Garðaskóla og fannst tilvalið að taka Mamma Mia í ár. Það er mikil gleði og grín í þessu verki sem ég held að allir þurfi á að halda núna. Lögin eru líka svo skemmtileg að það er ekkert mál að þýða þau," útskýrir Þórunn sem syngur sjálf Abba-lög í Le Sing. „Við erum komin með nýtt prógram út af æðinu sem varð eftir Mamma mia-myndina, svo nú blöndum við fleiri Abbalögum við 80's, Motown, diskó og söngleikjatónlist," bætir hún við.

Eitt af þeim fjölmörgu verkefnum sem Þórunn sinnir um þessar mundir er nýtilkomið samstarf hennar og Margrétar Kaaber leikkonu, en þær stöllur skipa dúettinn Clausen & Kaaber og koma fram við undirleik Stefáns Ernis Gunnlaugssonar. „Við Margrét vorum búnar að ganga með það í maganum í heilt ár að búa til þessa karaktera og drifum í því eftir áramót. Persónurnar Clausen & Kaaber eru tvær bráðhuggulegar og brosmildar ungar konur sem hafa mikið dálæti á stemningunni og þeim stíl sem ríkti á árunum 1940-1960. Þær eru glæsilegar til fara, í tilheyrandi ballkjólum og koma fram við öll tækifæri og syngja lög sem slógu í gegn í kringum seinni heimsstyrjöldina, þekkt íslensk lög og Abba-lög í breyttum búningi," segir Þórunn sem er orðin þaulvön að koma fram við ýmiss konar uppákomur því hún tekur einnig að sér veislustjórn með Soffíu Karlsdóttur söngkonu og eiginmanni sínum, Sigurjóni Brink tónlistarmanni.

Þórunn eignaðist sitt annað barn í apríl í fyrra og viðurkennir að vinnan krefjist mikils skipulags. „Það eru fjögur börn á heimilinu þegar mest er svo þetta er oft mikið púsluspil því Sjonni þarf líka að komast á sínar tónlistaræfingar, en þá er gott að eiga góða móður og tengdaforeldra," segir Þórunn og brosir.

*- ag*



**Abba-drottning** Þórunn syngur Abba-lög í Le Sing og með Margréti Kaaber, auk þess sem hún leikstýrir Mamma Mia í Garðaskóla í Garðabæ.




Magdalena Dubik nýkjörin Ungfrú Reykjavík:

# Kærastinn er stoltur

„Hann er bara voðalega stoltur af mér," segir Magdalena Dubik, nýkrýnd fegurðardrottning Reykjavíkur, um Martin, kærastann sinn, sem er þýskur.

Magdalena hefur búið úti í Þýskalandi frá 17 ára aldri þegar hún flutti ein þangað til að fara í listaháskóla í Hanover, en hún býr á Íslandi núna og gengur í Fjölbrautaskólann í Ármúla. Martin er tónlistarmaður eins og Magdalena en þau hafa verið saman í tvö ár.

„Ég held að hann geri sér samt ekki grein fyrir þessu, fegurðarsamkeppnir eru miklu meira mál hér heldur en í Þýskalandi," segir Magdalena sem spilar á fiðlu. „Martin kom hingað í heimsókn í febrúar og fékk að spila sem aukamaður hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands í viku, en hann spilar á slagverk."

*- iáh*



**Flott par** Magdalena og Martin hafa verið saman í tvö ár, en hann býr í Þýskalandi og spilar á slagverk.



**Glæsileg** Magdalena Dubik spilar á fiðlu og gengur í Fjölbrautaskólann við Ármúla.

auga við



**UNGSTIRNI** Aðeins 19 ára gömul er hin bandaríska Taylor Swift orðin ein vinsælasta kántrísöngkona heims. Hún var glæsileg að vanda þegar hún mætti á Echo Music Awards í Berlín á dögunum, klædd hvítri kápu og platformhælum.

föstudagur
**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Arnþór Birkisson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
*sigridurdagny@365.is sími 512 5462* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

fullt af öðrum tilboðum í gangi
komdu og sjáðu!





GLERVASI
á aðeins 390,-



SILKIBLÓM
áður 790,-
nú aðeins 395,-



Matvara
50%
kaffi, te, kakó, olíur, hunang ofl.

Við bjóðum öll húsgögn með
20%
afslætti aðeins þessa helgi gildir ekki með öðrum tilboðum.





verð 49.900,-
nú aðeins
24.950,-

verð 69.900,-
nú aðeins
34.950,-

verð 39.900,-
nú aðeins
19.950,-

Río Grande húsgögnin á
50%
Aðeins þessa helgi eða meðan birgðir endast

the PIER

# Ótrúleg tilboð!

Við bjóðum verslunina Bónus velkomna á Korputorgið og fögnum komu þeirra með glæsilegum tilboðum!

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# HEF ALLTAF ÞURFT AÐ TJÁ MIG

**Katrín Rut Bessadóttir fjölmiðlakona er mætt aftur á skjáinn. Katrín er í sambúð með Helga Seljan fjölmiðlamanni. Hún segir þau sjaldnast ræða þjóðmálin heima fyrir en séu dugleg við að hrósa hvort öðru fyrir góða frammistöðu. Katrín og Helgi eiga dóttur saman og ætla að gifta sig næsta sumar.**

*Viðtal:* Indíana Ása Hreinsdóttir
*Ljósmyndir:* ***Anton Brink***


**Óvænt bónorð** „Við keyptum hringana saman á Jamaíka árið 2006 og ég var búin að steingleyma þeim þegar hann fór niður á bæði hné úti í móa þegar við vorum í sumarbústað," segir Katrín.

Við getum og ætlum að tala um það sem við viljum," segir Katrín Rut Bessadóttir fjölmiðlakona sem er ein af þremur nýjum stjórnendum þáttarins Mér finnst sem sýndur er á ÍNN. Þátturinn er lauslega byggður á bandaríska þættinum The View þar sem kjarnmiklar konur ræða málin og láta sér fátt óviðkomandi. Ásamt Katrínu koma þær Lára Ómarsdóttir og Bergljót Davíðsdóttir að þættinum og Katrín segir þær stöllur ólíkar og stútfullar af spennandi hugmyndum. „Það er mjög spennandi að taka þátt í þessu og við ætlum bæði að fjalla um það sem er efst á baugi hverju sinni og svo allar hinar hliðarnar á mannlífinu. Við ætlum að passa að vera vel undirbúnar og líka að fá til okkar skemmtilega og fjölbreytta gesti," segir hún og bætir aðspurð við að ekkert umræðuefni verði þeim óviðkomandi. „Við erum til dæmis búnar að fjalla um „swing"-menningu á Íslandi og ég get alveg trúað því að við eigum eftir að kafa dýpra í það sem þykir á jaðrinum í samfélaginu. Við getum talað um allt kinnroðalaust enda hvorki feimnar né skoðanalausar," segir Katrín sem hóf sinn fjölmiðlaferil á DV árið 2004 og hefur einnig starfað á Stöð 2. Hún segir muninn á þessu starfi og hinum aðallega þann að nú megi hún allt. „Á hinum miðlunum er maður að miða hlutina út frá viðmælendum sínum en núna get ég sagt það sem mér finnst. Frelsið er meira, sem mér finnst mjög gott. Ég hef alltaf þurft að tjá mig mikið og hætti því eflaust aldrei," segir hún hlæjandi.

## HRÓSA HVORT ÖÐRU

Katrín er í sambúð með Helga Seljan fjölmiðlamanni en þau kynntust á sínum tíma á DV. „Mér leist kannski ekkert svo vel á hann í fyrstu," segir hún og brosir. „Vinkonur mínar voru líka ekki hrifnar og héldu því fram að hann væri hættulegur og að þetta gæti bara endað illa. Kannski voru það varnaðarorð þeirra sem létu mig halda áfram. Ég er svo þrjósk og þvermóðskufull að ég hélt áfram að vera með honum og hef ekki hætt síðan. Ekki bara samt vegna þrjóskunnar, hún þróaðist í eitthvað meira og dýpra," segir hún brosandi. Katrín segir þjóðmálin ekki ofarlega á lista yfir umfjöllunarefni heimilisins. „Við erum ekki mikið að tala um vinnuna okkar en ef ég hef misst af Kastljósþætti kvöldsins spyr ég hann út úr og svo öfugt ef hann hefur misst af mínum þætti. Við spurjum hvort annað álits og hrósum hvort öðru fyrir góða frammistöðu en leggjum ekki í vana okkar að gagnrýna hvort annað. Helgi er alltaf svo góður við mig og finnst ég alltaf æðisleg og ég tek bara mark á því. Hann er aldrei með neikvæða gagnrýni og styður mig í öllu sem ég geri. Við erum ótrúlega sammála þegar kemur að pólitík og þjóðmálum almennt svo við rífumst sjaldan um þess háttar málefni."

## MÓÐUREÐLIÐ LENGI AÐ KIKKA INN

Helgi og Kata eiga saman dótturina Indíönu Karitas sem er 15 mánaða. Katrín segir yndislegt að vera mamma en að hún hafi þurft sinn tíma til að aðlagast hlutverkinu. „Auðvitað elskaði ég hana frá fyrsta degi en fæðingin var mjög erfið. Ég var mjög þung fyrstu mánuðina og þegar ég lít til baka er ég nokkuð viss um að ég hafi fengið vott af fæðingarþunglyndi. Ég var gjörsamlega úr tengslum við raunveruleikann. Núna hefur móðureðlið kikkað inn og ég er farin að njóta þess að vera mamma, þetta er ekki lengur bara skylda." Hún segist hafa verið lengi að jafna sig eftir fæðinguna. „Ég var líka svekkt því ég hafði hugsað mér fæðinguna á ákveðinn hátt en svo varð þetta allt öðruvísi. Ég ætlaði að fæða í vatni og vildi ekki fá nein verkjalyf en hlutirnir fóru alveg í hinn veginn enda fæðingin hæg og erfið. Fyrir vikið fannst mér ég ómöguleg og leið eins og ég væri misheppnuð," segir hún og bætir við að konur ættu ekki að gera sér of miklar hugmyndir fyrirfram varðandi fæðingar. „Þær gerast bara eins og þær gerast."

## FREKARI BARNEIGNIR Í DÆMINU

Katrín segir að þótt Indíana Karitas hafi verið velkomin í heiminn hafi koma hennar ekki verið plönuð. Þau höfðu verið búin að ræða um barneignir og að þær hafi verið á dagskránni fljótlega en ekki svona fljótlega. „Helgi hefur alltaf verið mikill barnakarl. Hann nær vel til barna og þau eru hrifin af honum. Þess vegna var ég farin að hlakka til að sjá hann í pabbahlutverkinu áður en ég varð ólétt. Hann kom mér heldur ekki á óvart og er mjög skemmtilegur pabbi," segir hún og játar því að Indíana Karitas hafi breytt lífi þeirra skötuhjúa. „Koma hennar breytti öllu. Bæði varðandi mig, sambandinu milli okkar Helga og öllu í lífinu en þetta er allt að smella núna," segir hún og bætir við að hún hafi bætt á sig óþarflega mörgum kílóum á meðgöngunni sem hún hafi átt í erfiðleikum með að ná af sér. „Ég er að koma til baka núna og hef loksins endurheimt líkama minn og sjálfstraustið með. Svo verður maður alltaf sjóaðri í foreldrahlutverkinu með tímanum. Þetta er ekki eins mikið mál og í byrjun. Núna er þetta bara gaman." Aðspurð hvort frekari barneignir séu á döfinni segir hún það ekki útilokað. „Ég rokka á milli þess að vilja bíða í nokkur ár og leyfa Indíönu að vera einni með okkur í smá tíma og svo í hina áttina að vilja klára barneignirnar svo hún eignist systkini og leikfélaga. Ég er samt svo ótrúlega glöð að hafa fengið mig sjálfa til baka að ég veit það ekki. Það væri samt gott að drífa í þessu áður en ég gleymi hvernig það er að vera með lítið barn."

## BÓNORÐ ÚTI Í MÓA

Hvorki Helgi né Katrín eru í Þjóðkirkjunni en þau ætla að láta pússa sig saman sumarið 2010. Þrátt fyrir að hafa hvorki ákveðið nákvæmlega stóra daginn né staðsetninguna hafa þau þegar fengið fyrstu brúðkaupsgjöfina. „Mamma fékk svo góðan díl á KitchenAid-hrærivél svo hún gaf okkur hana bara strax. Núna skreytir þessi glæsilega svarta hrærivél eldhúsið okkar," segir hún og bætir við að Helgi hafi komið sér á óvart með bónorðinu. „Við keyptum hringana saman á Jamaíka árið 2006 og ég var búin að steingleyma þeim þegar hann fór niður á bæði hné úti í móa þegar við vorum í sumarbústað. Ég var í þykkri úlpu með Indíönu í poka framan á mér og hefði ekki getað verið lufsulegri með hárið út í loftið og Beagles milli tannanna og ídýfu úti um allt. Ég hafði sagt honum þegar við keyptum hringana að hann yrði að koma mér á óvart og hann hefði ekki getað það betur. Mig hafði stundum grunað að hann væri að fara að biðja mín og hafði þá alltaf vonað að svo væri ekki því þá kæmi það ekki á óvart. Þarna hefði bónorð ekki getað verið fjær mér," segir hún og hlær.

## GÓÐ AÐ SKIPA FYRIR

Katrín er ekkert að mikla fyrir sér hlutina og vílar ekki fyrir sér að ræða um hvaða málefni sem er og það í sjónvarpinu. Hún segist ansi nálægt draumastarfinu enda sé draumurinn að vera sinn eigin herra. „Ég ætlaði alltaf að verða flugfreyja og búðarkona þegar ég var lítil en síðustu árin hefur draumur minn verið minn eigin rekstur, t.d. að reka gistiheimili uppi í sveit. Ég myndi þá vera með hænur, hesta, kýr og geitur en líka smá lúxus eins og heitan pott og gufu og ég held að ég yrði góð í að reka svona stað því ég er svo góð að skipa fyrir," segir hún hlæjandi. „Að vissu leyti er ég í draumastarfinu því mér er frjálst að tala um það sem ég vil. Ég er opin og ekkert að vandræðast með hlutina og finnst leiðinlegt að flækja lífið að óþörfu. Kannski á ég bara eftir að finna mína köllun í lífinu."

## * bak við tjöldin

**Hvort ykkar er duglegra að sjá um heimilisverkin?**
**H:** Kata vinnur þá keppni, enda sú keppni ósanngjörn þar sem hún er í annarri deild en ég, enda húsmæðraskólagengin.

**K:** Ég. Helgi kemur þó sterkur inn í þvottahúsinu.



**Hvort ykkar hefur oftar rétt fyrir sér?**
**H:** Ég segi ég, en þar sem Kata hefur oftar rétt fyrir sér, þá ræður hennar svar.
**K:** Ég.

**Lýstu Helga í einni setningu:**
**K:** Ástríðufullur sveimhugi með ofboðslega réttlætiskennd.

**Lýstu Kötu í einni setningu:**
**H:** Hún skammar mig þannig að ég tek mark á því og hrósar mér þannig að ég tek mark á því.



**Hvort ykkar talar meira?**
**H:** Ég. Kata hefur hins vegar meira að segja en ég.

**K:** Helgi talar ótrúlega mikið. Ekki endilega við mig en endalaust í símann.

**Draumafjölskylduferðin?**
**K:** Við þrjú á Jamaíka eða í Madrid.

**H:** Hún er eitthvert burt héðan. Burt úr því sem Þórbergur Þórðarson kallaði forheimskunarland – fávitahæli, en er líkast til aftur orðið fátæktarland. Langt í burtu, helst til Indlands eða Jamaíka.



## Það heitasta í vor- og sumartískunni:

# Frelsið í fyrirrúmi

„Ég held og vona að tískan í vor og sumar verði fjáls, bæði hvað varðar föt, fylgihluti og förðun,“ segir Sóley Ástudóttir, eigandi EMM school of make up, spurð um tískuna á komandi mánuðum. „Í förðun verður vinsæll farði sem varla sést með smá „glow“ í og það verður svolítið um 80´s look. Kóngablár og turkís augnskuggi verða mjög „inn“ og það nýjasta fyrir kinnar er gelkinnalitur sem fellur inn í húðina, en ekki kremaður eða púður kinnalitur. Eyelinerinn heldur áfram og daufir berjalitir á varirnar,“ útskýrir Sóley.

„Hvað varðar klæðnað í vor og sumar, þá verður mikið um pastelliti og frjálst „look“ með blómamunstri og bjartari litum eftir gráan og kaldan vetur. Vor og sumar frá H&M minnir svolítið á Miami Vice, stórir jakkar, skyrtur, síðir frakkar og svo framvegis. Það verður mikið um skyrtur yfir peysu og stuttbuxur yfir leggings. Fólk mun gera meira af því að blanda gömlum fötum við ný, hugsa um umhverfið og endurnýja. Allt „print“ á eftir að minnka og það verður meira um lágstemmda liti, svolítið eins og að það sé búið að þvo flíkina oft,“ bætir hún við.

„Fólk á vonandi eftir að þora að blanda gömlum fötum við ný og prufa að vera aðeins meira skapandi þar sem buddan mun væntanlega ekki vera eins þung og áður fyrr. Það sem gerist þegar peningaflæðið minnkar er að fólk byrjar að hugsa og þar af leiðandi nota sköpunarhæfileikana og það sem er þegar til í skápnum. Það heitasta í vor- og sumartískunni verður því ekki það nýjasta frá tískuhúsunum, heldur sjálfstæðar konur í nýju „looki“ sem þær hafa skapað sjálfar heima hjá sér og er ótrúlega spennandi.“

*- ag*



**Flott** Sóley segir mikið frelsi fylgja vor- og sumartískunni, og vonar að konur eigi eftir að þora að skapa eigið útlit.






# tíðin
aldrei liðið betur

**ROKKÓPERAN !HERO** Söngleikurinn gerist í New York borg nútímans, í heimi þar sem Jesús hefur aldrei lifað. Hero fer að prédika fyrir borgarbúum að elska óvini sína og boðar nýtt líf, en ekki eru allir tilbúnir að taka við fagnaðarerindinu. Ekki missa af glæsilegri sýningu í Loftkastalanum í kvöld.

**IDOL STJÖRNULEIT** Ef þú vilt eiga kósýkvöld heima er um að gera að koma sér vel fyrir í sófanum fyrir framan sjónvarpið og horfa á Idol stjörnuleit á Stöð 2. Tuttugu keppendur eru komnir áfram og í kvöld ríða stelpurnar tíu á vaðið. Þjóðin kýs í símakosningu þær fimm stelpur sem komast áfram í úrslit.

## EDINBORG

BORGIN mín

**Guðný Ebba Þórarinsdóttir**



**MORGUNMATURINN:** Cafe Jacques í Grassmarket þar sem ég sveiflast á milli þess að fá mér skoskan morgunverð eða enskan. Ég er hrifnari af skoskum og þá fæ ég ristað brauð, black pudding, egg, potato scone og potato hash, beikon og steikta tómata og sveppi, að ógleymdu svörtu kaffi.

**ÚT AÐ BORÐA:** Under The Stairs á Merchant Street rétt af Candlemaker Row. Þarna ríkir Boston/Kaffibars fílingur og vita fáir af þessum stað. Innréttingarnar eru hlutir hver úr sinni áttinni og staffið skiptir út húsgögnum og myndum á veggjum og breytir matseðlinum reglulega. Ég fæ mér alltaf Red Stripe bjór og glápi á ástralska barþjóninn.

**UPPÁHALDSVERSLUN:** Armstrongs í Grassmarket er ein besta vintage búð í heiminum. Búin að vera í bissness síðan 1840 og endalaust hægt að gramsa þar. Mér skilst að Kate Moss versli þarna blessunin. Það er langskemmtilegast að versla í Grassmarket og á Victoria Street í eldri hluta Edinborgar og best að forðast Princes Street eins og heitan eldinn.

**BEST VIÐ BORGINA:** Borgin er svo falleg að þótt ég sé búin að vera hérna í meira en ár stend ég mig enn að því að stoppa á miðri götu og finnast ég eiga heima í ævintýri. Þú færð ekki leið á því að sjá kastala út um stofugluggann. Fólkið hér er líka yndislegt.

**BEST AÐ EYÐA DEGINUM:** Vakna fyrir hádegi og fá sér morgunmat hjá Jacques. Hjálpa svo náunganum og gefa blóð uppí Blood Donor Centre á Lauriston Place. Hjúkkurnar þar láta manni algjörlega líða eins og Móður Teresu eftir herlegheitin. Ef það er föstudagur fer ég á kreppusýningu á 3,50 pund í Filmhouse á Lothian Road og sé einhverja klassík. Fæ mér svo miðdegishressingu á Under The Stairs í góðra vina hópi.



## TOPP 10

## SIGRÚN SÓL ÓLAFSDÓTTIR
**leikkona**





**SIRKUS** Þessi hestur var leikmunur í sýningunni Þjóðarsálin sem ég leikstýrði fyrir tveimur árum. Yngsti sonurinn skírði hann Sirkus.



**TEYGJUR** Það er þjóðráð að klippa niður gamlar sokkabuxur, Þá þarf maður aldrei að kaupa teygjur í hárið.



**BRÓÐIR MINN GERÐI ÞESSAR STYTTUR.**



**TROMMUSETTIÐ**





**KAFFIKANNAN**



**SKÓR SEM ÉG KEYPTI FYRIR 12 ÁRUM Í SKÁTABÚÐINNI**



**GÖMLU GÓÐU GLERAUGUN Í MÍNUS SEX**



**GULLKORNABÆKUR SONA MINNA.** Þarna stirnir á gullið, varðveittar hugsanir og snilldartilsvör alveg frá því þeir byrjuðu að læra að tala fram til dagsins í dag.



**ÁSTUNDARHNAKKURINN** Ég keypti hann notaðan og hann er bara bestur.






**Selma Hafsteinsdóttir förðunarfræðingur:**

# HELDUR OPNA FÖRÐUNARKEPPNI

Keppnin í fyrra gekk svo vel að ég ákvað bara að endurtaka leikinn og gera þetta ennþá flottara núna," segir Selma Hafsteinsdóttir 22 ára sem stendur fyrir förðunarkeppni miðvikudaginn 11. mars á Rúbín í Öskjuhlíð. Allir sem náð hafa átján ára aldri geta tekið þátt í keppninni, hvort sem þeir hafa lært förðun eða ekki.

„Sú sem sigraði í fyrra var ólærð, svo margir hafa þetta í sér án þess að vera búnir að læra förðun en ætla kannski að gera það í framtíðinni," segir Selma sem lærði sjálf förðun hjá Snyrtiakademíunni og er að klára nám í hárgreiðslu. „Skjöldur Eyfjörð, Solla Airbrush og Sigga Þóra verða í dómnefnd og á staðnum verður meðal annars snyrtivörukynning, tískusýning frá Chamsry saumagallery og Alan úr X-factor tekur nokkur lög," bætir hún við, en áhugasamir geta skráð sig með því að senda tölvupóst á *timabil.keppni@gmail.com*. *- ag*



**Glæsileg** Selma skipuleggur keppnina, en sigurvegarinn hlýtur glæsilegan verðlaunagrip, ljósmyndatöku, hár- og snyrtivörur.

## HELLO KITTY í nýju hlutverki



Japanski teiknimyndakarakterinn Hello Kitty hefur öðlast nýja ímynd í spennandi snyrtivörulínu frá MAC. Línan er tileinkuð kisunni sem er nú orðin eitt þekktasta vörumerki heims. Hello Kitty sem hefur ávallt verið þekkt fyrir hvítt og saklaust útlit sitt er nú orðin djarfari og situr fyrir svört á litinn með svarta og bleika latexslaufu. Snyrtivörurnar í línunni bjóða upp á ótal möguleika, enda bæði litríkar og spennandi. Línan er væntanleg í verslanir MAC í lok mánaðarins og allar umbúðirnar eru sérmerktar Hello Kitty.



**Litrikt** Hello Kitty vörurnar hjá MAC koma í sérmerktum umbúðum

UPPLÝSINGAR UM
NÁM OG RÁÐGJÖF
FYRIR ATVINNULAUSA

# MENNTATORG

# ATVINNULAUS?

Föstudaginn 6. mars gefst þér tækifæri á að fá gagnlegar upplýsingar og ráðgjöf á Menntatorgi sem haldið er á vegum samstarfshóps um menntunarúrræði. Fjölbreytt dagskrá.

**FÖSTUDAGINN 6. MARS**
**SKEIFUNNI 8, 2. HÆÐ**
**FRÁ KL. 14:00 - 18:00**

## DAGSKRÁIN

### ÖRNÁMSKEIÐ
Hvert námskeið er 45 mínútur

- Viðbrögð við atvinnumissi kl. 14:00
- Að koma sér á framfæri kl. 14:30
- Parketlagnir kl. 14:30
- GPS staðsetningartæki kl. 14:30
- Svefn og svefnbætandi ráð kl. 15:00
- Ítölsk matargerð kl. 15:30
- Lagnaþekking kl. 15:30
- Ferilskrá – hvað skiptir máli? kl. 15:30
- Létt axla- og höfuðnudd kl. 16:00
- Úrbeining kjöts kl. 16:30
- Málmsuða – kynning kl. 16:30
- Langar þig í nám? kl. 16:30
- Myndirnar þínar í tölvu kl. 17:00

### VINNUSTOFA
Hugmyndavinna um úrræði og bætta þjónustu vegna atvinnuleysis

- Vinnustofa 1 kl. 15:00
- Vinnustofa 2 kl. 16:00

### NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
frá kl. 14:00 til 18:00

- Námsframboð
- Áhugasviðsgreiningar
- Ferilskrárgerð
- Möguleikar á einstaklingsviðtölum
- Hagnýt ráð í starfsleit
- Raunfærnimat

### KYNNINGAR OG REYNSLUSÖGUR
Hver kynning er 20 mínútur

- Menntatorg.is – vefur um nám opnar kl. 14:00
- Upplýsingar um stofnun fyrirtækja kl. 14:30
- Náms- og starfsráðgjöf kl. 15:00
- Raunfærnimat kl. 15:30
- Vottaðar námsleiðir kl. 16:00
- Úrræði fyrir lesblinda kl. 16:30
- Nýttu kraftinn kl. 17:00
- Deiglan, atvinnu- og þróunarsetur kl. 17:30

### UPPLÝSINGATORG
frá kl. 14:00 til 18:00

- Nýsköpunarmiðstöð
- Starfsmenntasjóðir
- Fjarnám á framhaldsskólastigi
- IÐAN- fræðslusetur
- Mímir-símenntun
- Hitt húsið
- Námsflokkar Reykjavíkur
- Námsflokkar Hafnarfjarðar
- Framvegis
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
- Starfsmennt

### ÞJÓNUSTUSKRIFSTOFA VINNUMÁLASTOFNUNAR
frá kl. 14:00 til 18:00

- Náms- og starfsráðgjöf
- Námssamningar
- Starfsþjálfun og reynsluráðning
- Námsstyrkir og námskeið

**MENNTATORG** verður haldið í Skeifunni 8, 2. hæð
frá kl. 14:00 til 18:00. Barnahorn og veitingar.
Allir velkomnir!

MENNTATORG
www.menntatorg.is

DAGSVERK.IS / FRAE0309

## KLINGENBERG SPÁIR



**Goran Kristófer Micic einkaþjálfari**



„Goran Kristófer Micic er fæddur 07.03.1962 sem er 28 og hann er því með lífstöluna 1. Talan 1 er leiðtogatala og hefur frumkvöðlaorku í kringum sig. Þegar maður er talan einn segir maður oft að maður sé ás og ásinn er að sjálfsögðu hæstur í spilastokknum. Ásarnir eru kappsfullir, óþolinmóðir, kraftmiklir og slyngir. Þeir eru trygglyndir fram úr hófi og er það mjög sjaldgæft að ásar eigi fleiri en einn maka, sérstaklega ef um konur er að ræða. Það er hins vegar oft á tíðum erfiðara að stjórna karlmönnunum í þessari tölu því sjálfstæðið drýpur af þeim.

Goran er að fara inn í skemmtilega tíð þar sem hann er á tölunni 3, sem þýðir að hann mun taka áhættur sem eiga eftir að borga sig. Hann er sterkastur þegar álagið er mest því hann er bardagamaður sem ekki er svo auðvelt að sigra. Hann ber hag fólks sérlega fyrir brjósti og orðið árangur er millinafn Gorans.

Kraftur ástarinnar er mikill í kringum Goran og hægt og rólega er hann að velja sér lífsförunaut. Hvort að það haldist um aldur og ævi er allsendis óvíst, en Goran hefur sérstakan kraft til að lifa í núinu svo hamingjan blómstrar hjá honum, bæði í starfi og ástinni. Framundan eru mikilvægar ákvarðanatökur hjá honum vegna þess að yfirleitt eru breytingar mestar í kringum afmælisdaginn okkar, því það eru okkar áramót.

Þó Goran hafi markað nafn sitt sterkt í hugum Íslendinga þá getum við samt sagt að hann er bara rétt að byrja."

*www.klingenberg.is*



## FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Heiðrún Lind Marteinsdóttir lögmaður**

**1**



**Vakna eftir góðan svefn, blanda girnilegan möndlu- og bláberjadrykk og les blöðin uppi í rúmi.**

**2**

**Rölti í Sundhöllina og ræði landsins gagn og nauðsynjar við heldri menn í pottinum.**

**3**

**Hitti vinkonurnar í hádeginu á Horninu.**

**4**

**Tylli mér á kaffihúsið í Máli&Menningu á Laugavegi og sökkvi mér í blaðalestur – misgáfulegan. Kaupi mér svo auðvitað eitthvað fallegt þegar ég held heim á leið niður Laugaveginn.**



**5**

**Efni til matarboðs með skemmtilegu fólki, þar sem jafnvel verður tekið fram Fimbulfamb eða Pictionary.**






KONUR OG MENN

SMÁRALIND
Mán. – Fös. 11-19.
Lau. 11-18. Sun. 13-18.

LAUGAVEGUR
Mán. – Fös. 11-18.
Lau. 11-16.

GK REYKJAVÍK

**ALAN GREENSPAN ER 83 ÁRA Í DAG.**

*„Ég verð að vara ykkur við, ef þið eigið auðvelt með að skilja það sem ég segi hafið þið sennilega misskilið mig.“*

***Greenspan er hagfræðingur og fyrrverandi seðlabankastjóri Bandaríkjanna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 6. MARS ÁRIÐ 1869

## *Fyrsta uppkast lotukerfisins kynnt*

Rússneski efnafræðingurinn Dmitri Medelejev kynnti þennan dag árið 1869 fyrsta uppkast lotukerfisins.

Lotukerfið er yfirlit yfir öll þekkt frumefni sett fram í töflu. Efnunum er raðað í töfluna eftir rafeindaskipan þannig að hún sýnir hvernig margir eðliseiginleikar efnanna breytast í gegnum töfluna. Hvert efni er sýnt með sætistölu sinni og efnatákni. Taflan sýnir ýmis grundvallareinkenni efnanna. Til eru fleiri kerfi sem sýna eiginleika frumefnanna, annaðhvort í meiri smáatriðum eða frá öðru sjónarhorni.

Hver lárétt lína í töflunni nefnist lota. Hver dálkur í töflunni nefnist hins vegar efnaflokkur eða bara flokkur.

Mendelejev fæddist hinn 8. febrúar árið 1834 í þorpinu Verhnie Aremzyani. Hann lést í Pétursborg 2. febrúar árið 1907, 72 ára að aldri.



## MERKISATBURÐIR

1902 Sögufélagið er stofnað til að „gefa út heimildarrit að sögu Íslands í öllum greinum frá því á miðöldum og síðan“.

1905 Coot, fyrsti togari í eigu Íslendinga, kemur til Hafnarfjarðar.

1921 Portúgalski kommúnistaflokkurinn er stofnaður.

1957 Afríkuríkið Gana fagnar sjálfstæði sínu frá Bretlandi.

1983 Helmut Kohl er kjörinn kanslari Þýskalands.

1992 Tölvuvírusinn Michelangelo fer af stað og herjar á tölvur um allan heim.

1998 Frost mældist -34,7°c í Mývatnssveit, það mesta á landinu í áttatíu ár.



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Garðarsson**

fyrrverandi bifreiðastjóri,
Hringbraut 50 (áður Þorfinnsgötu 12),

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund 23. febrúar sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð. Alúðarþakkir færum við öllu starfsfólki Grundar en þó sérstaklega þeim er starfa á deild V-4 fyrir frábæra umönnun og elskulegt viðmót. Guð blessi ykkur öll.

**Hulda Halldórsdóttir** **Stefán Ásgrímsson**
**Garðar Halldórsson** **Björg Ingþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Franklín Steinarsson,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum 4. mars.

**Steinar Ingi Einarsson** **Gunnhildur María Eymarsdóttir**
**Sigurður Arnar Einarsson** **Á. Bergljót Stefánsdóttir**
**María Björk Steinarsdóttir** **Konstantín Shcherbak**
**Einar Ísfeld Steinarsson** **Erin Jorgensen**
**Sigurgeir Sigurðsson**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Salómonsson**

Núpalind 8, Kópavogi,

andaðist á líknardeild Landspítalans 23. febrúar. Útförin hefur farið fram. Kærar kveðjur til allra þeirra sem studdu hann og okkur í veikindum hans, ekki síst til Kristínar útfararstjóra á Kanarí.

**Erla Gerður Högnadóttir**
**Sigursteinn Gunnarsson**
**Guðjón Gunnarsson**
**Kolbrún Ýr Jóhannsdóttir**
**Guðrún Erla Sigursteinsdóttir.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Margrét Magnúsdóttir,**

Álfaskeiði 78, Hafnarfirði,

verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju mánudaginn 9. mars n.k. kl. 13.00.

**Jón Olgeirsson**
**Sigurjón Jónsson** **Kolbrún Sjöfn Indriðadóttir**
**Holgeir Jónsson** **Guðbjörg Ragnarsdóttir**
**Magnús Jónsson** **Guðlaug Fjóla Arnardóttir**
**og barnabörn.**



**KRISTNIBOÐI Í 40 ÁR** Skúli Svavarsson á nytjamarkaði Kristniboðssambandsins sem er opinn virka daga allan ársins hring. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SAMBAND ÍSLENSKRA KRISTNIBOÐSFÉLAGA: FAGNAR ÁTTATÍU ÁRUM

# Kristniboð er hjartans mál

Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), oft nefnt Kristniboðssambandið, er áttatíu ára í ár. Sambandið var stofnað í framhaldi af heimkomu Ólafs Ólafssonar kristniboða sem hafði verið við störf í Kína.

„Íslenskir kristniboðar voru við störf í Kína þar til um miðja síðustu öld þegar landinu var lokað fyrir kristniboðum. Eftir stendur kirkjan í Kína og mikill fjöldi kristinna manna í landinu,“ segir Skúli Svavarsson, kristniboði til fjörutíu ára og starfsmaður Kristniboðssambandsins. „Í dag starfar SÍK aðallega í Afríkulöndunum Eþíópíu og Keníu.“

Kristniboðar starfa undir kjörorðinu „Kristnið allar þjóðir“ en kristniboði fylgja alltaf kærleiksverk. „Við byrjuðum að senda kristniboða til Eþíópíu árið 1953 og til Keníu 1978. Í Eþíópíu sameinuðumst við öðrum lúterskum kristniboðsfélögum og var stofnuð lútersk kirkja í landinu árið 1959. Hún fagnaði 50 ára afmæli í janúar og nú tilheyra henni um 5 milljónir kristinna manna.

Íslenskir kristniboðar hafa átt mikinn þátt í uppbyggingu landanna. Þeir hafa komið á fót fjölmörgum barnaskólum, framhaldsskólum, háskólum og heilbrigðisstofnunum. „Hugmyndin með kristniboði er að hjálpa manninum heildstætt. Þá er rík áhersla lögð á það að setja ekkert í gang nema vitað sé að fólkið á staðnum geti tekið við og séð um þau verkefni sem við komum á fót. Þetta er því hjálp til sjálfshjálpar enda er það í eðli kristniboða að vera á ferðinni og fara sífellt á nýja staði og þangað sem neyðin er mest,“ segir Skúli. Hann segir það gefa sér mikið að fylgjast með árangrinum af starfinu. „Þetta er mér hjartans mál og menn segja þetta köllun.“

Starfsemi SÍK er að mestu fjármögnuð með einstaklingsframlögum en auk þess reka samtökin nytjamarkað á Grensásvegi 7. Í tilefni afmælisins mun sambandið halda afmælishátíð í húsi KFUM og K að Holtavegi 28 sunnudaginn 15. mars en auk þess verður sérstök afmælisdagskrá alla næstu viku. Ská nánar á www.sik.is.

**vera@frettabladid.is**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Sólborg Marinósdóttir**

Laugarnesvegi 116,

sem lést á Landspítalanum þann 23. febrúar síðastliðinn, verður jarðsungin frá Laugarneskirkju föstudaginn 6. mars klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ás, styrktarfélag. Sérstakar þakkir fá læknar og hjúkrunarfólk á blóðlækningadeild Landspítalans við Hringbraut fyrir góða umönnun og alúð.

**Rudolf Ásgeirsson**
**Ásgeir Marinó Rudolfsson** **Guðbjörg D. Tryggvadóttir**
**Sverrir Þór Rudolfsson** **Anna Wahlström**
**Anna Rudolfsdóttir** **Reynir Þór Reynisson**
**Áslaug J. Marinósdóttir**
**Þorsteinn Marinósson**
**og barnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, sonur, bróðir og fyrrum maki,*

**Ragnar Jón Gunnarsson**

arkitekt og skipulagsfræðingur,
Reynimel 31,

lést á heimili sínu 4. mars. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Hilmir Berg Ragnarsson** **Arnar Jón Ragnarsson**
**Janus Christiansen** **Birgitta Baldursdóttir**
**Guðlaug Erna Jónsdóttir**
**Gunnar G. Einarsson**
**Einar Berg Gunnarsson** **Svandís Bára Karlsdóttir**
**Þórey Björg Gunnarsdóttir** **Guðbjartur I. Torfason**
**Hafdís Lilja Gunnarsdóttir** **Karl H. Karlsson**
**og systkinabörn hins látna.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

# ALLTAF BETRA VERÐ

## FERMINGARTILBOÐ FERMINGARTILBOÐ FERMINGARTILBOÐ



### Toshiba Satellite A300-1SR
2.0GHz Intel Core Duo T6400 örgjörvi • 4GB DDR2 800MHz vinnsluminni • 320GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • 512MB ATI Radeon HD 3650 PCI-Express skjákort • Öflugir Harman Kardon hátalarar • Þráðlaust 54Mbps 802.11a/g/n og Bluetooth 2.0 • Vefmyndavél • 4xUSB 2.0, FireWire, HDMI, eSATA, ExpressCard Slot o.fl. • Windows Vista Home Premium

**169.990**



### Acer E5230-571G16MN
2.0Ghz Intel Celeron M 575 Centrino með 1MB flýtiminni • 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni • 160GB SATA harðdiskur • 8xDVD±RW Dual Layer skrifari • 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár • Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort • Þráðlaust 802.11bgn netkort • 3xUSB 2.0, VGA, PC Card slot II, ExpressCard/54 slot o.fl. • Windows Vista Home Basic

**79.990**



### 1 TB WD MyBook FLAKKARI
**WD Essential 2 - 1 Terabyte**
1TB flakkari frá WD með hljóðlátum og umhverfisvænum WD Green hörðum disk. Slekkur á sér um leið og tölvan og sparar þannig orku.

**21.990**

### iPOD VAGGA


**Logitech Pure Fi Express Plus**
Hátalarar og hleðslustöð fyrir iPod með klukku, vekjara og fjarstýringu. (Ath. iPod fylgir ekki).

**19.990**

### MARGMIÐLUNAR SPILARI


**ICY BOX MP-303**
Frábær sjónvarpsflakkari spilar alla helstu staðla í mynd og hljóði. Fjarstýring fylgir.

**19.990**

### SKJÁKORT


**MSI ATI Radeon R4670**
512MB skjákort. 2000MHz GDDR3 minni, 750MHz kjarni. HDMI, 2 DVI Out, DUAL Link DVI, VIVO ofl.

**16.990**

### ÞRÁÐLAUS STÝRIPINNI


**Logitech Freedom 2.4**
Þráðlaus 2.4 GHz stýripinni með 10 forritanlegum hnöppum, snúningshandfangi, nákvæmri inngjöf ofl.

**12.990**

### HÁTALARAKERFI


**Logitech X-210**
25w RMS hátalarakerfi með stóru bassaboxi, fjarstýringu með hljóðstilli og tengi fyrir heyrnartól.

**10.990**

### VINNSLU MINNI


**Corsair 4GB DDR2 800MHz CL5 (2x2GB)**
Hraðvirkt DDR2 minni með kæliplötum og lífstíðarábyrgð.

**7.990**

### TÖSKUR
GOTT ÚRVAL



VERÐ FRÁ KR.

**1.990**

# TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 S: 414 1700 | STRANDGÖTU 9 S: 414 1730 | MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735 | HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740 | AUSTURVEGI 34 S: 414 1745 | REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750 | HLÍÐASMÁRA 10 S: 414 1760 |

# BETRA VERÐ UM

## MÁLA INNI OG MEÐ ÁHERSLU Á HEILSUNA?

JOTUN

sens

er eina málningartegundin sem samþykkt er af norska og íslenska astma- og ofnæmisfélaginu

**Kynningarverð**
veggmálning 3 ltr
**4.995**




Veggmálning gljástig 10
7122103-5

**Hornamálari**
7014697
**599**



**899**



**Rúllusett**
Ruffex 25 sm.
7010093

**699**



**Málningar-fata**
12 ltr, 25 sm
7006205



ódýrt **1.995**m²

**Veggflís Dublin** METROPOL
Hvítar glansandi m/bugðóttu yfirborði, stærð 20x25 sm.
8611000



ódýrt **2.990**m²

**Gólfflís Club**
K11 svört/K9 grá/K7 Beige/K10 brún.
45x45, þykkt 9.5 mm. Frostþolnar.
8630740-43

**10 ltr**

ódýrt **4.999**




**Húsasmiðjumálning**
Góð veggmálning innanhúss, hrímhvít og beinhvít gljástig 10
7119963/7

## FLOTT FERMINGARGJÖF
**15%** AFSLÁTTUR TIL 30. MARS




REMINGTON

**Sléttujárn, með DVD**
**Remington**, 3x Protection. Sleek & Curl.
1804522

**10.190**
~~11.990~~

**Gott í sumarbústaðinn**

**Kælir**
Amica, AC200iAP,
122 sm hvítur.
203 ltr, orkunýting A.
1808301

Amica



**59.990**



10% til inneignar 10% til inneignar 10% til inneignar 10% til inneignar 10% til inneignar

**NOTAÐU INNEIGNINA Í MARS**

**VIÐ BORGUM ÞÉR!**
**EF ÞÚ FÉKKST INNEIGN Í FEBRÚAR, MUNDU ÞÁ EFTIR AÐ NOTA HANA Í MARS**

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.
Tilboð gilda föstudag til sunnudags meðan birgðir endast.

# LAND ALLT

## HÚSASMIÐJAN HEIMABYGGÐ





2.499

**Skrúfjárnasett**
**Probuilder**, 18 stk á standi.
5010142



ódýrt 999

**Malarskófla**
5082502



ódýrt 1.699

**Snjóskófla**
PLast, álkantur 1470 mm löng, blað 390x470 mm, D-hald.
5082363



ódýrt 999

**Hallamál**
**Komelon**, 40 sm.
5014024



**Hekkklippur rafmagns**
**Ikra**, 550W - 60 sm blað, 18 mm klippigeta.
5083540

7.999



# TORGIÐ

VÖRUMARKAÐUR HÚSASMIÐJUNNAR

Torgið er að finna í verslunum okkar í Skútuvogi, Grafarholti, Akureyri, Selfossi, Egilsstöðum, Borgarnesi, Hafnarfirði og Reykjanesbæ.

**TORGIÐ** -ódýrt og skemmtilegt!



199

**Trémódel,** flugvél eða eðla
4300004



199

**Kveikjari,** gas, 110 mm
4301015



399

**Handklæði,** 50 x 85 sm
4301022-3

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál




Skoðaðu
MÍN BORG
ferðablað
Icelandair
á www.visir.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS


# … Og det var Danmark



NOKKUR ORÐ
Kjartan Guðmundsson

Alvöru íþróttir hafa ekkert með háttvísi að gera. Þær byggjast á hatri, afbrýðisemi, monti, skorti á virðingu fyrir lögum og reglu og sadískum áhuga á ofbeldi. Þær eru, með öðrum orðum, stríð án kúlnahríðanna.“ Með þessari tilvitnun í rithöfundinn George Orwell hefst nýleg heimildarmynd um sögu danska landsliðsins í knattspyrnu á árunum 1979 til 1992.



Í kjölfarið er svo staðhæft að þótt þessi orð Orwells séu góð og gild annars staðar í heiminum, þá sé því öfugt farið í Danaveldi. Þar hafi áherslan ætíð verið lögð á aðra og ekki minna þekkta heimspeki; „You win some, you lose some.“

Mér áskotnaðist þessi fína heimildarmynd, *… Og det var Danmark*, í vikunni og mæli eindregið með henni fyrir alla knattspyrnuunnendur. Vissulega sló ég ákveðna varnagla við umsögnina á hlustrinu, þar sem blaðamaður danska dagblaðsins B.T. lofar að áhorfendur „sitji með kökk í hálsinum, tár á hvarmi og bros eyrnanna á milli“ eftir áhorfið, en það var nákvæmlega það sem gerðist hjá mér. Það er nefnilega eitthvað svo dásamlega nostalgískt við þetta danska landslið, sem heillaði heimsbyggðina á EM 84, HM 86 og EM 92 með léttleikandi spilamennsku. Kæruleysislegi andinn sem umlék liðið heillar ekki síður. Gleðin í hópnum skilaði sér út á völlinn og til áhorfenda.

Mér finnst eins og allt í kringum fótboltann hafi verið skemmtilegra á þessum árum, áður en fjáraustur og „fagmennska“ gleyptu geirann með húð og hári. Var Laudrup, Elkjær, Olsen og Mølby ekki meira annt um að leika áferðarfallegan bolta en að krækja í arðbæra auglýsingasamninga? Eða er það bara fjarlægðin sem gerir fjöllin blá?


# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 7/3 | kl. 14:00 | U | Lau 28/3 | kl. 14:00 | U | Sun 19/4 | kl. 17:00 | U |
| Lau 7/3 | kl. 17:00 | U | Lau 28/3 | kl. 17:00 | U | Lau 25/4 | kl. 14:00 | U |
| Sun 8/3 | kl. 14:00 | U | Sun 29/3 | kl. 14:00 | U | Lau 25/4 | kl. 17:00 | U |
| Sun 8/3 | kl. 17:00 | U | Sun 29/3 | kl. 17:00 | U | Sun 26/4 | kl. 14:00 | U |
| Lau 14/3 | kl. 14:00 | U | Lau 4/4 | kl. 14:00 | U | Sun 26/4 | kl. 17:00 | U |
| Sun 15/3 | kl. 14:00 | U | Lau 4/4 | kl. 14:00 | U | Sun 3/5 | kl. 14:00 | U |
| Sun 15/3 | kl. 17:00 | U | Sun 5/4 | kl. 17:00 | U | Sun 3/5 | kl. 17:00 | U |
| Lau 21/3 | kl. 14:00 | U | Sun 5/4 | kl. 17:00 | U | Þri 5/5 | kl. 18:00 | U |
| Lau 21/3 | kl. 17:00 | U | Lau 18/4 | kl. 14:00 | U | Sun 10/5 | kl. 14:00 | U |
| Sun 22/3 | kl. 14:00 | U | Lau 18/4 | kl. 17:00 | U | Sun 10/5 | kl. 17:00 | U |
| Sun 22/3 | kl. 17:00 | U | Sun 19/4 | kl. 14:00 | U | Lau 16/5 | kl. 14:00 | U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fös 6/3 | kl. 20:00 | U | Mið 18/3 | kl. 20:00 | U | Mið 1/4 | kl. 20:00 aukas. |
| Lau 14/3 | kl. 20:00 aukas. | U | Mið 25/3 | kl. 20:00 aukas. | Ö | Fim 2/4 | kl. 20:00 aukas. |

Aukasýningar í sölu, sýningum lýkur í apríl

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös 13/3 | kl. 20:00 frums. U | Fim 26/3 | kl. 20:00 4.sýn. | Fim 16/4 | kl. 20:00 7.sýn. |
| Fim 19/3 | kl. 20:00 2.sýn. | Fös 27/3 | kl. 20:00 5.sýn. | | |
| Fös 20/3 | kl. 20:00 3.sýn. | Fös 3/4 | kl. 20:00 6.sýn. | | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús LHÍ

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Lau 7/3 | kl. 13:00 | U | Lau 14/3 | kl. 14.30 | Ö | Lau 28/3 | kl. 13:00 | U |
| Lau 7/3 | kl. 14:30 | Ö | Lau 21/3 | kl. 13:00 | Ö | Lau 28/3 | kl. 14:30 | Ö |
| Lau 14/3 | kl. 13:00 | Ö | Lau 21/3 | kl. 14:30 | Ö | | | |

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mán 16/3 | kl. 21:00 fors. | Ö | Fim 19/3 | kl. 21:00 fors. | Ö | Fim 26/3 | kl. 21:00 |
| Þri 17/3 | kl. 20:00 fors. | Ö | Fös 20/4 | kl. 21:00 frums. | U | Fös 27/3 | kl. 21:00 |

ÍSLENSKA ÓPERAN

„MÉR LIGGUR MIKIÐ Á HJARTA“

TÓNLEIKAR Í ÍSLENSKU ÓPERUNNI LAUGARDAGINN 7. MARS KL. 16

SÖNG OG PÍANÓVERK EFTIR RICHARD WAGNER VIÐ LJÓÐ MATHILDE WESENDONCK OG FLEIRI SKÁLDA



SOPHIYA PALAMAR, MEZZÓSÓPRAN
ALBERT MAMRIEV, PÍANÓ
SÓLVEIG ARNARSDÓTTIR, LEIKARI

WWW.OPERA.IS


## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Kjölturakkar** — Eftir Patrick McDonnell




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Menningarverðlaun DV 2008 veitt

Menningarverðlaun DV voru afhent síðla dags á miðvikudag í Iðnó. Menningarverðlaun blaðsins hafa í þrjá áratugi verið stór viðburður í íslensku menningarlífi þótt minna hafi farið fyrir þeim hin síðari ár eftir að DV missti stöðu sína á fjölmiðlamarkaði og upplag blaðsins dróst saman. Verðlaunin eru veitt fyrir einstakt framlag einstaklinga til menningarinnar, að mati dómnefndar í hverjum flokki.

Að auki voru veitt netverðlaun og sérstök heiðursverðlaun sem forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti.

Menningarverðlaun DV komu til sögunnar árið 1978 í framhaldi af gagnrýnendaverðlaunum sem kennd voru við Silfurlampann og Silfurhestinn og höfðu dottið upp fyrir. Helstu hvatamenn að stofnun þeirra voru þeir Jónas Kristjánsson ritstjóri, Ólafur Jónsson gagnrýnandi og Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur. Síðan hafa verðlaunin verið árviss að undanskildum tveimur árum sem þau féllu niður. Lengi vel voru verðlaunagripir sérhannaðir ár hvert en hin síðari ár hefur verðlaunagripurinn verið samur ár eftir ár, hannaður af listakonunni Huldu Hákon og kallast „Jónas“ eftir frumkvöðlinum, Jónasi Kristjánssyni, fyrrverandi ritstjóra DV en ber líka nokkurn svip af Jónasi Hallgrímssyni.

Tilnefningar voru í átta flokkum og stóðu fagnefndir að þeim.



**MENNING** Verðlaunagripurinn er hannaður af Huldu Hákon

**Sigurvegarar voru:**

- **Í flokknum Kvikmyndir:** Kjötborg eftir Helgu Rakel Rafnsdóttur og Huldu Rós Guðnadóttur.
- **Í flokknum Hönnun:** Katrín Ólína Pétursdóttir.
- **Í flokknum Leiklist:** Gunnar Eyjólfsson / Jónatan í Hart í bak.
- **Í flokknum Fræði:** Þorvaldur Gylfason / Prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands, fyrir skrif um hagfræði og efnahagsmál í blöðum, tímaritum og bókum á síðustu áratugum.
- **Í flokknum Bókmenntir:** Rán eftir Álfrúnu Gunnlaugsdóttur.
- **Í flokknum Myndlist:** Bragi Ásgeirsson / Yfirlitssýning Augnasinfónía á Kjarvalsstöðum.
- **Í flokknum Byggingarlist:** Menntaskóli Borgarbyggðar – Arkitektar: Kurtogpí; Ásmundur Hrafn Sturluson, arkitekt FAÍ og Steinþór Kári Kárason, arkitekt FAÍ.
- **Í flokknum Tónlist:** Sinfóníuhljómsveit Íslands.
- Heiðursverðlaunin hlaut Manfreð Vilhjálmsson arkitekt fyrir frábært framlag sitt til íslensks arkitektúrs.
- Samhliða verðlaununum var netkosning og fékk hljómsveitin Hjaltalín þau og er það í fyrsta sinn sem þau eru veitt. **- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 06. mars**

### → Tónleikar



**12.15 Hanna Dóra Sturludóttir** sópran og **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari verða með hádegistónleika í Von, tónleikasal SÁÁ við Efstaleiti 7. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir **Pál Ísólfsson** og **Johannes Brahms**.

**21.00 DLX ATX**, **Fist Fokkers**, **AMFJ**, **Krakkbot**, **Gjöll** og **Man** verða á Grand Rokk við Smiðjustíg. Aðgangur ókeypis.

**21.00** Bandaríski gítarleikari **Larry Coryell** er gestur **Björns Thoroddsen** og **Jóns Rafnssonar** á tónleikum í TÍBRÁ í Salnum við Hamraborg í Kópavogi.

**21.00 Kid Twist** og **Bárujárn** spila brimbrettarokk á Kaffi Amsterdam við Hafnarstræti 5.

**21.30 Ljótu Hálfvitarnir** spila á Græna Hattinum, Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið opnar kl. 20.30.

### → Opnanir

**18.00 Kristinn G. Harðarson** opnar sýninguna **Skjól** í Kubbnum, húsnæði myndlistardeildar L.Í. að Laugarnesvegi 91.

### → Kvikmyndir



**Þú ert ég - kvikmyndahelgi** í Norræna húsinu 6.-8. mars í tengslum við dagskrá sem tileinkuð er Litháen og litháískri tungu. Nánri upplýsingar á www.ltis.org. Aðgangur ókeypis.

**19.00** Sýnd verður heimildamyndin **Sjá Vilnius**.

### → Síðustu Forvöð

**Sýningunum Surtsey: jörð úr ægi** og **Síðbúin sýn: ljósmyndir úr fórum Halldórs Laxness**, lýkur á sunnudaginn. Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu 15. Opið alla daga frá kl. 11 til 17.

**Hvítir skuggar**, Sýning **Margrétar Jónsdóttur** lýkur á sunnudaginn. Aðgangur ókeypis. Listasafnið á Akureyri, Kaupvangsstræti 12. Opið alla daga nema mán. kl. 12-19.

**Lífsgjöf**, Sýning **Elísabetu Stefánsdóttur** (Beta Gagga), lýkur á sunnudaginn. Grafíksafn Íslands, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu 17 (hafnarmegin). Opið fimm.-sun. kl. 14-18.

**Þverskurður**, sýning Textílfélagsins í Gerðarsafni við Hamraborg í Kópavogi, lýkur á sunnudaginn. Sýningin spannar ríflega 60 ár í textílsögunni. Safnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

### → Blús

**Blúshátíðin Norðurljósablús** á Höfn í Hornafirði 5.-7. mars. Ókeypis er á alla viðburði.



**18.00 Mugison** og **Papa Mug** verða á Humarhöfninni við Hafnarbraut 4.

**21.00 B-Sig** spila á Hótel Höfn við Víkurbraut.

**21.00** Hljómsveitin **Silfur** verður á Víkinni, Víkurbraut 2.

**23.00 Blúsvíkingarnir** verða á Kaffi Horninu, Hafnarbraut 42.

**23.00 Mæðusveitin Sigurbjörn** verður á Hótel Höfn við Víkurbraut.

### → Leikrit

Leikverkið **Dubbeldusch** eftir Björn Hlyn Haraldsson verður sýnt í Hafnarfjarðarleikhúsinu, Strandgötu 50.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





Clarins kynning í Debenhams
föstudag, laugardag og sunnudag kl 13- 18



Við gefum þér fjögurra daga meðferð* fyrir þína húðtegund á Clarins dögum.
Vertu velkomin, fáðu faglega ráðgjöf svo húð þín njóti sín.
Falleg gjöf fylgir þegar keypt er fyrir 3.900 eða meira.*

*Gildir á meðan birgðir endast.

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

**> PARÍS ÞARF TÍMA**

Móðir partíljónsins Parísar Hilton, Kathy, ráðleggur dóttur sinni að halda sig til hlés á stefnumóta-markaðinum á næstunni. París sleit sambandi sínu og rokkarans Benji Madden í nóvember og mamma gamla vill að hún jafni sig almennilega. „Maður þarf ekki alltaf að vera á föstu,“ segir hún.



**fólk**

folk@frettabladid.is

# Hommar og lesbíur hertaka 22

„Staðurinn er fyrst og fremst ætlaður lesbíum, hommum og öðru góðu og jákvæðu fólki,“ segir Frímann Sigurðsson rekstarstjóri nýja skemmtistaðarins Barbara sem opnar á annarri hæð Laugavegs 22 í kvöld. „Það eru akkúrat 30 ár síðan gamli 22 opnaði, en hann var einn af fyrstu gay-stöðunum í Reykjavík. Hugmyndin er að fara „back to basics“ á Barböru og gleðin á að vera við völd í öllu húsinu,“ útskýrir Frímann.

„Við opnum í kvöld og munum svo leyfa staðnum að þróast út frá því hvað kúnnahópurinn vill. Við opnum klukkan tíu í kvöld með mikilli gleði og óvæntum uppákomum, en annað kvöld verður félagið Konur með konum með góugleðina sína niðri á Silfri, svo við ætlum að spila með og verðum með strákaball hjá okkur þar sem Nonni og Manni spila meðal annars.“



**GOTT OG JÁKVÆTT FÓLK** Frímann Sigurðsson segir skemmtistaðinn Barböru fyrst og fremst vera ætlaðan hommum, lesbíum og öðru góðu og jákvæðu fólki. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðspurður segist Frímann ekki hafa látið kreppuna hafa áhrif á opnun Barböru og finnst gaman að taka þátt í uppbyggingu á Laugaveginum. „Það er gaman að geta styrkt Laugaveginn, gefið honum meira líf og skapað atvinnu, sérstaklega á þessum tímum,“ segir hann og vonast til að sjá sem flesta í kvöld. „Það kostar ekkert inn svo allir þeir sem eru góðir og jákvæðir eru velkomnir.“ **- ag**






**MICHAEL JACKSON** Popparinn ætlar að snúa aftur í sviðsljósið með tónleikaröð í O2-höllinni í London í sumar.

# Michael Jackson snýr aftur

**Michael Jackson hyggur á endurkomu í poppið fjórum árum eftir að hann var sýknaður af ákæru um kynferðislega misnotkun. Tíu tónleikar í London eru fyrirhugaðir í sumar.**

Þetta verður fyrsta tónleikaröð Jacksons í rúman áratug eða síðan hann fór í HIStory-tónleikaferðina um heiminn 1996-1997. Síðan þá hefur hann komið nokkrum sinnum fram en aldrei haldið stóra tónleika. Jackson steig síðast á svið í Bretlandi á Heimstónlistarverðlaununum árið 2006 þar sem hann söng nokkrar línur í laginu We Are The World. Þótti uppákoman öll hin undarlegasta.

Talið er að popparinn fái hundruð milljóna króna fyrir tónleikana í O2-höllinni í London sem tekur tuttugu þúsund manns í sæti. Þar voru einmitt endurkomutónleikar Led Zeppelin haldnir 2007 auk þess sem Prince hélt þar 21 tónleika sama ár við magnaðar undirtektir.

Tónleikarnir verða frábært tækifæri fyrir Jackson til að endurheimta fyrri vinsældir. Hæst náði hann á stjörnuhimininn á níunda áratugnum með plötunum Thriller og Bad sem hafa selst í tugum milljóna eintaka út um allan heim. Síðan þá hefur hallað undan fæti og tóku réttarhöldin yfir honum til að mynda sinn toll. Núna ætlar hann að snúa aftur sterkari en nokkru sinni fyrr með nýja plötu í farteskinu sem verður hans fyrsta síðan Invincible kom út 2001.

Orðrómur um slæmt heilsufar Jacksons hefur af og til sprottið upp og hafa veðbankar í Bretlandi nú blandað sér í málið. Líkurnar á því að hann geti ekki spilað á fyrstu tónleikunum eru taldar fimm á móti einum.

Samkvæmt blaðinu Daily Mirror hefur Jackson engu að síður gengið í gegnum fimmtíu heilsufarspróf sem öll hafa verið honum í hag. Virðist hann því vera í hörkuformi fyrir tónleikana og tilbúinn til að standa við sitt.

Endurkoma Jacksons er ekki sú eina sem hefur verið í fréttunum því poppprinsessan Britney Spears er einnig farin í sína fyrstu tónleikaferð í fimm ár. Bæði hún og Jackson þurfa að sýna sig og sanna eftir vandræði í einkalífinu og verður forvitnilegt að sjá hvernig þeim mun reiða af næstu misserin.




# Bjóða áhorfendum til veislu

„Áhorfendur mæta í veislu í Moskvu þegar þeir mæta á sýninguna,“ segir Þóra Sigurðardóttir, formaður Herranætur, leikfélags Menntaskólans í Reykjavík, en félagið frumsýndi Meistarann og Margarítu síðastliðinn föstudag. Auk 24 leikara koma 70 nemendur að sýningunni, en öll tónlist er frumsamin af Árna Frey Gunnarssyni og tíu manna hljómsveit spilar undir.

„Við vorum að leita að áhugaverðu verki, sem væri ekki eintómt grín heldur með smá alvöru. Karl Ágúst Þorbergsson, leikstjóri sýningarinnar, benti okkur þá á að lesa bókina Meistarann og Margarítu,“ útskýrir Þóra. „Sagan gerist í Moskvu á þriðja áratug síðustu aldar og segir frá því þegar djöfullinn í líki Woland kemur til Moskvu með fylgdarliði sínu og snýr öllu á annan endann með alls kyns kúnstum og bellibrögðum. Í verkinu fylgjumst við með viðbrögðum fólks, en allir sem hitta djöfulinn virðast enda á geðveikrahæli og þar kynnist einn borgari Meistaranum. Tvær sögur fléttast saman þar sem Margaríta kemur til sögunnar, en hún er ástkona Meistarans og selur sál sína djöflinum til að bjarga honum og fá hann aftur. Við völdum verkið síðasta sumar en það passar rosalega vel við tíðarandann núna því það er svo mikil firring í samfélaginu í Moskvu, en djöfullinn opnar augu fólks fyrir spillingunni,“ segir Þóra um sýninguna sem er sett upp í gamla Heimilistækjahúsinu í Sætúni 8.



**MEISTARINN OG MARGARÍTA** Herranótt, leikfélag MR, setur upp Meistarann og Margarítu í gamla Heimilistækjahúsinu í Sætúni 8. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Það gekk illa að finna leikhús því við vildum sýna þetta í „black boxi“, eða auðu rými. Sviðið er því allur salurinn þar sem áhorfendur sitja við dekkuð borð og eru hluti af sýningunni um leið og þeir mæta,“ segir Þóra. Fimm sýningar eru eftir og áhugasömum er bent á vefsíðuna herranott.bloggar.is. **- ag**

# EVRUR TIL BAKA!



## NÚ FÆRÐU ALLT AÐ 500 EVRUR TIL BAKA VIÐ KAUP Á PHILIPS AMBILIGHT SJÓNVARPI EÐA ÖÐRUM TÆKJUM

www.cash-back.nu

**SVONA VIRKAR PHILIPS AMBILIGHT TILBOÐIÐ**
Þú kaupir PHILIPS sjónvarp með Ambilight baklýsingu hjá Heimilistækjum eða söluaðilum um land allt og passar upp á kvittunina. Ferð inn á www.cash-back.nu og prentar út beiðnina. Fyllir út beiðnina og sendir til PHILIPS ásamt kvittun og raðnúmeri, sem mun svo láta millifæra peninginn á þinn reikning.

Powered by ambilight




**Philips 32PFL7613D**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768 punkta uppl., Perfect Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 30.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, innb., digital DVB-T móttakara, Ambilight 2 bakljósi, 30w Nicam Stereó, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnart., Coax út og USB, textav. ofl.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 219.995




**Philips 37PFL7603D**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p. uppl., Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, Ambilight 2 baklj., HD Ready, 44.000:1 skerpu, Contrast Plus og Active Control, innb. DVB-T mótt., 2 x 15w Nicam Stereó með Virtual Dolby Digital, 2 Scart (með RGB), 4 HDMI 1.3, Comp., SVHS, CVBS og heyrnartt., Coax út og USB, textav. ofl.

**TILBOÐ**
**219.995**
FULLT VERÐ 269.995




**Philips HD5730**
Fullkomin 1,7 lítra Espresso KAFFIVÉL með 2 kötlum, hágæða 220g kaffikvörn með 13 stillingum og bollahitara úr ryðfríu stáli. 15 Bar. Stillingar: Espresso, cappucchino, café créme ofl.  Magn, styrkur og hitastig. Vistar stillingar. Malar baunir og býr til kaffið. Takki fyrir Cappuccino eða latte macchiato. Býr til mjólkurfroðu. Framleidd á Ítalíu.

**TILBOÐ**
**119.995**
FULLT VERÐ 159.995




**Philips 42PFL7603D**
37" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p. uppl., Pixel Plus 3 HD, HD Natural Motion og Progressive Scan, Ambilight 2, HD Ready, 30.000:1 skerpu, Contrast Plus og Active Control, innb. DVB-T mótt., 2 x 15w Nicam Stereó með Virtual Dolby Digital, 2 Scart (með RGB), 4 HDMI 1.3, Comp., SVHS, CVBS og heyrnartt., Coax út og USB, textav. ofl.

**TILBOÐ**
**249.995**
FULLT VERÐ 299.995




**Philips 47PFL9603H**
47" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með Pixel Plus, 1920x1080 punkta uppl., Perfect Perfect Pixel HD Engine, 100Hz Clear LCD, Perfect Natural Motion og Progressive Scan, HD Ready, 30.000:1 skerpu, ljósskynjara og Active Control, innb., digital DVB-T mótt., Ambilight Spectra 2, 30w Nicam Stereó, 2 Scart, 4 HDMI v1.3, Component, SVHS, CVBS og heyrnart., Coax út og USB, textav. ofl.

**TILBOÐ**
**369.995**
FULLT VERÐ 469.995

PHILIPS
sense and simplicity

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

Heimilistæki

ht.is

# Animal til Íslands


**ANIMAL HOSPITAL** Tónlistarmaðurinn Kevin Micka heldur tónleika í Reykjavík um miðjan apríl.

Bandaríski tónlistarmaðurinn Kevin Micka, sem kallar sig Animal Hospital, verður hér á landi um miðjan apríl og heldur líklega tvenna tónleika. Micka spilar draumkennda tónlist þar sem gítarleikur og rafpælingar koma við sögu og svipar honum stundum til hljómsveita á borð við múm.

Síðan fyrsta plata Animal Hospital kom út árið 2004 hefur Micka verið á stöðugu tónleikaferðalagi um heiminn til að breiða út boðskapinn. Hefur hann spilað með þekktum flytjendum á borð við Beirut og Neptunes.

Í janúar gaf hann út í stafrænu formi skífuna Good or Plenty og til að fylgja henni eftir ætlar hann í mánaðarlanga tónleikaferð um Evrópu sem hefst 17. mars. Lýkur henni í Reykjavík og verður hann því væntanlega í fínu formi þegar hann stígur hér á svið.

# Dylan með nýja plötu

**Goðsögnin Bob Dylan gefur út nýja hljóðversplötu í lok næsta mánaðar. Auk Dylans spilar tónleikasveit hans á plötunni ásamt David Hidalgo úr hljómsveitinni Los Lobos.**

**Tíu lög verða á henni, þar á meðal Beyond Here Lies Nothin og If You Ever Go to Houston. Dylan sjálfur tekur upp plötuna undir dulnefninu Jack Frost eins og svo oft áður.**

**Þrjú ár eru liðin síðan kappinn sendi síðast frá sér nýtt efni, eða Modern Times, sem hlaut fínar viðtökur gagnrýnenda.**


**SIN FANG BOUS** Sindri Már Sigfússon fær góða dóma á heimasíðu New York Times fyrir plötuna Clangour. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Fínir dómar í Bandaríkjunum

**Sólóverkefni Sindra Más Sigfússonar, Sin Fang Bous, vekur athygli vestanhafs. Fyrsta plata hans fær góða dóma.**

Clangour, fyrsta plata Sin Fang Bous sem er eins manns hljómsveit Sindra Más Sigfússonar úr Seabear, fær góða dóma á heimasíðu New York Times. „Á plötunni má greina næmt auga fyrir fallegum en um leið hárnákvæmum smáatriðum. Það er ekkert hávaðasamt við plötuna heldur flæðir hún fallega um bæði á órafmagnaðan og rafrænan hátt,“ segir í umsögninni.

„Eins og svo margir tónlistarmenn sem eru heillaðir af Brian Wilson þá margfaldar Hr. Sigfússon oft rödd sína eða gerir hana þéttari. Tónlist hans tekur á sig mýkri mynd þegar hann syngur: „Ég skal vera skógarhöggsmaðurinn og þú verður tréð“ í laginu Clangour and Flutes. Það gengur upp þrátt fyrir að það sé erfitt að ímynda sér hann með öxi í hendi.“

Smáskífulagið Advent in Ives Garden fær jafnframt þrjár og hálfa stjörnu í tímaritinu Rolling Stone. „Ef þú hefur hlustað yfir þig á Merriweather Post Pavilion með Animal Collective ættirðu að hlýða á hinn íslenska Sindra Má Sigfússon. Í þessu heillandi lagi stráir hann álfadufti sínu yfir fallegan kassagítarleik og draugaleg rafhljóð. Niðurstaðan er poppdemantur sem er bæði ógleymanlegur og yndislegur.“

Næstu tónleikar Sin Fang Bous með nýrri hljómsveit verða á hátíðinni Aldrei fór ég suður um páskana. Í framhaldinu hefur stefnan verið sett á tónleikaferð um Evrópu með Borko. freyr@frettabladid.is


# Átt þú rétt á bótum eftir slys?

*Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum þér að kostnaðarlausu!*

Hjá FORTIS starfar samhentur hópur lögfræðinga með víðtæka reynslu af lögmannsstörfum. Við leitumst við að veita persónulega og alhliða þjónustu á flestum sviðum lögfræðinnar og sérhæfum okkur í skaðabótamálum vegna umferðar- og vinnuslysa, skilnaðar- og sambúðarslitamálum svo fátt eitt sé nefnt.

*Höfum áratuga reynslu af uppgjöri slysabóta.*



FORTIS Lögmannsstofa

*Gylfi Thorlacius hrl.*
*Svala Thorlacius hrl.*
*S. Sif Thorlacius hdl.*
*Kristján B. Thorlacius hdl.*
*Guðmundur Ómar Hafsteinsson hdl.*

www.fortis.is

KRAFTAVERK

Laugavegi 7 • 101 Reykjavík • Sími: 520 5800 • fortis@fortis.is



SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 5:20D - 8D - 10:40D | 12 |
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| SHOPAHOLIC | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DEFIANCE | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| BEDTIME STORIES | kl. 3:40 | L |
| ROLE MODELS | kl. 5:50 | 12 |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PINK PANTHER 2 | kl. 8 | L |
| FANBOYS | kl. 10:20 | L |
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 | L |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 6 - 8 | L |
| CHIHUAHUA | kl. 6 | L |
| DEFIANCE | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 5:20D - 8D - 10:30D | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 6D - 8:10D | L |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 4 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 6 - 9 | 7 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 4(3D) | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| GRAN TORINO (ALDREI STRÍÐ Á ÍSLANDI - SÝND Á UNDAN) | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 10:10 | 12 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 6 | L |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU
SparBíó 850kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ GRÆNU



NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| MARLEY AND ME LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THE INTERNATIONAL D | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| HE´S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.15 – 8 – 10.40 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 D | kl. 4 - 6 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 — 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| HE´S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 8 - 10 | L |
| FANBOYS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| FROST/NIXON | kl. 5.30 | 12 |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 5.30 | L |
| BRIDE WARS | kl. 8 - 10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 6.30 - 9 | L |
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| MILK | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 22.30 | 14 |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 8 - 10.10 | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 6 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| HE´S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 | 12 |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 10.15 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR



NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY & ME | kl. 5.45, 8 og 10.15 | L |
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 3.45 - Ísl.tal | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| BEVERLY HILLS CHIHUAHUA | kl. 3.45 - Ísl.tal | L |
| HOTEL FOR DOGS | kl. 3.45 | L |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**SVEITABJÚGU KOFAREYKT**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**20% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 499 KR.POKINN

**399**




**EINIBERJAKRYDDAÐ**
**LÚXUS LAMBALÆRI**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**1.455 KR./KG.**
MERKT VERÐ 2.425 KR./KG

**40%**
**AFSLÁTTUR**







**40%**
**AFSLÁTTUR**

**BAYONNESKINKA**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**1.078 KR./KG.**
MERKT VERÐ 1.799 KR./KG




**399**

**KJÖTFARS, FERSKT**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 442 KR./KG

**100%**
**ÍSLENSKT**
**NAUTAKJÖT**



**1.198**
**KR./PK.**

**ÚRVALS HAMBORGARAR**
**10 STK. X 120 GR.**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**20% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 1.498 KR./POKINN




**40%**
**AFSLÁTTUR**

**BLÓÐMÖR, ÓSOÐINN**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**419 KR./KG.**
MERKT VERÐ 699 KR./KG




**40%**
**AFSLÁTTUR**

**LIFRARPYLSA, ÓSOÐIN**
**FRÁ KJARNAFÆÐI**
**455 KR./KG.**
MERKT VERÐ 759 KR./KG

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

**OPIÐ:** **FÖSTUD:** 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

## > Guðjón bestur í febrúar

Guðjón Þórðarson var í gær útnefndur besti knattspyrnustjóri febrúarmánaðar í ensku C-deildinni. Undir hans stjórn vann Crewe fjóra af fimm leikjum sínum í mánuðinum. „Þetta hefur gengið ágætlega en ég verð þó að vera raunsær. Við ætlum okkur auðvitað að halda okkur uppi en þetta er langt frá því að vera búið og mikil vinna eftir," sagði Guðjón í samtali við Fréttablaðið en hann segir muninn á liðinu nú og þegar hann tók við því vera eins og dag og nótt.



# sport

sport@frettabladid.is

**AÐALSTEINN EYJÓLFSSON SAFNAR LIÐI:** VILL FÁ PETKEVICIUS OG LANDA ÍSLENSKUM LEIKMÖNNUM

# *Þrír Íslendingar á leið til Aðalsteins í Kassel*





„Eins og staðan er núna reikna ég með því að fá þessa þrjá Íslendinga til liðsins," sagði Aðalsteinn Eyjólfsson, þjálfari þýska C-deildarliðsins Kassel. Aðalsteinn er þessa dagana í samningaviðræðum við þá Guðjón Finn Drengsson, Jóhann Gunnar Einarsson, leikmenn Fram, og Daníel Berg Grétarsson sem lék með Fram í fyrra.

„Ég handsalaði samning við þá þegar ég var þarna úti um daginn. Er því bara að bíða eftir pappírunum og ef allt stenst þar þá förum við fjölskyldan út," sagði Guðjón Finnur en honum leist ákaflega vel á aðstæður í Kassel þegar hann fór þangað ásamt liðsfélaga sínum, Jóhanni Gunnari.

„Við fjölskyldan lítum á þetta sem ævintýri. Þetta er flott 250 þúsund manna borg og allt til alls þarna. Líka mikill metnaður hjá félaginu og verður gaman að taka þátt í þessu verkefni," sagði Guðjón.

Jóhann Gunnar segist einnig vera spenntur fyrir félaginu og telur líklegt að hann fari til Kassel.

„Hugur minn stefnir til Kassel í dag. Það á eftir að ganga frá samningum en umboðsmaður minn er í viðræðum við félagið. Vonandi gengur það eftir," sagði Jóhann Gunnar sem segir Kassel hafa komið sér á óvart.

„Það leit allt betur út þarna en ég þorði að vona. Það er vel séð um liðið og aðstaðan góð. Svo á félagið peninga og staðið er við alla samninga sem er ekki sjálfgefið í dag," sagði Jóhann.

Aðalsteinn er þess utan á höttunum eftir Egidijus Petkevicius sem lék með HK í fyrra. Hann er í Litháen þessa dagana eftir stutt stopp í Grikklandi þar sem félag hans þar lenti í vandræðum.

„Það væri fínt að fá hann í markið með öðrum sterkum markverði sem er hjá okkur. Það er mjög jákvætt ef íslensku strákarnir koma og ég býst við þeim öllum í okkar liði næsta vetur," sagði Aðalsteinn Eyjólfsson en vellauðugur eigandi Kassel ætlar sér að koma liðinu í deild þeirra bestu árið 2012.

## ÚRSLIT

### *N1-deild karla:*

**Fram-Haukar** **22-27 (10-11)**

**Mörk Fram (skot):** Rúnar Kárason 6/2 (15/2), Björn Guðmundsson 3 (6), Haraldur Þorvarðarson 3 (4), Jóhann Karl Reynisson 3 (4), Jóhann Gunnar Einarsson 2 (3), Brjánn Bjarnason 2 (2), Andri Berg Haraldsson 2 (8), Guðjón Drengsson 1/1 (1/1).
**Varin skot:** Magnús Gunnar Erlendsson 20 (42/4) 48%, Davíð Svansson 3 (8/3) 38%.
**Hraðaupphlaup:** 3 (Brjánn, Rúnar, Andri)
**Fiskuð víti:** 3 (Jóhann 2, Haraldur).
**Utan vallar:** 12 mínútur.
**Mörk Hauka (skot):** Sigurbergur Sveinsson 11/5 (19/6), Freyr Brynjarsson 4 (6), Einar Örn Jónsson 4/1 (5/1), Andri Stefan 3 (8), Elías Már Halldórsson 3 (7), Kári Kristján Kristjánsson 2 (5).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 17 (39/3) 44%.
**Hraðaupphlaup:** 5 (Elías 2, Freyr, Kári, Sigurbergur). **Fiskuð víti:** 7 (Kári 5, Andri 2).
**Utan vallar:** 10 mínútur.
**Dómarar:** Gísli Hlynur Jóhannsson og Hafsteinn Ingibergsson, réðu ekki við verkefnið en hallaði nokkuð jafnt á bæði lið.

**FH-Stjarnan** **29-32**

**Mörk FH:** Bjarni Fritzson 11, Aron Pálmarsson 7, Benedikt Kristinsson 3, Guðmundur Pedersen 3, Ásbjörn Friðriksson 2, Sigurður Ágústsson 1, Jónatan Jónsson1, Ólafur Gústafsson 1.
**Mörk Stjörnunnar:** Vilhjálmur Ingi Halldórsson 13, Ragnar Helgason 6,, Kristján S. Kristjánsson 5, Patrekur Jóhannesson 4, Fannar Örn Þorbjörnsson 3, Björn Friðriksson 1.

**Valur-Víkingur** **32-17 (16-7)**

**Mörk Vals:** Arnór Þór Gunnarsson 12, Fannar Þór Friðgeirsson 7, Elvar Friðriksson 6, Hjalti Þór Pálmason 2, Heimir Örn Árnason 2, Hjalti Gylfason 2, Gunnar Harðarson 1.
**Mörk Víkinga:** Einar Örn Guðmundsson 7, Davíð Georgsson 3, Sveinn Þorgeirsson 2, Kristinn Guðmundsson 2, Pálmar Sigurjónsson 1, Davíð Ágústsson 1, Hjálmar Þór Arnarson 1

### *IE-deild kvenna, úrslitak.:*

**Grindavík-KR** **70-60 (27-21)**

**Stig Grindavíkur:** Petrúnella Skúladóttir 16, Jovana Lilja Stefánsdóttir 12, Helga Hallgrímsdóttir 11, Ólöf Helga Pálsdóttir 9 (12 frák.), Lilja Ósk Sigmarsdóttir 8, Íris Sverrisdóttir 6, Ingibjörg Jakobsdóttir 5, Berglind Anna Magnúsdóttir 3.
**Stig KR:** Hildur Sigurðardóttir 15 (9 frák., 5 stoðs.), Helga Einarsdóttir 15, Sigrún Ámundadóttir 9, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9, Margrét Kara Sturludóttir 7, Brynhildur Jónsdóttir 3, Heiðrún Kristmundsdóttir 2.

### *Lengjubikar karla:*

| | |
|---|---|
| **Fram-HK** | **3-2** |
| **Fylkir-Leiknir** | **2-2** |

# Haukar unnu slagsmálin

**Það var hraustlega tekist á þegar Fram tók á móti Haukum í Safamýri. Slakur kafli Framara um miðjan síðari hálfleik reyndist þeirra banabiti í leiknum.**

**HANDBOLTI** Haukar fljúga hátt þessa dagana og þeir unnu enn einn sigurinn gegn Fram, 22-27, í Safamýri í gær. Leikurinn var harður af beggja hálfu og slakir dómarar leiksins réðu ekki alveg við verkefnið. Hvorugt lið gaf þumlung eftir allan tímann en Haukarnir reyndust einfaldlega sterkari þegar upp var staðið.

Bæði lið mættu mjög grimm til leiks og tilbúin að berjast hart fyrir stigunum enda var hraustlega tekist á allan fyrri hálfleik. Haukarnir skrefi á undan allan hálfleikinn en Magnús Erlendsson varði vel í Fram-markinu og sá til þess að munurinn var alltaf lítill.

Það ætlaði að sjóða upp úr um miðjan hálfleikinn er Rúnar Kárason sló að óþörfu í andlit Gunnars Bergs Viktorssonar sem var þegar kominn upp við varamannabekk Hauka. Haukamenn brjáluðust og þá einna helst Arnar Pétursson sem las ungu skyttunni pistilinn. Rúnar slapp þó með skrekkinn enda sáu hvorki dómarar né eftirlitsdómari atvikið.

Þegar blásið var til leikhlés var munurinn eitt mark, 10-11, og ljóst að eitthvað varð undan að láta í hasarnum í síðari hálfleik.

Haukarnir héldu áfram að vera skrefi á undan í síðari hálfleik en í stöðunni 17-18 fyrir Hauka hrundi leikur heimamanna á báðum endum. Haukarnir skoruðu sex mörk í röð og breyttu stöðunni í 17-24 og leiknum lokið. Á þeim kafla spilaði Haukaliðið frábæran varnarleik en sóknarleikur Framara hrundi eins og spilaborg að sama skapi.



**HEITT Í KOLUNUM** Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, var ekki alltof sáttur við kollega sinn hjá Fram, Viggó Sigurðsson, í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Við lítum á hvern einasta leik sem úrslitaleik og erum grimmir. Mér fannst við samt ekki nógu beittir í fyrri hálfleik gegn sterkum Frömurum sem mættu alveg dýrvitlausir. Þeir voru virkilega harðir í vörninni og við urðum að berja okkur í gang, sem gekk," sagði kátur þjálfari Hauka, Aron Kristjánsson.

„Við vorum náttúrulega að spila alveg fantavarnarleik og Birkir að verja vel í markinu. Arnar Pétursson og Gunnar Berg voru svo frábærir í vörninni. Ég var miklu sáttari við sóknarleikinn í síðari hálfleik en við klúðrum allt of miklu af dauðafærum í leiknum," sagði Aron en hans lið er ekki árennilegt þessa dagana.

„Markmið okkar er að vinna þá titla sem eftir eru og hver leikur hjá okkur er úrslitaleikur," sagði Aron sem var óvenju heitur í fyrri hálfleik en hann sagðist hafa látið til sín taka í von um að kveikja meiri neista hjá sínum mönnum.

Magnús Gunnar Erlendsson var frábær í marki Fram en Framarar náðu ekki að gera sér mat úr frábærri markvörslu hans.

„Menn eru að spila alveg skelfilegan sóknarleik og svo misstu menn dampinn í vörninni í kjölfarið. Þetta er samt það jákvæðasta eftir áramót en því miður þá spiluðum við bara í 50 mínútur en Haukar í 60 mínútur," sagði Magnús svekktur en hann segir lélegan árangur Fram eftir áramót ekki vera farinn að leggjast á sálina á mönnum. „Það er fín stemning á æfingum og menn mættu tilbúnir í þennan leik. Ég veit ekki alveg hvað er að." **henry@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

### *Iceland Express-deild karla:*

**Stjarnan-Snæfell** **82-79 (52-37)**

**Stig Stjörnunnar:** Jovan Zdravevski 29, Justin Shouse 19 (13 stoðs.), Kjartan Kjartansson 14, Fannar Freyr Helgason 9, Guðjón Lárusson 6, Ólafur Sigurðssin 3, Birkir Guðlaugsson 2.
**Stig Snæfells:** Slobodan Subasic 17, Lucious Wagner 14, Hlynur Bæringsson 12 (16 frák.), Jón Ólafur Jónsson 12, Magni Hafsteinsson 10, Daníel Klazmi 6, Egill Egilsson 3.

**Þór Ak.-ÍR** **90-96 (46-47)**

**Stig Þórs:** Konrad Tota 24, Guðmundur Jónsson 17, Hrafn Jóhannesson 16, Daniel Bandy 14, Jón Orri Kristjánsson 12, Óðinn Ásgeirsson 4, Baldur Jónsson 3.
**Stig ÍR:** Eiríkur Önundarson 20, Ólafur Þórisson 17, Ómar Sævarsson 16, Hreggviður Magnússon 15, Sveinbjörn Claessen 14, Steinar Arason 9, Ólafur Ingvason 3, Ásgeir Hlöðversson 2.

**Njarðvík-Breiðablik** **111-78**



**TÓLF FRÁKÖST** Ólöf Helga Pálsdóttir var öflug með Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Úrslitakeppni kvennakörfunnar:

# Grindavík vann

**KÖRFUBOLTI** Grindavíkurkonur tryggðu sér oddaleik á sunnudaginn þegar þær unnu tíu stiga sigur á bikarmeisturum KR, 70-60, í öðrum leik liðanna í einvígi þeirra í 1. umferð úrslitakeppni Iceland Express deildar kvenna.

Grindavíkurliðið lagði grunninn að sigrinum með frábærum lokakafla í þriðja leiklhutanum þar sem liðið skoraði 11 stig í röð og komst 16 stigum yfir.

Grindavík missti frá sér sigurinn í fyrsta leiknum en voru búnar að læra af reynslunni nú þótt að KR-konur hafi minnkað 19 stiga forskot þeirra niður í 8 stig. Í lokin skildu svo tíu stig. **- óój**

BYLTINGARMENN VÍSINDANNA

Fimm íslenskir vísinda- og fræðimenn úr ólíkum áttum fjalla um byltingarmenn vísindanna á laugardögum klukkan 13:00.
Fyrirlestrarnir verða haldnir í sal 2 í Háskólabíó.
Allir eru velkomnir – aðgangur ókeypis

7. mars **Ef... þá og allt saman: Kurt Gödel og rökfræðin**
Halldór Guðjónsson

14. mars **Niels Bohr og aðferðir vísindanna**
Þorsteinn Vilhjálmsson

21. mars **Alan Turing: Turing vélin og áhrif hennar á framfarir og takmörk hugfræðinnar**
Kamilla Rún Jóhannsdóttir

28. mars **Watson og Crick og DNA-líkan þeirra**
Guðmundur Eggertsson

4. apríl **Thomas Kuhn og vísindabyltingar**
Eyja Margrét Brynjarsdóttir

Félag áhugamanna um heimspeki heldur fyrirlestraröðina í samvinnu við:
H.F. VERÐBRÉF — Heimspekistofnun Háskóla Íslands
Eðlisfræðifélag Íslands — Líffræðistofnun Háskóla Íslands
2009

Stjarnan stóðst áhlaup Snæfells í lokin í Iceland Express deild karla í körfubolta:

# Shouse skoraði sigurkörfuna

**KÖRFUBOLTI** „Ég verð að viðurkenna að það var farið að fara verulega um mig þegar Hlynur setti þennan þrist niður," sagði Teitur Örlygsson þjálfari Stjörnunnar eftir að hans menn tryggðu sér mikilvægan 82-79 sigur á Snæfelli í Iceland Express deildinni í gærkvöldi. Stjarnan hafði gott forskot í þrjá og hálfan leikhluta en missti það niður þegar nokkrar mínútur lifðu leiks.

Stjarnan tók frumkvæðið í leiknum strax í byrjun með tveimur þristum og hafði yfir 27-18 eftir fyrsta leikhlutann og 52-37 í hálfleik. Jovan Zdravevski dró vagninn á löngum köflum og skoraði 29 stig í leiknum.

Sigurður Þorvaldsson lék ekki með Snæfelli og einbeitti sér að þjálfuninni, en hann var ósáttur við varnarleik sinna manna. „Við vorum að spila lélega vörn í þrjá leikhluta og við töpuðum þessum leik á lélegri vörn í fyrri hálfleik," sagði Sigurður, en hans menn voru undir 69-57 eftir þrjá leikhluta.

Lokakaflinn í leiknum einkenndist svo af æsilegri baráttu. Eftir ævintýralega þriggja stiga körfu Hlyns Bæringssonar skoraði Lucius Harris tvær körfur í röð og Snæfell var skyndilega komið yfir 79-76 þegar um þrjár mínútur voru eftir. Það var hins vegar hinn magnaði Justin Shouse sem skoraði sigurkörfu Stjörnumanna þegar 51 sekúnda var til leiksloka.

Snæfellingar fengu tækifæri til að jafna leikinn í lokin, en galopið skot Slobodan Subasic úr horninu vildi ekki niður og Stjarnan slapp með skrekkinn.

„Ég var mjög ánægður með leik minna manna í dag og sérstaklega í fyrri hálfleik, þar sem okkur var að takast það sem við lögðum upp með. Þetta Snæfellslið er auðvitað mjög sterkt," sagði Teitur. **- BB**



**KLÁRAÐI GÖMLU FÉLAGANA** Justin Shouse tryggði Stjörnunni sigur á Snæfelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**United TVD8819**
19" LCD með innb. DVD spilara

## Hársett með keramik



**Melissa 635085**
1800w hárblásari • Keramik sléttujárn • Keramik krullujárn • Ion afrafmögnun • 2 hraðarr • Kaldur blástur ofl.

**6.989 kr.** Fullt verð ~~8.989~~

# Fermingargjafirnar úrvalið er í Max




**Toshiba 32AV500PG**
32" LCD breiðtjald • 1366x768 upplausn • Progressive Scan • 20.000:1 dýnamísk skerpa • Active Vision LCD • Stafrænn DVB-T móttakari ofl.



## Míkrósamstæða

**Philips MC147**
2x2w RMS míkró-samstæða • Dynamic Bass Boost • Geisla-spilari • RDS útvarp með minnum ofl.

**17.989 kr.** Fullt verð ~~19.989~~




## Ferðatæki með CD

*Má festa aftan á sætis-púða í bílnum!*

**United DVD7046**
7" TFT skjár • Upplausn: 480 x 234 • Format: 4:3 / 16:9 • Built-In Dolby Digital Decoder • Innbyggðir 2 x 1W hátalarar • Multi OSD • Anti Schock

**18.989 kr.** Fullt verð ~~21.989~~



## Hljómborð með ásláttarnæmni

**Casio CTK720**
HLJÓMBORÐ með ásláttarnæmni • 5 átt-undir • 61 nóta • 242 hljóð • 100 rybmar • 32 nótna pólifónía • 100 æfingalög • 3ja skrefa kennslukerfi • LCD skjár með baklýsingu • USB • fótpedala- , hjóðnema- og heyrnatólstengi • Getur sótt hljóð af netinu

**24.989 kr.** Fullt verð ~~29.989~~

## 3" LCD breiðskjár



**Casio EXZ155**
8,1 milljón punkta uppl. • EXILIM 2.0 • BESTSHOT • Hristivörn • Advanced Auto Framing • Face Detection • 3" LCD breiðskjár • 4x Optical og 4x Digital Zoom • F2.6 4.65 - 18.6mm linsa • Hreyfimyndataka í 16:9 • YouTube Capture Mode • 280 mynda rafhlaða • 17.9MB innra minni • Rauf fyrir SD/ SDHC/MMC kort

**26.989 kr.** Fullt verð ~~34.989~~

## iPod vagga



### Margmiðlunar-hátalarar

**JBL Radial**
iPod vagga • 2x15w og 1x30w magnari • 4 Odyssey hátalarar • 1 Neodyymium fyrir djúptóna • Snertitakkar • Fyrir iPod, MP3, CD ofl. Ath. iPod fylgir ekki.

**29.989 kr.** Fullt verð ~~49.989~~



## Með 250GB hörðum disk

**Panasonic DMREH58**
Fjölkerfa DVD SPILARI • Upptaka á innb. 250GB harðan disk • Video uppskölun í 1080p með HDMI • Quick Start (1 sek) • Uppt. á DVD+R/RW, DVD-R/RW og DVD Dual Layer • Pause Live, Dolby Digital, VIERA Link, i-Link • USB 2.0 • 2 Scart ofl.

DVD VIDEO

**59.989 kr.** Fullt verð ~~74.989~~

## Fjölkerfa heimabíó



**Philips HTS3357**
Fjölkerfa heimabíókerfi • DivX DVD spilari • 600w Dolby Digital magnari • DTS og Dolby Pro-Logic II • FM útvarp • USB • SCART • HDMI ofl.

**69.989 kr.** Fullt verð ~~79.989~~

## Aukalinsa 10MP



**Olympus E420DZKIT**
10 milljón punkta upplausn • Live View • Supersonic Wave Filter • TruePic III • 2 linsur: 1: 14 - 42mm og 2: 40 - 150mm • Face Detection • USB 2.0 • 2,5" LCD skjár • Notar CompactFlash og xD kort

**89.989 kr.** Fullt verð ~~99.989~~

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Ódýrar DVD á borði - 50% afsl. 489 kr.

Fullt verð ~~989~~

**OPNUNARTÍMI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Sunnudaga | kl. 12-18 |
| Fimmtudaga | kl. 11-19 | | |

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

*Beint á móti IKEA og í Holtagörðum*

MAX RAFTÆKI



> **Sandra Bullock**

„Konur eru eins og bökunarofnar. Við þurfum 5-15 mínútur í upphitun áður en við getum snúið okkur að aðalmálinu."
Bullock fer með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Leyndarmál systrafélagsins sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR VILL GAMLA GÓÐA ÚTSVAR**

## *Slysaleg þróun spurningakeppna*



Spurningakeppnir eru fínt sjónvarpsefni. Þær hafa yfirleitt allt það sem góð dagskrá þarf að hafa: óvænta atburði, spennu og hraða framvindu. Nú er svo komið að RÚV býður áhorfendum sínum upp á slíka leika tvö kvöld í röð. Annars vegar eru það bæjarfélögin sem keppa sín á milli í Útsvari og svo eru það metnaðarfullu framhaldsskólanemarnir í Gettu betur.

Framan af vetri var þetta allt gott og blessað. Á föstudagskvöldum ríkti notaleg og heimilisleg stemning í Útsvari og þegar Gettu betur kom á skjáinn sá maður ekki að maður myndi fá ógeð á spurningakeppnum þar sem þættirnir voru með nokkuð ólíku sniði. Metnaðargirni og kapp á laugardagskvöldum og hlátur og meira kæruleysi á föstudögum.

Nú er hins vegar svo komið að Útsvar hefur snarlega breyst í Gettu betur eftir að Kópavogsliðið með fyrrum Gettu betur-þátttakendur í fararbroddi hefur slegið hvert skemmtilega liðið á fætur öðru úr keppni. Og maður spyr sig hvar fjölbreytnin sé? Á föstudagskvöldum keppa fullorðnir sín á milli í Gettu betur. Á laugardagskvöldum koma svo unglingarnir og keppa í næstum sams konar þætti. Hefðu þáttastjórnendur tekið fyrir að liðin fengju að hafa fyrrverandi Gettu betur-þátttakendur með í keppninni hefði kannski verið hægt að afstýra þessu umferðarslysi í dagskránni um helgar. Ég sé virkilega eftir því afslappaða andrúmslofti sem naut sín í Útsvari. Þar sem liðin kölluðust kumpánlega á og hentu bröndurum sín á milli. Síðustu þætti er mér minna gefið um þar sem lítt hefur farið fyrir slíku og sveitt enni og þvalir lófar keppenda, með við-það-að-kasta-upp-af-stressi svip, hafa verið í aðalhlutverki. Það þema tilheyrir laugardagskvöldum.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.15 Auddi og Sveppi** STÖÐ 2



▶ **20.15 Útsvar** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Battlestar Galactica** SKJÁREINN



▶ **21.30 20 Good Years** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **00.00 Miami – Toronto, beint** STÖÐ 2 SPORT

### SJÓNVARPIÐ

**15.20 Dansað á fáksspori** (e)
**15.50 Leiðarljós** (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.25 Spæjarar** (8:26)
**17.47 Músahús Mikka** (45:55)
**18.10 Afríka heillar** (Wild at Heart II) (2:10) Breskur myndaflokkur um hjón sem búa ásamt börnum sínum innan um villidýr á sléttum Afríku. (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Útsvar** (Undanúrslit, Árborg - Fljótsdalshérað) Sigmar Guðmundsson og Þóra Arnórsdóttir stýra þættinum. Dómari og spurningahöfundur er Ólafur Bjarni Guðnason.
**21.20 Leyndarmál systrafélagsins** (Divine Secrets of the Ya Ya Sisterhood) Bandarísk bíómynd frá 2002. Leikskáldið Siddalee Walker í New York segir frá vansæld sinni í æsku í tímaritsviðtali. Vinkonur mömmu hennar ræna henni og fara með hana heim til Louisiana til að útskýra fyrir henni hvað mömmu hennar gekk til með uppeldinu. Aðalhlutverk: Sandra Bullock, Ellen Burstyn, Fionnula Flanagan, James Garner, Ashley Judd og Maggie Smith.
**23.15 Wallander - Ljósmyndarinn** (Wallander: Fotografen: Ljósmyndarinn) Sænsk sakamálamynd frá 2006. Kurt Wallander rannsóknarlögreglumaður í Ystad á Skáni glímir við erfitt sakamál. Leikstjóri er Jonas Grimås og meðal leikenda eru Krister Henriksson, Johanna Sällström og Ola Rapace.
**00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Wall Street**
**10.05 Pokemon 6**
**12.00 The Big Nothing**
**14.00 Hot Shots!**
**16.00 Pokemon 6**
**18.00 The Big Nothing**
**20.00 Rocky Balboa** Þekktasti hnefaleikakappi kvikmyndasögunnar, Rocky Balboa, snýr aftur í sjöttu myndinni.
**22.00 Jackass Number Two**
**00.00 Love Kills**
**02.00 The Prophecy 3**
**04.00 Jackass Number Two**
**06.00 Pirates of the Caribbean. At Worlds End**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Krakkarnir í næsta húsi.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 La Fea Más Bella** (267:300)
**10.15 Tim Gunn's Guide to Style** (8:8)
**11.05 Ghost Whisperer** (47:62)
**11.50 Men in Trees** (13:19)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (140:260)
**13.25 Wings of Love** (21:120)
**14.10 Wings of Love** (22:120)
**14.55 Wings of Love** (23:120)
**15.40 A.T.O.M.**
**16.03 Camp Lazlo**
**16.28 Bratz**
**16.48 Nornafélagið**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (20:24) Melissa, gömul vinkona Rachel, kemur í heimsókn, Chandler og Ross rífast yfir smóking og Joey gerir kröfur vegna brúðkaups Monicu og Chandlers.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
▶**19.15 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir aftur í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.
**19.45 Logi í beinni** Laufléttur og skemmtilegur spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar.
**20.30 Idol - Stjörnuleit** (4:14) Efnilegustu stelpurnar keppa um áframhaldandi sæti í Idol Stjörnuleit.
**21.50 Stelpurnar** (1:24)
**22.35 Scoop** Bandarísk blaðakona er stödd í Englandi vegna viðtals. Á dularfullan hátt fær hún upplýsingar um óupplýst morðmál og hefst handa við rannsókn málsins. Þegar hún fellur fyrir hinum grunaða flækjast hins vegar málin. Með aðalhlutverk fara Hugh Jackman og Scarlett Johansson.
**00.10 Gorrillas In the Mist**
**02.15 The Final Cut**
**03.50 Saw**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**
**06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp**

### STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.20 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.
**17.50 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bakvið tjöldin í PGA mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**18.15 Spænski boltinn** Fréttaþáttur spænska boltans þar sem hver umferð fyrir sig er skoðuð í bak og fyrir.
**18.45 Meistaradeild Evrópu** Fréttaþáttur þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir.
**19.15 World Supercross GP** Sýnt frá World Supercross GP sem að þessu sinni fór fram í Georgia Dome höllinni í Atlanta.
**20.10 NBA-úrslitakeppnin** Útsending frá sögulegum leik LA Lakers og Toronto Raptors í NBA körfuboltanum. Kobe Bryant vann það ótrúlega afrek að skora 82 stig í leiknum sem fram fór í upphafi árs 2006.
**22.00 UFC Unleashed** Bestu bardagar í sögu Ultimate Fighting Champion skoðaðir.
**22.45 World Series of Poker 2008** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar í heiminum mæta til leiks.
**23.35 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.
▶**00.00 NBA körfuboltinn** Bein útsending frá leik Miami og Toronto í NBA körfuboltanum.

### STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Newcastle - Man. Utd.** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.10 Man. City - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.50 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**21.20 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**22.15 PL Classic Matches** Tottenham Hotspur - Liverpool, 93/94. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
**22.45 PL Classic Matches** Manchester City - Tottenham, 1994.
**23.15 Ensku mörkin**

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Game Tíví** (5:8) (e)
**09.25 Vörutorg**
**10.25 Óstöðvandi tónlist**
**15.35 Vörutorg**
**16.35 Ungfrú Reykjavík 2009** (e)
**18.05 Rachael Ray**
**18.50 Káta maskínan** (5:9) (e)
**19.20 One Tree Hill** (6:24) (e)
**20.10 Survivor** (2:16)
▶**21.00 Battlestar Galactica** (3:20) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með baráttu góðs og ills. Þessir þættir hafa fengið frábæra dóma og tímaritin Time og The Rolling Stone hafa sagt þá bestu þáttaröðina sem sýnd er í sjónvarpi.
**21.50 Painkiller Jane** (4:22) Spennandi þáttaröð um ódrepandi hörkukvendi. Jane Vasko er lögreglukona sem boðið er starf með leynilegri sérsveit sem berst við hættulegt fólk með yfirnáttúrulega hæfileika. Aðalhlutverkið leikur Kristanna Loken.
**22.40 The Dead Zone** (12:12) (e)
**23.30 People I Know** Dramatísk mynd frá 2002 með Al Pacino og Kim Basinger í aðalhlutverkum. Blaðafulltrúinn Eli Wurman hefur um áralangt skeið haft frægasta, ríkasta og valdamesta fólk landsins á sinni könnu. Frægur leikari á í vandræðum með glæsilega unga leikkonu og hefur hann samband við Eli til að aðstoða sig við að losna vandræðalaust við stúlkuna úr lífi sínu. (e)
**01.10 Jay Leno** (e)
**02.00 Jay Leno** (e)
**02.50 Vörutorg**
**03.50 Óstöðvandi tónlist**

### iNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Heimastjórn Hrafnaþings kemur saman; Hallur Hallsson, Ármann Kr. Ólafsson og Jón Kristinn Snæhólm.
**21.00 Mér finnst** Í umsjón Bergljótar Davíðsdóttur, Katrínar Bessadóttur og Láru Ómarsdóttur.
**22.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm ræðir pólitískar stefnur og strauma.
**22.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson ræðir um efnahagsmál.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




RÝMINGARSALA !

Hágæða flott föt á krakka á öllum aldri frá Lego, Color Kids, Grunt og fleiri toppmerkjum. einstakt tækifæri til að gera góð kaup.

60 -70 % AFSLÁTTUR

VERSLUNIN HÆTTIR, ALLT Á AÐ SELJAST

LEGO Verlunin Legoföt

Skútuvogi 11
opið virkadaga 12-18,
laugardaga 11-16

LEGO wear · COLOR KIDS · GRUNT

# Í KVÖLD

## STÖÐ 2 KL. 20.30

### Idol-stjörnuleit
### Undanúrslit stelpur



Dómnefndin hefur nú valið föngulegan hóp 20 söngvara til að halda áfram í keppninni. Í kvöld keppa 10 efnilegustu stelpurnar um áframhaldandi sæti í Idol-stjörnuleit í beinni útsendingu frá Íslensku óperunni. Það eru áhorfendur heima í stofu sem ráða úrslitum og komast þær fimm stelpur sem flest atkvæði fá í símakosningu áfram. Stjörnuleit er nú haldin í fjórða skipti og var metþátttaka í áheyrnarprufurnar á Hilton Nordica-hótelinu þar sem ríflega tvö þúsund skráðu sig til leiks. Í dómnefnd sitja Björn Jörundur Friðbjörnsson, Jón Ólafsson og Selma Björnsdóttir en þau eiga öll að baki glæstan feril og eru landsmönnum vel kunn. Það eru að sjálfsögðu þeir félagar Simmi og Jói sem kynna þættina. Idol-stjörnuleit í beinni útsendingu frá Íslensku óperunni í kvöld kl. 20.30.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Logi í beinni
### Stöð 2 kl. 19.45

Í kvöld fer í loftið síðasti þáttur vetrarins af Loga í beinni. Leikararnir Jói (Jóhannes Haukur Jóhannesson) og Gói (Guðjón Davíð Karlsson) setjast í sætin ásamt söngkonunni Jóhönnu Guðrúnu í létt og skemmtilegt spjall. Tónlistaratriði kvöldsins verða einstaklega glæsileg. Paparnir mæta á svæðið eftir langt hlé og taka lagið auk þess sem Magni Ásgeirsson ætlar að flytja Queen-lag ásamt hljómsveit og 50 manna kór Fjölbrautaskóla Suðurlands. Næsta föstudag verða svo rifjuð upp eftirminnilegustu atriði þáttarins frá því í vetur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
**15.30** Stofukonsert
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Fimm fjórðu
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stjörnukíkir
**21.10** Flakk
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.19** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (139:260)
**16.30 Hollyoaks** (140:260)
**17.00 Ally McBeal** (14:24)
**17.45 The O.C.** (11:27)
**18.30 20 Good Years** (11:13)
**19.00 Hollyoaks** (139:260)
**19.30 Hollyoaks** (140:260)

**20.00 Ally McBeal** (14:24) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástamál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

**20.45 The O.C.** (11:27) Stöð 2 Extra og Stöð 2 endursýna þessa vinsælu þáttaröð frá upphafi. Orange sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

▶ **21.30 20 Good Years** (11:13) Frumlegir og ferskir gamanþættir um John Mason og Jeffrey Pyne sem eru eins og ólíkir og hugsast getur. Það eina sem þeir eru sammála um er að þeir eiga tuttugu ár eftir ólifuð og eru staðráðnir í því að nýta þau til hins ýtrasta.

**22.00 The Mentalist** (4:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. Þrátt fyrir það er hann ekki í náðinni hjá lögreglunni, ekki síst fyrir það að hafa aflað sér frægðar sem sjónvarpsmiðill.

**22.45 Twenty Four** (6:24)
**23.30 Auddi og Sveppi**
**00.00 Logi í beinni**
**00.45 Sannleikurinn um Pétur Jóhann**
**01.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** EastEnders **10.35** Coupling **11.05** The Inspector Lynley Mysteries **11.55** The Inspector Lynley Mysteries **12.40** Coupling **13.10** The Weakest Link **13.55** EastEnders **14.25** Coupling **14.55** The Black Adder **15.30** The Weakest Link **16.15** The Inspector Lynley Mysteries **17.05** The Inspector Lynley Mysteries **17.55** After You've Gone **18.25** The Weakest Link **19.10** Coupling **19.40** The Black Adder **20.10** Extras **20.40** The Catherine Tate Show **21.10** Lead Balloon **21.40** Rob Brydon's Annually Retentive **22.10** The Black Adder **22.40** Coupling **23.10** Extras **23.40** The Catherine Tate Show **00.10** Lead Balloon

## DR 1

**10.00** Mission. Baby **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Jersild Live **11.35** Aftenshowet **12.05** Aftenshowet 2. del **12.35** OBS **12.40** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Boogie Listen **16.00** Amigo **16.30** Shanes verden **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Disney Sjov **19.00** X Factor **20.00** TV Avisen **20.30** X Factor Afgørelsen **20.55** Reimers **21.35** Black Hawk Down **23.55** I god tro

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Urter **12.25** V-cup kombinert **13.15** Ut i nærturen **13.30** En Noman i Pakistan **14.00** NRK nyheter **14.05** V-cup kombinert **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Slipp naboene løs **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Ugleskogen **17.10** Mumfie **17.20** Charlie og Lola **17.35** Leon **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Norge rundt **18.55** Showbiz **19.55** Nytt på nytt **20.25** Grosvold **21.10** Detektimen. Livvaktene **22.10** Kveldsnytt **22.25** I tjukt og tynt **23.25** Duffy - live **00.20** Folk i farta

## SVT 1

**10.00** Om familj **11.00** Rapport **11.05** Debatt **11.50** Alpint **13.00** Flyttlasset går **13.30** Mat och grönt på Friland **14.00** Eva Rydberg - 50 år på scenen **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Antikrundan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Så ska det låta **20.00** Skavlan **21.00** The Matrix Reloaded **23.15** Kulturnyheterna **23.30** Mia och Klara **00.00** Avslöjad **01.35** Sändningar från SVT24




## HVAÐ VAR ÉG AÐ SPÁ?



*„Yfirleitt gildir það með landsbyggðina miðað við höfuðborgarsvæðið, að það er miklu meira samband á milli fólksins og hljómsveitanna en í bænum.“*

Magnús Kjartansson í Helgarpóstinum 27. apríl 1979.

„Það er alltaf gaman að spila fyrir þakkláta hlustendur, hvar sem er. En umhverfið hefur breyst það mikið á síðustu árum að hljómlistarmenn eru í miklu minna mæli farnir að fara um landið sitt. Maður saknar þess nú og hver veit nema maður taki á sig rögg og geri eitthvað í málinu,“ segir Magnús nú.

# Fimm hundruð í prufu fyrir Grease

„Já, þetta er nú svona með því meira sem ég hef séð í þessu,“ segir Bjarni Haukur, leikhússtjóri Loftkastalans.

Fimm hundruð manns hafa skráð sig í áheyrnarprufur fyrir sumarsýninguna Grease en þær fara fram nú í upphafi næstu viku. Stefnt er að því að frumsýna söngleikinn 11. júní. Leikstjóri er Selma Björnsdóttir en tónlistarstjóri Þorvaldur Bjarni og munu þau sitja úti í sal þegar fimm hundruð manns, leikarar, söngvarar og dansarar, sýna hvað í þeim býr. Sá háttur var hafður á að þeir sem vilja taka þátt sendu upplýsingar um sig til Bjarna Hauks í Loftkastalann og skráðu sig til þátttöku. Og mörg kunnugleg nöfn að sögn Bjarna sem þó vill ekki að svo stöddu máli upplýsa frekar þar um. „Prufurnar eru á mánudag og þriðjudag og eftir það fara málin að skýrast. Mér þykir alveg furðulegt að húsin, sem styrkt eru af ríki og bæ, eru ekki með meira af prufum. Þetta ætti að vera miklu oftar. Hér eru svo margir sem hafa verið að læra söng og dans en allar dyr eru lokaðar. Og engin leið fyrir fólk að sýna hvað í því býr. Fullt af hæfileikafólki hér í öllum hornum. Sprettur fram og maður veit ekki hvaðan. Hver ert þú?“ spyr Bjarni Haukur. **- jbg**



**SELMA BJÖRNSDÓTTIR** Áheyrnarprufur eru hennar ær og kýr. Hún stendur í ströngu við að vinsa úr í Idolinu og nú ætla fimm hundruð manns á hennar fund til að sýna hvað í þeim býr.

**BJARNI HAUKUR** Furðar sig á því að atvinnuleikhúsin skuli ekki bjóða oftar upp á áheyrnarprufur því hér er hæfileikafólk í hverju horni sem aldrei fær að sýna hvað í því býr.



**LÁRÉTT**
**2.** þó, **6.** tveir eins, **8.** skip, **9.** ískur, **11.** ekki heldur, **12.** kær, **14.** frumefni, **16.** í röð, **17.** kk nafn, **18.** heyskaparamboð, **20.** tveir eins, **21.** þráður.
**LÓÐRÉTT**
**1.** tamning, **3.** frá, **4.** orðstír, **5.** bjálki, **7.** tré, **10.** fjallaskarð, **13.** nudda, **15.** titra, **16.** taumur, **19.** frú.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** samt, **6.** gg, **8.** far, **9.** urg, **11.** né, **12.** náinn, **14.** flúor, **16.** tu, **17.** ari, **18.** orf, **20.** öð, **21.** garn.
**LÓÐRÉTT: 1.** ögun, **3.** af, **4.** mannorð, **5.** tré, **7.** gráfura, **10.** gil, **13.** núa, **15.** riða, **16.** tog, **19.** fr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Helgi Hrafn Jónsson.
2. Georg Lárusson.
3. Peter Løvenkrands.






ELVA RÓSA SKÚLADÓTTIR: EKKI LEIÐINLEGT AÐ KLÆÐA PRINSESSU

# Mary prinsessa velur íslenskt

„Þetta eru auðvitað góð meðmæli. Það er alls ekki leiðinlegt að fá að klæða prinsessu,“ segir Elva Rósa Skúladóttir, yfirhönnuður hjá Cintamani-fatamerkinu. Danska krónprinsessan Mary Donaldson klæddist Cintamani-útivistarfatnaði í konunglegu skíðaferðalagi í svissnesku Ölpunum fyrir skemmstu. Dönsku blöðin Billed Bladet og Se & Hør birta myndir frá ferðalaginu í nýjustu tölublöðum sínum. Búast má við því að klæðnaður krónprinsessunnar veki eftirtekt og auki hróður íslenska fyrirtækisins. „Hún er mikið „fashion-icon“ þarna úti og það er mikið pælt í fötunum sem hún klæðist,“ segir Elva Rósa. Aðspurð segir hún að fatnaður frá Cintamani sé seldur bæði í Danmörku og Noregi. Þá hafi fatnaðurinn líka selst í Bandaríkjunum og Kanada og í gegnum netið.

Elva Rósa segir að Cintamani sé með umboðsmann í Danmörku sem hafi komið þessu í kring. Hann kom sér í samband við stílista konungsfjölskyldunnar sem fengu sýnishorn af Cintamani-fatnaðinum. Mary valdi sér svo fötin sjálf eftir sýnishornunum. Á myndunum sést að hún klæðist útivistarbuxum, útivistarjakka og peysu frá Cintamani.

Mary Donaldson ólst upp í Ástralíu og starfaði í auglýsingageiranum áður en hún kynntist Friðriki, krónprinsi Dana. Þau gengu í hjónaband árið 2004. Mary og Friðrik eiga tvö börn, Kristján og Ísabellu. Samband þeirra hefur jafnan verið mikið undir smásjá danskra fjölmiðla og nýtur Mary mikilla vinsælda meðal almennings. Hún er í raun vinsælasta manneskjan í konungsfjölskyldunni samkvæmt könnun sem gerð var í fyrra. Þá var hún jafnframt valin Kona ársins af tímaritinu Alt for damerne.




**PRINSESSA Í CINTAMANI**
Mary Donaldson klæddist íslenskum útivistarfatnaði frá Cintamani í skíðaferð í svissnesku Ölpunum. Friðrik, krónprins Dana, og börn þeirra, Ísabella og Kristján, eiga hins vegar eftir að dressa sig upp. Dönsku blöðin Se & Hør og Billed Bladet fjölluðu ítarlega um skíðaferðina. Elva Rósa Skúladóttir, yfirhönnuður hjá Cintamani, er ánægð með nýjasta viðskiptavin sinn.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fáfnismenn standa nú í ströngu varðandi félagsheimili sem fyrirhugað var að yrði opnað um helgina einhvers staðar í Hafnarfirði. Fáfnismenn segjast hafa tilskilin leyfi en **Lúðvík Geirsson** bæjarstjóri og bæjaryfirvöld vilja ekki kannast við það og segja þetta iðnaðarhúsnæði en ekki klúbbhús. Meðan standa fjölmargir ráðvilltir með boðskort í opnunina í höndum. Ekki kemur á óvart að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði geri hvað þau geti til að flæma vélhjólaklúbbinn úr bænum því einhvern tíma tóku þau sig til og ályktuðu um að súlustaðir væru bannaðir í bæjarfélaginu – án þess að vitað væri til þess að einhverjir hefðu sýnt því áhuga að reka slíkan stað í Hafnarfirði.



Rífandi ánægja er meðal **Hrefnu Haraldsdóttur** og kvennanna í Listahátíð með viðbrögð við einsöngstónleikum sópransöngkonunnar Deborah Voigt, en forsala miða hófst á miðvikudag. Tónleikarnir verða haldnir í Háskólabíói 31. maí Og miðarnir bókstaflega rokseljast á söngkonuna.



Ný auglýsing Símans með Hilmi Snæ Guðnasyni í aðalhlutverki hefur verið keyrð stíft á sjónvarpsstöðvunum í vikunni. Í auglýsingunni sést hópur fréttamanna, sem margir eru fyrrum fréttamenn, sækja stíft að kynningarfulltrúanum Hilmi. Þarna eru í aðalhlutverki fólk eins og Karl Garðarsson og Ólöf Rún Skúladóttir en þeim var í fyrstu ætlað minna hlutverk. Í það minnsta heyrast þær sögur að mikið hafi verið gengið á eftir **Ólafi Sigurðssyni**, fyrrum fréttamanni á Sjónvarpinu, en hann hafi gefið verkefnið frá sér. **- jbg, hdm**




Fiskikóngurinn

SUSHI
Ferskt sushi alla föstudaga

STÓR HUMAR

Fiskikóngurinn er...
Fiskverslun sem gaman er að koma í :)

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


# Búinn að eyða miskabótunum

„Ég er alsæll með lífið. Nú fer ég á einhverja rónabúllu niðrí bæ og býð á línuna,“ segir Ásgeir Þór Davíðsson betur þekktur sem Geiri á Goldfinger.

Geiri vann í gær meiðyrðamál í Hæstarétti á hendur Vikunni vegna greinar sem birtist í ágúst árið 2007 um súlustaði og að vændi væri stundað þar. Einkum var nafn Geira nefnt í tengslum við það og þótti Geira það ómaklegt og ásakanirnar úr lausu lofti gripnar. Málinu tapaði Geiri í undirrétti en vann í gær. Ritstjórinn Guðrún Elín Arnardóttir var sýknuð en blaðamaðurinn Björk Eiðsdóttir var dæmd til að greiða Geira miskabætur upp á hálfa milljón og málskostnað sem nemur 400 þúsundum. Lögmaður Geira er Vilhjálmur H. Vilhjálmsson og er þetta enn eitt málið á hendur Birtingi, útgáfufélagi Vikunnar, sem hann vinnur.

„Ég er löngu búinn að eyða þessum peningum,“ segir Geiri spurður hvað hann ætli að gera við peningana. Hann bendir á að þetta mál hafi kostað sig miklu meira en sem nemur þessum níu hundruð þúsundum. „Það er ekki hægt að leyfa óheiðarlegum blaðamönnum á borð við þennan, sem eru stétt sinni til skammar, að komast upp með dylgjur og óþverrahátt. Mest kemur mér á óvart að Vikan, þetta kvenna-dægurmálablað hafi þarna umturnast í eitthvert sorptímarit,“ segir Geiri og var með það rokinn, harla kátur, niður í bæ að finna einhverja til að halda uppá sigurinn með. **- jbg**



**GEIRI Á GOLDFINGER** Var kátur í gær en þá vann hann í Hæstarétti meiðyrðamál á hendur Vikunni - mál sem hann tapaði í undirrétti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


heima
Nýkomin sending
af leðursófasettum og leðurstólum
25%
25%
25%
25%
25% afsláttur af öllum vörum!
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is
HEIMA HÚSIÐ
mood
heima
BÚUM BETUR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Tæki færi í mars
Bæklingur fylgir með inni í blaðinu í dag
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is





**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar


# *Ég veit af hverju krókódíllinn í púltinu grætur*

Það stirndi af þeim Þresti Leó Gunnarssyni og Birni Thors í hlutverkum bræðranna Coleman og Valene, í *Vestrinu eina* sem sýnt var í Borgarleikhúsinu fyrr í vetur. Bræðurnir búa í krummaskuði á Írlandi og lifa fyrir það eitt að gera hvor öðrum lífið leitt. Sóknarpresturinn hefur hins vegar einsett sér að sýna þeim villur síns vegar, en þegar örvæntingin ber sálusorgarann ofurliði styttir hann sér aldur með þeim skilaboðum að eina leiðin til að forða sálu hans úr víti sé sú að bræðurnir fyrirgefi hvor öðrum hið liðna.

**COLEMAN** og Valene ákveða að láta á reyna og byrja að játa fyrir hvor öðrum það sem þeir hafa gert á hlut hvor annars og biðjast afsökunar. Til að byrja með snúast játningarnar aðallega um bernskubrek en smám saman verða þær sífellt svæsnari. Áður en langt um líður eru bræðurnir farnir að reyna að slá hver öðrum við í játningum á misyndisverkum – allt í nafni fyrirgefningarinnar, sem gerir að verkum að þeir verða ávallt að fallast á afsökunarbeiðnina þótt þeim sé það þvert um geð. Þannig snýst jafnvel fyrirgefningin upp í enn einn pyntingaleikinn hjá Coleman og Valene.

**ÞETTA** er mergjuð sena sem sýnir glögglega hvernig mannskepnan getur hagnýtt sínar göfugustu kenndir í gagnstæðum tilgangi og þegar verst lætur gert úr þeim djöfulleg verkfæri. Og mér var hugsað til þessa leikrits á þriðjudaginn þegar hópur þingmanna breytti ræðupúlti Alþingis í skriftastól og baðst fyrirgefningar á hinu og þessu í aðdraganda bankahrunsins. Ásta Möller reið á vaðið með því að biðjast afsökunar á því að hafa með andvaraleysi sínu brugðist sem kjörinn fulltrúi. Sama dag opnaði hún kosningaskrifstofu. Þetta er ein óskammfeilnasta afsökunarbeiðni sem sett hefur verið fram lengi.

**SKRÍPALEIKURINN** sem fór fram á ræðustólnum í kjölfarið var sama marki brenndur; bænir um fyrirgefningu voru notaðar í pólitískum tilgangi og áttu lítið skylt við iðrun. Það eru fimm mánuðir frá því fjármálakreppan reið yfir af fullum krafti. Það eru tveir mánuðir í kosningar. Hvor tímapunkturinn ætli hafi ráðið meiru um syndajátningarnar á þriðjudag? Ég hallast að þeim síðarnefnda. Rannsóknir sýna að kosningar hafa örvandi áhrif á tárakirtla krókódíla.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 6. mars, 65. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.17 | 13.39 | 19.02 |
| Akureyri | 8.05 | 13.24 | 18.44 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


